FRÉTTABLAÐIÐ

250. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 25. NÓVEMBER 2020

Þjóðleikhúsið stendur nú fyrir verkefninu Samt koma jólin í aðdraganda jólanna en um er að ræða farandleikhóp sem Örn Árnason leikstýrir. Hópurinn fer á milli staða þar sem fólk býr við einangrun vegna faraldursins og setur upp dagskrá. Sungin eru jólalög úr ýmsum áttum, ýmis jólakvæði flutt og þá er einnig settur upp leikþáttur með jólaívafi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir hækkun á gjaldskrá vera óskiljanlega

VIÐSKIPTI Landsnet tilkynnti viðskiptavinum sínum í gær að verðskrá til stórnotenda fyrirtækisins muni hækka um 5,5 prósent á næsta ári. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir hækkunina „óskiljanlega“. „Tímasetningin er með ólíkindum.“

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, tekur í svipaðan streng og segir að hækkunin sýni að breytinga sé þörf á regluverki Landsnets. Þórdís Kolbrún Reykfjörð iðnaðarráðherra segir að frumvarp um breytingar á raforkulögum verði lagt fram á vorþingi, en þar verður tekið tillit til yfirstandandi vinnu um tekjumörk Landsnets og samkeppnishæfni flutningskostnaðar raforku.

– thg / sjá Markaðinn

Verðtryggingin hopar

Ný óverðtryggð íbúðalán bankanna hafa aukist um 282 milljarða frá áramótum. Vægi þeirra nú meira en verðtryggðra lána. Gerir peningastefnuna mun virkari.

VIÐSKIPTI Eftir gríðarlegan vöxt í óverðtryggðum húsnæðislánum til heimila er vægi slíkra óverðtryggðra lána nú í fyrsta sinn í sögunni orðið meira en verðtryggðra lána hjá bönkunum. Vöxturinn er nánast alfarið í lánum á breytilegum vöxtum, en þau hafa aukist um 270 milljarða frá áramótum.

Hlutdeild óverðtryggðra lána er um 52 prósent af íbúðalánasafni þeirra en var til samanburðar 32 prósent í ársbyrjun 2019.

Valdimar Ármann, sérfræðingur hjá Arctica Finance, segir þetta vera „stór tíðindi fyrir íslenskan lánamarkað og mjög jákvæð“ fyrir peningastefnu Seðlabankans. Hann telur að þessi þróun haldi áfram og vægi verðtryggðra lána minnki.

56

milljarða króna lánuðu bankarnir í ný óverðtryggð íbúðalán í október.

„Með vaxtalækkunum núna eru ráðstöfunartekjur heimila að aukast þegar skórinn kreppir að, og þegar kemur að því að framleiðsluslakinn fer úr hagkerfinu og Seðlabankinn þarf að fara að beita vaxtahækkunum aftur munu þær bíta fastar á heimilin en áður.“

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir aukið vægi óverðtryggðra lána, einkum á breytilegum vöxtum, hafa gert peningastefnuna mun virkari.

„Líklegt er að íbúðamarkaður hefði gefið meira eftir og einkaneysla ekki tekið eins við sér í sumar ef þorri heimila væri enn á fastvaxta verðtryggðum lánum, svo dæmi sé tekið.“ **– hae / sjá Markaðinn**

Kyoto-uppgjör kostar Ísland um 200 milljónir

VIÐSKIPTI Kostnaður vegna uppgjörs á skuldbindingum Íslands vegna Kyoto-samkomulagsins gæti numið innan við 200 milljónum króna frekar en áðurnefndum milljörðum, ef marka má gengi svokallaðra CER-einninga sem hægt er að kaupa til að borga fyrir umframmengun Íslands 2008 til 2012.

Halldór Þorgeirsson, formaður loftslagsráðs stjórnarráðsins, segir að CER-einingar séu jafngildar upphaflega útgefnum Kyoto-mengunarkvóta. Ekki er þörf á því að kaupa einingar úr ETS-viðskiptakerfi Evrópusambandsins að sögn Halldórs. Verð ETS-einninga liggur í kringum 25 evrur sem stendur, á meðan CER-einingar kosta innan við eina evru.

– thg / sjá Markaðinn

Mikil ásókn var í sprautu vegna inflúensu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki til bóluefni gegn flensu

HEILBRIGÐISMÁL Bóluefni gegn árlegri inflúensu er búið á landinu en 75 þúsund manns hafa verið bólusett. Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum ,og Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, eru sammála um að mikilvægt sé að fólk hugi áfram vel að sóttvörnum nú þegar mesti flensutími ársins er fram undan til að auka ekki álag á heilbrigðiskerfið.

„Það eru sömu sóttvarnir sem verja menn fyrir inflúensu og fyrir COVID-19 þannig að það er bara mjög mikilvægt að við höldum þeim áfram og minnkum þannig álag á spítalann," segir Jón Magnús.

> **Það var klárlega meiri aðsókn í bóluefni en hefur verið og við höfum reynt að fá meira en það er fullreynt, við fáum ekki meira.**
>
> Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga

Sigríður segir mestan hluta bóluefnisins hafa farið til forgangshópa og að fleiri hafi verið bólusettir í ár en undanfarin ár. „Það var klárlega meiri aðsókn í bóluefni en hefur verið og við höfum reynt að fá meira en það er nú fullreynt, við fáum ekki meira."

Þá segir hún jákvætt að flensan sé ekki enn farin að láta á sér kræla, lítið sé um umgangspestir. „Það virðist vera þannig að þessar almennu sóttvarnir séu að skila því að fólk er að smitast minna," segir Sigríður.

„Það er mikilvægt að við höldum áfram að passa upp á þetta bæði með tilliti til flensunnar og COVID. En svo megum við ekki gleyma því að við eigum lyf sem hægt er að nota ef fólk veikist af flensu og það er til nóg af því," bætir hún við. – **bdj**

Jólatréð komið upp í Kópavogi

Jólatré Kópavogsbæjar var sett upp á sínum stað í gær en hefð er fyrir því að tréð standi fyrir utan Gerðarsafn í miðbænum. Ljósin verða síðan tendruð á trénu við hófstillta og fallega athöfn, þar sem sóttvarna verður gætt í hvívetna, á laugardaginn næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Spítalinn ekki á hættustigi

HEILBRIGÐISMÁL Viðbragðsstjórn og farsóttanefnd Landspítalans ákváðu á fundi sínum í gær að færa Landspítala af hættustigi á óvissustig vegna kórónaveirufaraldursins. Farsóttanefnd mun áfram fylgjast náið með stöðunni og kalla viðbragðsstjórn að borðinu ef þurfa þykir. Tæpar tvær vikur eru síðan spítalinn var færður af neyðarstigi yfir á hættustig.

> **9**
>
> **sjúklingar liggja á sjúkrahúsi með COVID-19.**

Níu einstaklingar liggja nú á Landspítalanum með virka COVID-19 sýkingu. Þrír sjúklingar eru á gjörgæslu og tveir í öndunarvél. Þá eru 172 sjúklingar í eftirliti COVID-19 göngudeildar, þar af 23 börn. – **eþs**

Námsmenn vilja vita sóttkvíarrammann

Íslenskir námsmenn erlendis eru margir að velta því fyrir sér þessa stundina hvernig málum verði háttað varðandi sóttvarnir við heimkomu um jólin. Málin séu flókin og sumir ætla að sleppa því að koma heim vegna flækjustigs.

COVID-19 „Ég hef heyrt í nokkrum sem hafa verið að velta þessu fyrir sér, hvenær þeir þurfa að vera komnir heim upp á sóttkví og annað," segir Haukur Logi Karlsson, formaður SÍNE, sambands íslenskra námsmanna erlendis, en hann hefur rætt við þó nokkra íslenska námsmenn sem staddir eru erlendis og segir fyrstu spurningu yfirleitt vera hvenær viðkomandi þurfi að koma heim til að halda jólin.

Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá almannavörnum, sagði á upplýsingafundi í vikunni að Íslendingar sem eru búsettir erlendis og ætla að koma heim yfir jólin þurfi að koma heim eigi síðar en 18. desember til að sleppa við sóttkví um jólin. Fólk sem flýgur hingað til lands þarf að velja milli þess að fara í tvöfalda skimun með fimm daga sóttkví á milli eða 14 daga sóttkví. Víðir benti einnig á að yfirvöld væru vel í stakk búin til að taka á móti auknum fjölda í kringum jólin.

Haukur segir að eitt sé að komast heim og ná jólunum en að fara aftur út og fara þá aftur í sóttkví geti flækt stöðuna. Ef Ísland fer á grænan lista Evrópusambandsins í kjölfarið á því að smitum hafi fækkað mikið að undanförnu geti það þó leyst mörg vandamál námsmanna erlendis.

„Flestir íslenskir námsmenn eru staddir í Skandinavíu, Bretlandi og Bandaríkjunum og svo er svolítið stór hópur af læknanemum í Ungverjalandi. En svo er fólk reyndar út um allt og það eru Íslendingar víða í námi," segir Haukur.

Hann segir að hann geti ímyndað sér að þetta námsár hafi verið mörgum þungt í skauti enda hafi COVID sett allt skólastarf um allan heim úr skorðum. „Ég held að þetta sé búið

Námsmenn erlendis hafa þurft að takast á við hindranir og jafnvel einangrun fjarri fjölskyldu og hlakka til að koma heim um jól. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Ég held að þetta sé búið að vera strembið hjá ansi mörgum. Fólk náði að koma sér út en svo lentu margir í því að skólunum var hreinlega lokað og viðkomandi þarf þá að fara í fjarnám fastur inn í lítilli íbúð sem er verið að leigja.**
>
>
>
> Haukur Logi Karlsson, formaður SÍNE

að vera strembið hjá ansi mörgum. Fólk náði að koma sér út en svo lentu margir í því að skólunum var hreinlega lokað og viðkomandi þarf þá að fara í fjarnám fastur inni í lítilli íbúð. Viðkomandi hittir varla neinn, hefur ekkert stuðningsnet og upplifir ekkert félagslíf. Þetta er búið að vera erfitt ástand hjá mörgum. Það er öðruvísi að vera hér á Íslandi þar sem stuðningsnetið er með fjölskyldu og vini. Námsmenn erlendis þurfa að standa á eigin fótum og sækja þá yfirleitt í félagsskap frá öðrum samnemendum. Síðan er skólanum lokað."

Hann veit til þess að margir hafi frestað námi sínu eða hrökklast úr náminu sökum ástandsins. „Ég held að margir námsmenn hafi séð í hvað stefndi og frestað námi. Stefndu á að fara í mastersnám eða annað styttra nám og slógu því á frest. Svo hefur maður heyrt af námsmönnum sem fóru út en hafa komið aftur heim vegna ástandsins."

benediktboas@frettabladid.is

SVARTUR
FÖSSARI
AÐEINS Á ELKO.IS
NÝ TILBOÐ
Á HVERJUM DEGI
Á ELKO.IS

ELKO

Falið að skoða skipun stjórna í samstæðu OR

ORKUMÁL Tveimur stjórnarmönnum í Orkuveitu Reykjavíkur, Eyþóri Arnalds fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Sigríði Rut Júlíusdóttur fulltrúa meirihlutans í borgarstjórn, var í október falið „að afla utanaðkomandi greiningar á mismunandi valkostum ásamt kostum og göllum þess að hafa meirihluta stjórnarmanna dótturfélaga sjálfstæða frá öðrum félögum í samstæðu OR“, eins og segir í fundargerð stjórnar OR.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær lagði Eyþór til í stjórn OR ásamt samflokkskonu sinni, Hildi Björnsdóttur, að skoðuð yrði sú „sviðsmynd að OR verði lagt niður í núverandi mynd og verkefni verði flutt til dótturfélaga“ til að gera þau sjálfstæðari.

„Ábendingar Innri endurskoðunar Reykjavíkur benda til þess að sjálfstæði einstakra eininga innan samstæðu OR kunni að vera ábótavant hvað varðar skipan stjórna. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur fallist á þessi sjónarmið,“ bókuðu þau Hildur og Eyþór. Rétt væri því ö endurskoða skipan stjórna dótturfélaganna. „Sú tilhögun að viðhalda OR sem sérstöku móðurfélagi með samstæðu í óbreyttri mynd getur valdið hagsmunaárekstrum þar sem stoðeiningar og stefnumótun er sameiginleg.“ **– gar**

Aukning hefur orðið á ofbeldi á heimilum

LÖGREGLA Fram kemur í afbrotatölfræði Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir október að embættinu hafi borist 655 tilkynningar um heimilisofbeldi það sem af er þessu ári.

Það er 12 prósenta aukning á meðaltali tilkynninga frá sama tímabili síðustu þriggja ára. Þá bárust tæplega tvöfalt fleiri tilkynningar í október um kynferðisbrot en í september.

Tilkynningar vegna kynferðisbrota í síðasta mánuði voru 30, en tilkynnt var um 17 kynferðisbrot í september. Það sem af er ári hafa borist um 27 prósent færri tilkynningar um slík brot en að meðaltali árin 2017 til 2019.

Alls voru skráð 848 hegningarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu í október en tilkynningum hefur fjölgað frá mánuðinum þar á undan þegar tilkynnt var um 787 brot. **– hó**

Úrskurðarnefnd vátryggingarmála telur lögregluna bera ábyrgð á tjóni sem verður á lögreglubílum í eltingaleikjum við ökufanta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lögreglan stefnir Sjóvá vegna tjóns sem hlaust af ofsaakstri

Réttaróvissa ríkir um ábyrgð á tjóni lögreglubíla sem til kemur vegna eftirfarar og stöðvunar ökumanna sem hlýða ekki fyrirmælum lögreglu. Lögreglan vill fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu ökumanns sem veitt er eftirför. Tryggingafélagið segir hins vegar lögreglu valda tjóni af ásetningi og hafnar bótaábyrgð.

DÓMSMÁL Ríkislögreglustjóri hefur stefnt tryggingafélaginu Sjóvá Almennum vegna tjóns sem varð á lögreglubíl er lögregla veitti bíl eftirför sem ekið var á ofsahraða á Miklubraut 2018.

Ágreiningur er um hvort tjón sem verður á lögreglubílum við slíkar aðstæður falli undir ábyrgðartryggingu þess bíls sem veitt er eftirför, en úrskurðarnefnd vátryggingarmála komst að þeirri niðurstöðu í fyrra að lögregla þurfi að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af hlutverki hennar við að halda uppi lögum og reglu.

Málsatvik eru rakin í úrskurði nefndarinnar en þar segir að eftirför lögreglu hafi hafist á Miklubraut þar sem maðurinn ók á 170 kílómetra hraða í júní 2018. Umferð þurfti að sveigja frá til að forðast slys og veitti lögregluvarðstjóri lögreglumönnum heimild til að aka á bíl mannsins til að freista þess að stöðva ferð hans. Það var fyrst reynt á hringtorgi við Vesturlandsveg, án árangurs, og setti lögreglan á Vesturlandi þá naglamottu á veg í Kjósarskarði. Við það dró aðeins úr hraðanum. Lögreglubíll ók síðan þétt upp að afturenda bíls mannsins, nýtti skriðþunga sinn og ýtti honum, þannig að bíllinn snerist og fór út af veginum.

Lögreglan taldi Tryggingafélag hins brotlega ökumanns eiga að bæta tjón sem varð á lögreglubílnum vegna aðgerðarinnar. Ökumaðurinn hafi gerst brotlegur við fjölmörg ákvæði umferðarlaga, ekki sinnt stöðvunarmerkjum og lagt sjálfan sig og aðra í stórhættu. Hann hafi sýnt af sér vítavert gáleysi og aðgerðir lögreglu verið eðlilegar miðað við aðstæðurnar sem sköpuðust. Ökumaðurinn beri því ábyrgð á því tjóni sem hlaust af.

Vísar lögreglan einkum til 15. greinar lögreglulaga sem heimili lögreglu að grípa til nauðsynlegra ráðstafana á kostnað manns til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu og 19. greinar um skyldu almennings til að hlýða fyrirmælum sem lögregla gefi.

> **Ágreiningur lögreglunnar og Sjóvár um ábyrgð á tjóni sem til kemur í eftirför lögreglu þegar ökumaður virðir ekki tilmæli er komið til meðferðar hjá dómstólum.**

Umrætt tryggingafélag benti hins vegar á að lögreglan hefði ekið á bílinn af ásetningi, þrátt fyrir að fyrirsjáanlegt væri að tjón hlytist af. Úrskurðarnefndin tók undir það og komst að þeirri niðurstöðu að lögreglan ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bíls ökufantsins.

Nokkrum mánuðum eftir að þessi úrskurður var kveðinn upp tók úrskurðarnefndin annað svipað mál til úrskurðar. Þá var um að ræða tvo lögreglubíla sem freistuðu þess að stöðva för ökumanns sem var á númerslausum bíl og virti ekki stöðvunarmerki lögreglu. Hann hafði ekið á allt að 140 kílómetra hraða og gerst sekur um fjölda annarra umferðarlagabrota, til dæmis svigakstri milli akreina og annarra bifreiða. Eftir töluverða eftirför hafi öðrum lögreglubílnum verið komið fyrir sem tálma fyrir framan bílinn, sem ók beint inn í hliðina á lögreglubílnum og stöðvaðist svo. Við það hafnaði hin lögreglubifreiðin óhjákvæmilega aftan á bílnum.

Líkt og í fyrra málinu hafnaði tryggingafélag ökufantsins bótaskyldu vegna þess tjóns sem varð á lögreglubílunum, með vísan til ásetnings lögreglunnar og féllst úrskurðarnefndin aftur á það mat.

Með málshöfðun sinni leitast ríkislögreglustjóri við að eyða réttaróvissu um ábyrgð á tjóni lögreglunnar af aðgerðum sem þessum. Málið hefur þegar verið þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og stendur gagnaöflun yfir.

adalheidur@frettabladid.is

BLACK FRIDAY TILBOÐ

Tilboðin gilda frá 25. nóvember til 1. desember

Jara er stílhreinn og þægilegur sófi

Jara er nútímalegur þriggja sæta sófi í skandinavískum stíl. Sessurnar eru notalegar, áklæðið mjúkt viðkomu og einstaklega endingargott (100.000 martindale).



Jara / Með dökkgráu anthracite tauáklæði

Verðlistaverð: 214.000 kr.

Black Friday tilboðsverð:

129.000 kr.

vitra.

Eames DSR - Charles & Ray Eames, 1950

Verðlistaverð: 54.900 kr.

Black Friday tilboðsverð:

39.900 kr.

vitra.

Coffee table / Isamu Noguch, 1944

Verðlistaverð: 349.900 kr.

Black Friday tilboðsverð:

249.900 kr.

HermanMiller

Cosm / Studio 7.5

Verðlistaverð: 320.980 kr.

Black Friday tilboðsverð:

199.000 kr.

- 20% eða meira af **öllum** skrifborðsstólum

FJÖLDI TILBOÐA Á: penninn.is/is/HD

Opið virka daga 8:00–18:00. Skeifunni 10, Reykjavík Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði www.penninn.is
Opið á laugardögum til jóla frá 11:00- 15:00 í Skeifunni 10. Aðrir opnunartímar á penninn.is

PENNINN Húsgögn

Svandís ætlar ekki að skerða þjónustu við sjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skerðing þjónustu ekki í farvatninu á Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir að skerðing þjónustu við sjúklinga á Landspítalanum komi ekki til greina sem hluti af hagræðingaraðgerðum.

Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar, sagði í samtali við blaðið í gær að á næsta ári verði 4,1 milljarði bætt við rekstur spítalans, aðhaldskrafan sé 400 millljónir króna. Það sé verkefni forstjóra spítalans og ráðherra að finna út úr því hvernig takast eigi á við uppsafnaðan halla.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum stendur spítalinn frammi fyrir 4,3 milljarða króna hagræðingarkröfu þegar tekið sé mið af uppsöfnuðum halla síðustu ára. Fresta hafi þurft hluta hagræðingaraðgerða í ár vegna COVID-19 faraldursins, en með því að fá lengri tíma til að vinna upp hallann verði hallinn 1,4 milljarðar á næsta ári.

Samkvæmt heilbrigðisráðuneytinu mun Landspítalinn fá á móti 1,3 milljarða til samræmis við öldrun þjóðarinnar, auk viðbótarfjármagns vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Í svari við fyrirspurnum þingmanna Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata á Alþingi í gær, sagði Svandís að Landspítalinn hefði verið meðvitaður um hallann. Þá sé aðhaldskrafan, 0,5 prósent, lögð þvert á allar heilbrigðisstofnanir landsins. Það hafi legið fyrir frá upphafi faraldursins að allur sá viðbótarkostnaður yrði bættur. Hyggst hún funda með forsvarsmönnum spítalans á næstu dögum. **– ab**

ODDUR GOLFKLÚBBURINN ODDUR

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds 2020

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds verður haldinn í golfskálanum í Urriðavatnsdölum fimmtudaginn 3. desember kl. 20:00*.

Dagskrá:
- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
- Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
- Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
- Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
- Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
- Kosning þriggja manna í kjörnefnd.
- Önnur málefni ef einhver eru.

Stjórn Golfklúbbsins Odds.

*Tekið verður tillit til þeirra samkomutakmarkana sem í gildi verða þann 3. desember. Við gerum ráð fyrir að fundurinn verði rafrænn og kosning fari fram rafrænt. Til að taka þátt í kosningu þarf að skrá sig á fundinn og allar upplýsingar um hvernig það fer fram verða sendar út í tölvupósti á félagsmenn og einnig verða þær aðgengilegar á heimasíðu GO, oddur.is.

TF-GRÓ er eina björgunarþyrlan sem er til taks fyrir Gæsluna en hún fer í viðhald í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Björgunarþyrluleysi er nú sagt óumflýjanlegt

Engin björgunarþyrla verður til taks á Íslandi í minnst tvo daga jafnvel þótt ríkið næði samningi við flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni. Dönsk varðskip eru ekki við Ísland og ekki í boði að nýta þyrlusamning Gæslunnar við Dani.

LANDHELGISGÆSLAN „Þessi staða er auðvitað grafalvarleg," segir Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslu Íslands, um þá stöðu að frá miðnætti í kvöld verður engin björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar til reiðu í að minnsta kosti tvo sólarhringa.

Flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni hafa verið í verkfalli frá 5. nóvember. Svokallaðir spilmenn í áhöfnum björgunarþyrla Gæslunnar sem eru flugvirkjar eru þó ekki í verkfalli og hafa þeir getað haldið í notkun einu flughæfu þyrlunni, TF-GRÓ. Nú er hins vegar komið að reglubundnu viðhaldi á þyrlunni. Það geta spilmennirnir annast en það tekur minnst tvo sólarhinga að ljúka því.

„Undanfarnar vikur höfum við haft eina þyrlu til taks, TF-GRÓ. Við höfum lagt allt kapp á það að hún sé útkallshæf og fær til þess að sinna neyðarþjónustu. En nú liggur fyrir að á miðnætti þarf hún að fara í reglubundna skoðun sem tekur að lágmarki tvo daga. Þar af leiðandi verður engin þyrla til taks á meðan," útskýrir Ásgeir.

Tvær aðrar þyrlur Gæslunnar eru úr leik. TF-EIR er í viðhaldi og hin 34 ára gamla TF-LÍF hefur verið sett á sölu og verður ekki notuð af Gæslunni framar.

„Þegar verkfallið skall á þá var TF-EIR í viðhaldi og þessar tæpu þrjár vikur sem verkfallið hefur staðið yfir hefur engin viðhaldsvinna getað farið fram á TF-EIR. Upphaflega áætlunin var sú að TF-EIR hefði átt að vera tilbúin þegar TF-GRÓ færi í þessa viðhaldsskoðun sem hún er að fara í," segir Ásgeir.

> **Flugvirkjum standa auðvitað til boða sömu launahækkanir og aðrir opinberir starfsmenn hafa fengið.**

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra

Ýmislegt getur komið upp á við skoðunina og hún tekið lengri tíma en tvo daga, sem Ásgeir kveðst auðvitað vonast til að verði ekki.

„Auðvitað er það ekki kjörstaða að hafa aðeins eina björgunarþyrlu til taks en það er grafalvarleg staða að hafa enga þyrlu til taks. Og það er sömuleiðis alvarlegt að þessi viðhaldsþörf eykst með hverjum degi og vandamálið stækkar þar af leiðandi," segir Ásgeir.

Í yfirlýsingu Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er skorað á samninganefnd „að leita allra leiða til að ná samningum við flugvirkja Landhelgisgæslunnar og koma í veg fyrir grafalvarlegt ástand sem skapast þegar keðja neyðarþjónustu er rofin".

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra tekur undir þessar áhyggjur. „Flugvirkjum standa auðvitað til boða sömu launahækkanir og aðrir opinberir starfsmenn hafa fengið og það er miður að ekki hafi náðst að semja," segir hún.

Áslaug segir valkosti í stöðunni hafa verið rædda í ríkisstjórn í gær. Lög á verkfallið væru ein af leiðunum. Hún átti einnig fund með Georg Lárussyni, forstjóra Landhelgisgæslunnar. „Hann ætlar að skila mér ítarlegri greiningu á langtímaafleiðingum ef þetta stendur lengur yfir," segir ráðherrann.

Ekki er að vænta aðstoðar á næstu dögum frá Dönum sem hafa lánað Landhelgisgæslunni þyrlur af varðskipum sínum. „Landhelgisgæslan er með samning við Dani og þyrlur dönsku varðskipanna hafa gjarnan verið til taks fyrir Landhelgisgæsluna ef eftir því hefur verið leitað, en sá möguleiki er ekki fyrir hendi nú þar sem danskt varðskip er ekki í nágrenni við Ísland," segir Ásgeir Erlendsson.

gar@frettabladid.is
einarthor@frettabladid.is

Strætó- og stofnleiðir settar í forgang

SKIPULAGSMÁL Strætó- og stofnleiðir eru í forgangi þegar saltað og sandað er í Garðabæ, Reykjavík, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ekki barst svar frá Seltjarnarnesbæ og Kópavogi.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær var mikið um hálkuslys um liðna helgi þegar um 30 manns leituðu til bráðamóttöku vegna slíkra slysa. Þá barst blaðinu fjöldi ábendinga um að misvel væri staðið að söltun og söndun í sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Í Reykjavík „er alltaf saltað og sandað á öllum aðalleiðum en tekur lengri tíma að fara yfir allar gangstéttir og göngustíga". Um liðna helgi voru stofnleiðir settar í forgang en ekki var saltað í húsagötum.

Byrjað verður á því að salta strætó- og stofnleiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í Hafnarfirði var unnið lengur en vanalega vegna mikillar hálku í bænum og aðfaranótt mánudags hófst vinna við hálkuvarnir klukkan 04.30 og var alla helgina lögð áhersla á varasama staði, aðalgötur og tengingar milli bæjarhluta. Í Mosfellsbæ voru strætóleiðir, stofngötur og tengigötur saltaðar, „ásamt samgöngu- og öðrum tengistígum innan þéttbýlis Mosfellsbæjar".

Þá var í Garðabæ saltað á öllum strætóleiðum, aðalgötum og brekkum í húsagötum, bæði á laugardag og sunnudag. „Markmiðið er að stofnbrautir, strætisvagnaleiðir, fjölfarnar safngötur, bílaplön við stofnanir, stofnanalóðir og aðkoma að skólum og leikskólum sé orðin greiðfær fyrir kl. 7.30 að morgni. Í framhaldi er oft farið í húsagötur."

Kostnaður borgarinnar við snjóhreinsun og hálkueyðingu eftir veturinn 2018-2019 nam tæpum 694 milljörðum króna en kostnaðurinn er breytilegur milli ára og fer að mestu eftir veðurfari. **– bdj**

Teljum niður í Svartan föstudag

June 2gja sæta sófi frá Primavera

Verð á svörtum föstudegi

97.860 kr.

Fullt verð 139.800 kr.

30% AFSLÁTTUR

Húsgögn | Rúm | Hægindastólar | Stillanleg rúm

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Markaður með greiðslumark í sauðfé haldinn

LANDBÚNAÐUR Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur tilkynnt ákvörðun sína um að halda auka innlausnarmarkað með greiðslumark í sauðfé.

Markaðurinn sem haldinn er að tillögu Landssamtaka sauðfjárbænda verður haldinn í desember næstkomandi. Markmiðið með þessum markaði er að jafna stöðu bænda innan kerfisins, þar sem greiðslumarki er beint til hópa sem framleiða með minnstum opinberum stuðningi.

Til sölu verður greiðslumark sem innleyst var á árunum 2017 og 2018, samtals 4.757 ærgildi, auk þess sem heimilt verður að leggja fram sölutilboð með sama hætti og venjulega. Innlausnarverð/söluverð er núvirt andvirði beingreiðslna næstu tveggja almanaksára, 12.764 krónur á hvert ærgildi.

Forgang að kaupum á 60% af því sem er til úthlutunar eiga þeir framleiðendur sem eiga 200 kindur eða fleiri á haustskýrslu 2019 og hafa ásetningshlutfallið 1,6 eða hærra.

Forgang að því sem þá er eftir hafa þeir framleiðendur sem eiga 100 kindur eða fleiri og hafa ásetningshlutfallið einn eða hærra. Það greiðslumark sem ekki er úthlutað til framleiðenda í forgangshópum skal boðið öðrum umsækjendum.

Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á afurd.is. Opnað verður fyrir kaup- og sölutilboð í dag. Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 3. desember. Greiðslufrestur vegna kaupa á greiðslumarki er síðan til 10. desember. **– hó**

Tveir nýir leikskólar væntanlegir

REYKJAVÍK Tveir nýir leikskólar verða opnaðir á næstunni í Reykjavík, einn í Safamýri og annar á Kleppsvegi. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, segir að stefnt verði að því að opna leikskólann í Safamýri haustið 2021.

„Borgin á húsnæðið þar sem Safamýrarskóli var áður. Það þarf að ráðast í endurbætur en ástandsskoðun er hafin og við fáum skýrslu á næstu vikum. Síðan verður hægt að ráðast í framkvæmdir eftir áramót og gera hann hæfan til að taka á móti leikskólabörnum," segir Skúli. „Borgin keypti svo núverið húsnæði við Kleppsveg sem verður breytt í leikskóla. Með þessum leikskólum bætast við rúmlega 200 pláss sem voru ekki í upphaflega verkefninu."

> **Með þessum leikskólum bætast við rúmlega 200 pláss sem voru ekki í upphaflega verkefninu.**
>
> Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur

Með þessum nýju leikskólum verða plássin orðin rúmlega 1.000. Dalskóli er þegar kominn í notkun. Fyrir utan leikskólana í Safamýri og á Kleppsvegi er bygging þriggja annarra í undirbúningi. Meira en 500 börn yfir eins árs eru á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík.

Skóla- og frístundaráð samþykkti einróma á fundi sínum í gær að heimila leikskólum, sem hafa laus leikskólarými og hafa boðið öllum eldri börnum umsókn um leikskólavist að innrita yngri börn, allt niður í 12 mánaða aldur. **– ab**

Fangelsun foreldris leysi ekki vanda í tálmun á umgengni

Umboðsmanni barna hugnast ekki áherslan sem birtist í frumvarpi Brynjars Níelssonar um aðgerðir vegna tálmunar á umgengni foreldris við barn. Salvör telur heillavænlegra að auka þjónustu við foreldra í aðdraganda skilnaðar. Hún gagnrýnir að þeim standi fá úrræði til boða fyrr en komið er í óefni.

STJÓRNMÁL Frumvarp Brynjars Níelssonar og nokkurra annarra þingmanna Sjálfstæðisflokksins um refsingu við tálmun eða takmörkun á umgengni foreldris við barn, fer í bága við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að mati Umboðsmanns barna. Þetta kemur fram í umsögn embættisins við frumvarpið.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að tálmun eða takmörkun á umgengni sem ákveðin hefur verið með úrskurði, dómi eða dómsátt foreldra, varði allt að fimm ára fangelsi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að á árunum 2007–2016 hafi 639 úrskurðir um umgengni barna verið kveðnir upp hjá embættum sýslumanna, en 2.078 umgengnismálum lokið með samkomulagi.

Á sama tímabili hafi 550 kröfur um beitingu dagsekta til að þvinga fram umgengni verið lagðar fram og 107 úrskurðir um beitingu dagsekta kveðnir upp hjá sýslumannsembættum. Í níu tilfellum hafi foreldri gert kröfu um aðför til að koma á umgengni hjá embættum sýslumanna.

Umboðsmaður tekur undir að það geti verið mjög íþyngjandi fyrir börn þegar koma þarf umgengni á með aðför. Hún áréttar hins vegar að fangelsisvistun foreldris sé ekki til þess fallin að leysa úr þeim vanda sem til staðar er, þegar annað foreldrið ásakar hitt um að tálma umgengni við barn.

„Í því felst engin lausn á þeim alvarlega vanda þegar velferð barns er stefnt í hættu á heimili annars foreldris þess, og það er sannarlega ekki lausn á þeim vanda þegar ásökun um tálmun á umgengni er ein birtingarmynd langvarandi ágreinings foreldra um málefni barns," segir í umsögninni.

Umboðsmaður vísar til ákvæðis í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem ætlað er að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, en sambærilegt ákvæði er í stjórnarskrá lýðveldisins. Umboðsmaður segir frumvarpið andstætt þessum markmiðum Barnasáttmálans og því sé ekki hægt að mæla með samþykkt þess.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna, telur hugmyndir Brynjars og félaga hans í Sjálfstæðisflokknum, gegn tálmun á umgengni foreldris við börn, ekki vera til bóta. Aukin þjónusta sé heillavænlegri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það er ekki hægt að segja að þetta sé brot gegn barni, en hafa svo engin viðurlög.**
>
> Brynjar Níelsson, alþingismaður



„Það er ekki hægt að segja að þetta sé brot gegn barni, en hafa svo engin viðurlög," segir Brynjar Níelsson, inntur eftir viðbrögðum við umsögn umboðsmanns.

Þótt umboðsmaður styðji ekki frumvarpið er í umsögn hans lögð áhersla á að veruleg þörf sé fyrir betri þjónustu og fleiri úrræði til að sporna gegn aðstæðum sem valdi því að barn fái ekki að njóta umgengni við báða foreldra.

Foreldrum í þessari stöðu standi yfirleitt engin þjónusta til boða fyrr en eftir að ágreiningur er kominn upp. Langur biðtími geri málin enn flóknari og erfiðari þegar þau komi loks til meðferðar.

Að mati umboðsmanns þurfi að veita foreldrum aðstoð strax í aðdraganda skilnaðar eða sambúðarslita, til að komast að niðurstöðu um þau atriði sem varði samvinnu um uppeldi barns á tveimur heimilum eins og um lögheimili, forsjá og umgengni.

Þannig megi koma í veg fyrir togstreitu milli foreldra sem valdið geti börnum mikilli vanlíðan og streitu og þar að auki komið í veg fyrir að þau fái ekki að njóta umönnunar beggja foreldra.

adalheidur@frettabladid.is

Fengu ekki að vita af tæmingu Árbæjarlónsins

REYKJAVÍK Hvorki stjórnendur Náttúrufræðistofnunar né Umhverfisstofnunar vissu af tæmingu Árbæjarlóns fyrr en daginn sem hún var framkvæmd.

Náttúrufræðistofnun telur að Orkuveita Reykjavíkur hefði átt að leita álits Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar áður en lónið var tæmt. Elliðaárdalur og Elliðavatn eru á náttúruminjaskrá og þar sem um var að ræða varanlega breytingu á náttúru svæðisins hefði verið best að hafa samráð við stofnanirnar.

Þetta kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar um tæmingu Árbæjarlóns, sem Björn Gíslason borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins óskaði eftir.

Orkuveita Reykjavíkur hefur séð um rekstur Árbæjarstíflu í 100 ár en rafmagn hefur ekki verið unnið í Elliðaárvirkjun frá árinu 2014 og hefur því stíflan verið rekin á tapi síðustu ár.

OR ákvað, eftir ráðleggingar frá Hafrannsóknastofnun, Verkís og aðkomu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, að tæma lónið varanlega til að koma á náttúrulegu rennsli í gegnum stífluna svo fiskar gætu gengið upp. Var það framkvæmt þann 29. október.

Náttúrufræðistofnun segist hafa fengið einn tölvupóst þann 12. október, sem tengdist tæmingu lónsins en ekki hafi verið gengið eftir því.

„Gert er ráð fyrir að tæma svokallaðan andapoll sem er uppistöðulón ofan Árbæjarstíflu í lok mánaðarins eftir ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar þess efnis og vera með „náttúrulegt" rennsli í ánni allt árið um kring. Ég óska eftir að fá álit á áhrif þess á fuglalíf sem hefur myndast í kringum þetta uppistöðulón. Það má endilega hafa samband við mig þegar þessi póstur ratar á réttan stað," segir í tölvupósti OR.

Pósturinn hafi fyrir mistök verið flokkaður sem almenn fyrirspurn um fuglalíf og ekki skráður með lokadagsetningu. Náttúrufræðistofnun svaraði ekki erindinu fyrr en daginn sem lónið var tæmt. Þá hafi aðili frá Umhverfisstofnun haft samband við Náttúrufræðistofnun og spurt hvort þau hefðu haft aðkomu að málinu, sem þau gerðu ekki. Náttúrufræðistofnun er heldur ekki kunnugt um hvort leitað var álits Umhverfisstofnunar.

„Áður en til tæmingar lónsins kom hefði verið eðlilegt að tryggja að allir þeir aðilar sem eiga að koma

Árbæjarlón var tæmt í lok október síðastliðins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að málinu hefðu gert það. Að öðru leyti sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við feril málsins, enda annarra að taka á því samkvæmt lögum," segir í umsögninni.

Íbúar hafa lýst yfir óánægju vegna tæmingar lónsins en þeir fengu enga almennilega kynningu fyrr en greint var frá tæmingu í fjölmiðlum. Orkuveita Reykjavíkur ætlaði að senda kynningarbréf á alla íbúa í Árbæ þann 26. október, þremur dögum fyrir tæmingu, en þann 28. október kom í ljós að bréfið hefði aldrei farið út.

Borgarráð hefur skipað sérstakan stýrihóp sem vinnur að mótvægisaðgerðum í kjölfar tæmingar Árbæjarlóns. Fyrsti fundur hópsins verður í vikunni.

ingunnlara@frettabladid.is

NÁTTÚRULEGA HREINT

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT – ENGU LÍKT

Íslenskt lambakjöt er engu líkt. Þar spilar saman aldalöng ræktunaraðferð íslenskra bænda og óspillt íslensk náttúra þar sem hreint vatn, iðjagrænt gras, lyng, ber og villtar kryddjurtir eins og rauðsmári, blóðberg, stör, víðir, gullintoppa og hvönn eru á matseðlinum. Útkoman er lungamjúkt kjöt með fínni áferð sem er náttúrulega ríkt af Omega-3 og járni, sjálfkryddað af íslenskri náttúru.

Njótum þess besta sem við eigum, og borðum íslenskt – náttúrulega.



Vill koma í veg fyrir annað Ischgl-mál

ÞÝSKALAND Markus Söder, forsætisráðherra Bæjaralands, hyggst loka skíðasvæðunum í fylkinu yfir hátíðirnar til þess að „koma í veg fyrir annað Ischgl“. Ischgl er skíðaþorpið austurríska þar sem fjölmargir smituðust af COVID-19 í upphafi árs, þar á meðal tugir Íslendinga. Stendur nú yfir málarekstur austurrísku neytendasamtakanna VSV, vegna yfirhylmingar yfirvalda í Týról-héraði og valdamikilla skíðalyftufyrirtækja.

Við getum ekki farið í þessi sígildu skíðaferðalög.

Markus Söder, forsætisráðherra Bæjaralands

„Við getum ekki farið í þessi sígildu skíðaferðalög,“ sagði Söder fyrir fund með Angelu Merkel kanslara um hertar samkomutakmarkanir. „Helst myndi ég vilja sjá samrýmdar reglur í Evrópu, að skíðalyfturnar yrðu lokaðar og engin skíðaferðalög neins staðar.“

Bæjaraland er rétt eins og Austurríki afar vinsælt skíðasvæði, sérstaklega um hátíðirnar. Lýsti Söder áhyggjum af því að Þjóðverjar myndu fara yfir landamærin til Austurríkis á skíði. Minnti hann á reglur um sóttkví enda sé Austurríki skilgreint sem áhættusvæði vegna COVID-19. „Ef við ætlum að halda landamærunum opnum verður að vera samkomulag um skíðaferðalög. Annars verður þetta erfitt,“ sagði hann. **– khg**

Handteknir fyrir morð á níu mormónum

MEXÍKÓ Maður sem lögreglan hefur nefnt Roberto N var handtekinn á mánudag, ásamt tveimur öðrum, grunaður um morð á níu meðlimum mormónasafnaðar á síðasta ári. Maðurinn er talinn leiðtogi eiturlyfjahringsins La Linea, sem eru undirsamtök hins volduga Juarez-hrings í norðurhluta Mexíkó. Gengur hann undir viðurnefninu „hinn mállausi“.

Meðal fórnarlambanna voru sex börn.

Fórnarlömbin voru þrjár konur og sex börn sem tilheyrðu LaBaron-söfnuðinum, sem klauf sig frá hinni opinberu mormónakirkju í Bandaríkjunum snemma á 20. öldinni og flutti sig um set til Mexíkó. Fórnarlömbin voru öll með bæði mexíkóskan og bandarískan ríkisborgararétt.

Þann 4. nóvember voru konurnar á ferð með börnin sín nálægt borginni Chihuahua þegar byssumenn hófu skothríð á bíla þeirra. Alls voru 14 börn í bílunum og átta þeirra komust lífs af.

Talið er að meðlimir La Linea séu að stórum hluta fyrrverandi lögreglumenn sem Roberto hafi fengið til liðs við sig. Ástæða árásarinnar er lögreglunni ekki kunn, en grunur leikur á að byssumennirnir hafi haldið að í bílunum væru meðlimir annars eiturlyfjahrings.

Roberto og vitorðsmenn hans tveir hafa verið fluttir til höfuðborgarinnar Mexíkóborgar. Áður höfðu tveir aðrir meðlimir La Linea verið handteknir í tengslum við morðin. **– khg**

Átökin í undirheimunum hafa sprottið fram á sjónarsviðið

Líkamsárásir, hótanir og íkveikjur hafa einkennt átök sem átt hafa sér stað í undirheimum Reykjavíkur síðustu daga. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu réðst í aðgerðir fyrir helgi og handtók tvo menn með aðstoð sérsveitarinnar. Leit stendur yfir að tvítugum manni sem grunur er um að hafi tekið þátt í átökunum.

LÖGREGLUMÁL Mikil ólga hefur verið síðustu daga í undirheimum Reykjavíkur eftir að 28 ára fyrrverandi MMA bardagamaður birti myndband af sér að ganga í skrokk á tvítugum pilti.

Í kjölfarið hafa ýmis myndbönd sem sýna ofbeldi og slagsmál farið í dreifingu á samfélagsmiðlum, bensínsprengjum verið kastað í að minnsta kosti tvær íbúðir og hótanir flogið á víxl á opinberum vettvangi.

Upphaflega atvikið milli bardagamannsins og tvítuga piltsins átti sér stað helgina 14. til 15. nóvember. Bardagamaðurinn birti sjálfur myndband af átökunum á Facebook-síðu sinni seinnipart sunnudags þann 15. nóvember. Samkvæmt ummælum piltsins á samfélagsmiðlum voru fleiri viðstaddir á meðan á árásinni stóð og voru einhverjir þeirra með hnífa, sem gerði honum erfitt fyrir að verja sig. Bardagamaðurinn var í kjölfarið handtekinn og vistaður í fangaklefa en sleppt tveimur dögum seinna.

Ástæða árásarinnar virðast vera deilur bardagamannsins við föður piltsins en sá hinn sami var meðal annars dæmdur fyrir fíkniefnainnflutning árið 2000.

Árásin er einstaklega gróf og sýnir bardagamanninn sparka margoft í piltinn. Það vakti einnig óhug margra að heyra bardagamanninn hóta piltinum kynferðislegu ofbeldi er hann biður félaga sinn um að fara með hann inn á klósett og níðast á honum kynferðislega.

Hinn tvítugi piltur hótaði hefndum gegn bardagamanninum á Facebook-vegg hans og rifust þeir opinberlega í athugasemdum undir myndbandi af árásinni áður en myndbandið var fjarlægt.

Tveimur dögum eftir að bardagamaðurinn var handtekinn, þriðjudaginn 17. nóvember, kviknaði eldur í íbúð hans í Úlfarsárdal. Hann var ekki heima þegar eldurinn kom upp og fóru af stað miklar vangaveltur um hvort þetta væri hefndaraðgerð fyrir líkamsárásina.

Á miðvikudeginum fór í dreifingu myndband sem sýnir tvo hettuklædda menn kasta bensínsprengju inn í gegnum glugga á íbúðinni í Úlfarsárdal. Mennirnir tóku síðan til fótanna. Elín Agnes Kristínardóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi að málið væri rannsakað sem íkveikja en enginn hefði verið handtekinn vegna brunans.

Bensínsprengju var kastað inn í þetta húsnæði sem stendur við Freyjugötu í miðbæ Reykjavíkur. Þar sáust greinileg ummerki á vegg hússins í kjölfar þess að sprengjan sprakk. FRÉTTABLAÐIÐ/ARI

Tveir karlmenn hafa verið handteknir í aðgerðum lögreglu síðustu daga og lögreglan hefur lýst eftir þriðja einstaklingnum sem grunaður er um að eiga þátt í undirheimaátökunum.

Samkvæmt slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu er tjónið á íbúðinni mikið.

Sólarhring síðar fór í dreifingu myndband af bardagamanninum þar sem hann hótar manni líflátí símleiðis með haglabyssu í hendinni.

Það myndband virðist hins vegar hafa verið tekið upp áður en kveikt var í íbúð hans, þar sem hann er heima hjá sér þegar hann tekur upp hótunina. Það er því mögulegt að bensínsprengjan hafi verið einhvers konar svar við líflátshótuninni. Hann heldur haglabyssunni fyrir framan símann og segir meðal annars: „Ég mun mæta heim til þín með þetta.“ Ekki er vitað að hverjum hótunin beindist.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fylgdist lögreglan náið með gangi mála en hún ákvað síðan að skerast í leikinn síðastliðinn fimmtudag. Lögregla réðst í umfangsmiklar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu og handtók tvo karlmenn, annar þeirra var bardagamaðurinn umtalaði. Handtökurnar voru framkvæmdar með aðstoð sérsveitar ríkislögreglustjóra á tveimur mismunandi stöðum og þá voru húsleitir einnig framkvæmdar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var bardagamaðurinn úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald.

Um hádegisbilið síðastliðinn föstudag birti Fréttablaðið síðan myndband af því þegar bensínsprengju er kastað í íbúð á Freyjugötunni.

Á myndbandinu sést maður stíga út úr bíl og kasta bensínsprengju beint á húsið. Annar aðili þakkar honum svo fyrir og segir við manninn: „Þú færð þetta svo margfalt fokking borgað.“

Svo vel vildi til að ekki kviknaði í húsinu á Freyjugötu en svo virðist sem gerningsmennirnir hafi farið húsavillt í aðgerðum sínum þar sem íbúarnir sem bensínsprengjan beindist líklegast að fluttu þaðan út fyrir þremur vikum, samkvæmt upplýsingum frá núverandi íbúum hússins.

Ekki er vitað nákvæmlega hvernig sú bensínsprengja tengist átökunum sem hafa verið í gangi síðustu daga en samkvæmt íbúum hússins átti atvikið sér stað sömu helgi og fyrstu slagsmálin milli piltsins og bardagamannsins, 14. og 15. nóvember.

Lögreglan lýsti síðan eftir Ævari Annel Valgarðssyni síðasta föstudag, einum degi eftir að hún hóf aðgerðir gegn bardagamanninum en Ævar Annel mun vera tvítugi pilturinn í þessum átökum. Hann hefur enn ekki gefið sig fram.

mhj@frettabladid.is

Fylkin votta eitt af öðru sigur Bidens í kosningunum

BANDARÍKIN Hvert vígið fellur nú af öðru í baráttu Donalds Trump fráfarandi Bandaríkjaforseta um að reyna að snúa úrslitum kosninganna. Michigan-fylki vottaði sigur Joes Biden á mánudagskvöld. Á þriðjudag vottaði Pennsylvaníufylki og Nevada einnig, viku á undan áætlun. Þessi þrjú ríki eru meðal þeirra sex sem Trump hefur barist hvað harðast við að snúa. Georgía vottaði úrslit í síðustu viku. Eiga því aðeins tvö lykilfylki eftir að votta sín úrslit, Wisconsin þar sem Trump fór fram á endurtalningu í Milwaukee borg, og Arizóna

Phoenixborg í Arizona-fylki hefur þegar vottað sigur Bidens en fylkið sem heild vottar eftir viku ásamt Wisconsin. Þó að Trump myndi ná að snúa báðum þessum fylkjum myndi það ekki duga.

Þá hefur allt gengið á afturfótunum hjá lögfræðiteymi Trumps. Lögfræðingurinn Sidney Powell hefur verið tekin úr teyminu. Hennar málflutningur hefur byggt á samsæriskenningum um að George Sorros og Hugo Chavez, hinn löngu látni forseti Venesúela, hafi haft áhrif á talninguna. Powell hefur einnig bergmálað samsæriskenningar hópsins Qanon á samfélagsmiðlum.

Donald Trump virðist vera farinn að játa sig sigraðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stoðþjónusta alríkisins hefur afhent Biden fjármagn og aðgang að upplýsingum.

Þrátt fyrir að Trump sé enn vígreifur á Twitter og neiti að gefast upp steig hann fyrsta skrefið í að viðurkenna ósigur á mánudagskvöld. Eftir að Michigan-fylki vottaði sigur Bidens sendi Emily Murphy, yfirmaður stoðþjónustunnar GSA, Biden bréf þar sem honum var tjáð að stjórnarskiptin gætu hafist. Á Twitter sagðist Trump hafa beðið Murphy að gera þetta en með ákvörðun hennar fær stjórnarskiptateymi aðgang að fjármagni og upplýsingum til að skiptin gangi vel fyrir sig. **– khg**

SSANGYONG

BLACK FRIDAY TIVOLI BOMBA!

600.000 kr. afsl.

á sýningar- og reynsluaksturbílum

Dúndur díll!

TIVOLI 4XA FJÓRHJÓLADRIFIÐ FJÖR!

5 Fimm ára ábyrgð

Takmarkað magn
Ennþá á gamla genginu

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl

45 1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020

benni.is

Reykjanesbær
Bílasala Suðurnesja
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Selfoss
Ib bílar
Fossnes A
Sími: 480 8080

Akureyri
Bílaríkið
Lónsbakka
Sími: 461 3636

Reykjavík
Bílabúð Benna
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Heimilismorð

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Á síðustu tuttugu árum hafa tólf konur verið drepnar á Íslandi af eiginmönnum sínum, sambýlismönnum eða karlmönnum sem þær vildu ekki hlýða.

Flestar voru kyrktar, sem bendir til að gerendurnir hafi alls ekki getað hamið heift heimilisofbeldisins án þess endilega að hafa morð á stefnuskránni. Ein var barin til bana með kúbeini, önnur með slökkvitæki. Morðingja hinnar síðarnefndu mislíkaði að hún sængaði hjá hörundsdökkum mönnum. Ung kona var stungin 28 sinnum með hnífi, áður en hún komst til að vitna gegn morðingja sínum í nauðgunarmáli vinkonu sinnar. Rúmlega tvítugri stúlku var kastað fram af svölum á tíundu hæð af því hún neitaði gerandanum um samfarir.

Tvær þessara tólf kvenna voru drepnar árið 2000, tvær létust í mars síðastliðnum. Karlmenn þeim nákomnir hafa verið ákærðir fyrir manndrápin.

Fjöldi kvenna hefur einnig hlotið fangelsisdóm á Íslandi fyrir ofbeldi sem þær hafa verið beittar. Árið 2013 var spænsk kona dæmd í árs fangelsi fyrir innflutning á fíkniefnum sem troðið var inn í leggöng hennar með valdi af ofbeldismönnum á Spáni. Hún var handtekin við komuna til landsins og dæmd í fangelsi. Dómarinn lét þess getið í dómi að frásögn hennar um neyð og ofbeldi væri trúverðug. Hún var samt sakfelld og fékk tólf mánaða dóm. Hún er ein af fjölmörgum.

Líkt og í baráttunni gegn morðum og misþyrmingum í nánum samböndum hefur okkur lítið orðið ágengt í baráttu við mansalið sem svokölluð burðardýr verða fyrir. Aldrei berast fréttir af því að manseljendur þessara kvenna hafi verið eltir uppi, ákærðir og dæmdir. Þessi brotastarfsemi virðist því halda áfram óáreitt, með minniháttar afföllum af efnum og fórnarlömbum. Í síðustu viku voru þýskar mæðgur dæmdar í fangelsi fyrir að flytja annarra manna fíkniefni til landsins í líkama sínum. Engum sögum fer af kvölurum þeirra.

Þótt konur geti vissulega fagnað mörgum góðum sigrum í jafnréttisbaráttunni á undanförnum áratugum er staðreyndin sú að við erum enn drepnar inni á heimilum okkar og erum sjálfar dæmdar fyrir ofbeldisbrot gegn okkur.

Tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgar líka á milli ára. Kannski á #metoo-hreyfingin einhvern þátt í því að konur tilkynni frekar ofbeldi sem þær verða fyrir, en það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af því að þær konur sem verða fyrir alvarlegasta ofbeldinu kyns síns vegna hafa lítið sem ekkert tekið þátt í fyrrnefndri byltingu millistéttarkvenna. Það er of hættulegt fyrir þær að stíga fram.

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gagnvart konum. Dagurinn er gott tilefni til að minnast þeirra kvenna sem kynsystur þeirra gleyma of oft í aktívisma sínum. Kvenna sem hafa dáið af völdum heimilisofbeldis án þess að hafa fundið tækifæri eða leiðir til að óska eftir hjálp, kvenna sem sitja í fangelsi fyrir ofbeldið sem þær hafa orðið fyrir, kvenna sem hafa ekkert tengslanet í landinu okkar annað en ofbeldismenn, hvort heldur er á heimilum sínum, í undirheimum eða í forstjórastólum.

> Við erum enn drepnar inni á heimilum okkar og erum sjálfar dæmdar fyrir ofbeldisbrotin gegn okkur.

Halldór

Frá degi til dags

Jói frændi á jólunum
Staða faraldursins um jólin er farin að minna á aðdraganda Eurovision, við vitum öll að við munum tapa en það er alltaf smá séns að þetta bjargist. Til að allt gangi upp þurfa allir ættingjar sem koma að utan að halda jól í sóttkví. Jói frændi sem lenti 21. desember þarf að dúsa inni í gestaherbergi á aðfangadagskvöld. Forspáir ættingjar voru búnir að koma fyrir malti og appelsíni undir rúminu. Þunnri skinkusneið verður lætt undir hurðina, grænmetið verður smátt skorið og kartöflugratínið kemur ósamsett. Enn á eftir að finna leið til að koma Waldorfsalatinu og sósunni í gegnum um hurðina. Rósakálinu má alltaf kasta inn um gluggann.

Pappa-Brynjar
Það skal enginn segja að Sjálfstæðismenn hampi sínum manni Brynjari Níelssyni. Hann settist á þing með drauma um dómsmálaráðuneytið. Þess í stað var hann settur í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til að hlusta á keiluspil Samfylkingar og Pírata. Hefur hann óskað eftir því að flokkurinn finni annað fórnarlamb til að kveljast. Enginn hönd hefur sést á lofti í þingflokknum. Hefur flokkurinn því látið útbúa pappakall, sem ungliðar munu sjá um að koma fyrir á nefndarfundum. Á bak við Pappa-Brynjar verður svo segulband sem dæsir reglulega og kvartar undan þöggun á heila tímanum.

Að missa af strætó

Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Í allri umræðu um nýjar lausnir í samgöngum megum við alls ekki missa sjónar á því markmiði að efla og bæta strætó. Hann er það almenningssamgöngukerfi sem er til staðar og flestir eru sammála um að bæta megi þjónustu strætó til muna. Í sáttmála vinstrimeirihlutans í borgarstjórn segir m.a. um strætó orðrétt: „Við ætlum að bæta strætó. Við viljum að börn 12 ára og yngri fái frítt í strætó í fylgd með fullorðnum. Tíðni á helstu stofnleiðum verður aukin í 7,5 mín. á háannatímum… “

Nú þegar langt er liðið á kjörtímabilið er rétt að skoða hvernig þetta hefur gengið. Í dag þurfa börn að greiða 9.100 krónur fyrir afsláttarkort. Tólf ára börn þurfa að greiða 23.300 krónur þrátt fyrir fögur fyrirheit í sáttmála vinstrimeirihlutans. Það er því ljóst að þetta loforð hefur ekki verið efnt. Aukin tíðni ferða er svo hitt loforðið, en flestir eru á því að aukin tíðni á helstu leiðum strætó sé lykilatriði í að fleiri sjái sér fært að nota kerfið. Borgarstjórnarmeirihlutinn má þó eiga það að hann lagði fram formlega tillögu í borgarstjórn 2. október 2018 um að strætó færi á 7,5 mínútna fresti á helstu leiðum frá ársbyrjun 2020. Sú tillaga var samþykkt með 22 atkvæðum Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar, VG, Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Sósíalista. Skýrara verður umboðið varla.

> Horfast verður í augu við þá staðreynd að nýting á strætisvögnum er of lítil og því verður að breyta.

En hvað gerist svo?
Ekki neitt. Ekkert gerist í því að auka tíðni strætós á helstu leiðum þrátt fyrir skýrt umboð frá borgarstjórn, því miður. Ekkert bólar á að strætó gangi á 7,5 mínútna fresti. Þvert á móti hefur það gagnstæða gerst en í sumum tilfellum hefur ferðum verið fækkað. Eðli málsins samkvæmt er rétt að spyrja sig hvort ekkert sé að marka samþykktir borgarstjórnar. Var þetta aðeins sýndarmennska? Voru þetta kannski atkvæðaveiðar? Það er okkar skoðun í Sjálfstæðisflokknum að stuðla eigi að bættri nýtingu með því að auka tíðni á vinsælum leiðum. Horfast verður í augu við þá staðreynd að nýting á strætisvögnum er of lítil og því verður að breyta.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Roðagyllum heiminn og Ísland líka

Guðrún Lára Magnúsdóttir
forseti Soroptimistasambands Íslands

Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú á tímum kóvíd-19 að vekja athygli á þeirri staðreynd að ofbeldi gegn konum hefur aukist í heiminum. Dagana 25. nóvember til 10. desember munu Alþjóðasamtök Soroptimista, ásamt fjölda annarra félagasamtaka, standa fyrir sextán daga átaki á heimsvísu sem nefnist „Orange the world“. Markmiðið er að vekja athygli á ofbeldi gegn konum undir heitinu „Roðagyllum heiminn“. Þessi litur táknar bjartari framtíð án ofbeldis.

Í ár beinist sextán daga átakið að áhrifum kóvíd-19 á kynbundið ofbeldi. Í kjölfar faraldursins hefur ofbeldi gegn konum og stúlkum aukist mikið. Það er einkum heimilisofbeldi sem hefur aukist hér á landi og annars staðar í heiminum. Efnahags- og félagslegar afleiðingar kóvíd-19 fela meðal annars í sér félagslega einangrun hjá fólki og auka áhyggjur þess af heilsu, öryggi og fjárhagslegri afkomu.

Þær aðstæður sem hafa skapast vegna kóvíd-19 eiga þátt í að auka kynjamisrétti sem kemur meðal annars fram í minna fjárhagslegu sjálfstæði kvenna. Rannsóknir hafa leitt í ljós að konur axla nú mun meiri ábyrgð í sambandi við heimilisstörf og umönnun barna, sem getur leitt til þess að þær þurfa að hætta að vinna eða minnka vinnuhlutfall sitt. Það leiðir til að valdaójafnvægi eykst í samböndum, sem bitnar á konum, þær einangrast á heimilinu með gerandanum og hafa því oft ekki aðgang að þeim úrræðum sem eru í boði fyrir konur. Þetta eru kjöraðstæður fyrir drottnun og ofbeldi fyrir luktum dyrum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt ríkisstjórnir heims til að gera aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi að lykilatriði í viðbragðsáætlunum sínum gegn kóvíd-19. Þar er lögð áhersla á að stjórnvöld setji fjármögnun verkefna í forgang sem feli í sér nauðsynlega þjónustu við þolendur heimilisofbeldis. Þá er mikilvægt að þau komi fram með yfirlýsingu þess efnis að heimilisofbeldi verði ekki liðið og einnig aðgerðir til að breyta viðhorfi fólks. Það er einnig lögð áhersla á að stjórnvöld bregðist við kynbundnu ofbeldi með því að tryggja þjónustu við þolendur, sæki gerendur til saka og standi að söfnun upplýsinga um kynbundið ofbeldi sem hægt er að nota til að bæta þjónustu og úrræði við þolendur.

António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur sagt að ofbeldi gegn konum sé hindrun í vegi jafnréttis, friðar og þróunar. Ofbeldi gegn konum er „heimsfaraldur“ að hans mati. „Þetta er siðferðileg árás á allar konur og stúlkur, smánarblettur á öllum samfélögum heims og umtalsverður þrándur í götu réttlátrar og sjálfbærrar þróunar í þágu allra. Í eðli sínu er ofbeldi gegn konum djúpstætt virðingarleysi og dæmi um að karlar viðurkenni ekki grundvallarjafnrétti og virðingu kvenna. Þetta er mál sem snýst um grundvallarmannréttindi,“ segir hann. Konur verða oftar fórnarlömb kynferðisofbeldis en karlar og því er sérstaklega farið fram á vernd fyrir konur og stúlkur og aðstoð við þær á átakasvæðum og jafnframt eftir að átökum lýkur, í ályktun Öryggisráðs SÞ nr. 1325 um konur, frið og öryggi.

Soroptimistar hér á landi hafa sent beiðni til utanríkisráðherra Íslands, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, um að sendiráð Íslands erlendis verði hvött til að lýsa upp byggingar sínar meðan á átakinu stendur. Markmið okkar er að „roðagylla Ísland“, og hvetjum við fyrirtæki og stofnanir til þátttöku með því að lýsa upp byggingar sínar í appelsínugulum lit. Við hvetjum jafnframt landsmenn alla til að veita þessum málaflokki athygli.

Soroptimistar eru alþjóðleg samtök kvenna sem hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd, þar sem samtakamáttur kvenna nær fram því besta sem völ er á. Samtökin vinna að bættri stöðu kvenna, að mannréttindum öllum til handa sem og jafnrétti, framförum og friði með alþjóðlegri vináttu og skilningi að leiðarljósi. Soroptimistar stuðla að menntun kvenna og stúlkna til forystu. Eitt helsta markmið Soroptimista er að liðsinna konum í baráttunni fyrir jafnrétti og frelsi frá félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum takmörkunum með því að veita fræðslu og menntun. Soroptimistar móta, framkvæma og afla fjármagns til verkefna á hverju ári sem hafa að markmiði að bæta efnahagslega stöðu kvenna og fjölga tækifærum þeirra. Soroptimistar berjast gegn hvers konar ofbeldi í garð kvenna og stúlkna. Í næstum heila öld hafa Soroptimistar unnið sleitulaust að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum og tryggja aðkomu kvenna að friðarumleitunum. Í Alþjóðasamtökunum eru yfir 80.000 félagar í 127 löndum. Soroptimistar eiga ráðgefandi fulltrúa hjá hinum ýmsu stofnunum Sameinuðu þjóðanna og eiga einnig ráðgjafaráð að Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC).

> **Efnahags- og félagslegar afleiðingar kóvíd-19 fela meðal annars í sér félagslega einangrun hjá fólki og auka áhyggjur þess af heilsu, öryggi og fjárhagslegri afkomu.**

Soroptimistasamband Íslands er hluti af Evrópusambandi Soroptimista. Íslenskir soroptimistar eru um 600 talsins í nítján klúbbum víðs vegar um land.

Á lokadegi átaksins 10. desember er alþjóðlegur dagur Soroptimista og mun forseti Soroptimista á Íslandi afhenda styrk til verkefnisins „Sigurhæða“ sem Soroptimistar á Suðurlandi standa fyrir. Þetta verkefni felur í sér þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Undirbúningur stendur yfir og munu þær opna þjónustuna á nýju ári.

Soroptimistar vilja skora á íslensk stjórnvöld að senda frá sér skýr skilaboð um að samfélagið líði ekki kynbundið ofbeldi. Einnig að komið verði í veg fyrir og brugðist við kynbundnu ofbeldi samkvæmt tillögum SÞ. Það að tryggja réttindi og frelsi kvenna er mikilvægt skref í þá átt að samfélagið geti unnið úr þeim alvarlegu aðstæðum sem kóvíd-19 hefur skapað.

Grímuskylda á hliðarlínunni

NFL Forráðamenn NFL-deildarinnar í amerískum ruðningi tilkynntu í gær hertar aðgerðir til að reyna að hefta frekari útbreiðslu kórónaveirunnar. Nú verður leikmönnum skylt að bera grímu þegar þeir eru ekki inni á vellinum, en áður þurftu þeir ekki að hafa grímuna uppi þegar þeir voru á hliðarlínunni. Reglurnar taka gildi á morgun þegar hinir árlegu leikir á þakkargjörðarhátíðinni fara fram.

Alls greindust 108 leikmenn og þjálfarar með kórónaveirusmit í síðustu tveimur skimunum innan deildarinnar eftir að 146 smit greindust í ellefu skimunum þar áður. Það verða því hertar reglur um hversu margir leikmenn ferðast með liðinu í hvern leik og hversu margir starfsmenn fá aðgengi að liðinu.

Fyrr á þessu ári voru þjálfarar sem brutu reglur um grímunotkun sektaðir um hundrað þúsund dollara af deildinni, en í nýjustu sóttvarnareglum NFL eru boðaðar hertar refsingar. – kpt.

Sara Björk og samherjar hennar eiga titil að verja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Titilvörn Söru hefst á Ítalíu

FÓTBOLTI Titilvörn Söru Bjarkar Gunnarsdóttur og liðsfélaga í Lyon hefst gegn Juventus í 32 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Dregið var í útsláttarkeppnina í gær og fara leikirnir fram um miðjan desember.

Sara skoraði þriðja mark Lyon og innsiglaði um leið sigur franska félagsins í úrslitum Meistaradeildar Evrópu fyrr á árinu. Með því varð hún fyrsta íslenska konan til að vinna Meistaradeildina og fyrsti Íslendingurinn til að skora í úrslitaleiknum.

Áhugaverð viðureign bíður Rosengård með Glódísi Perlu Viggósdóttur og stöllur gegn Lanchkhuti frá Georgíu og þá mætast hin norsk-íslenska María Þórisdóttir og Cloé Lacassé sem fékk í fyrra íslenskan ríkisborgararétt í viðureign Chelsea og Benfica. – **kpt.**

Högglengd skiptir öllu í dag

Úlfar Jónsson, sexfaldur Íslandsmeistari í golfi og PGA-kennari segir að áherslubreyting í tækniþjálfun skili aukinni högglengd á sterkustu mótaröðum heims. Ekki sé endalaust hægt að lengja brautirnar.

GOLF „Það er ekki hægt að lengja golfvelli endalaust. Það eru færri hlutar leiksins sem skipta máli þessa dagana. Áður fyrr þurfti meira að hugsa út í leikskipulag en öll tölfræði sýnir að ef þér tekst að slá nógu langt og halda þér þokkalega í leik muntu hafa forskot á andstæðingana sem slá styttra," segir Úlfar Jónsson, sexfaldur Íslandsmeistari í höggleik, fyrrverandi landsliðsþjálfari og PGA-kennari, aðspurður út í breytinguna sem hefur átt sér stað í högglengd kylfinga undanfarna áratugi.

Um síðustu helgi tókst lítt þekktum heimamanni að slá rúmlega 400 metra högg á Evrópumótaröðinni í Suður-Afríku og eru kylfingar nú til dags að gera lítið úr sögufrægum völlum með högglengd sinni. Fara þarf aftur til ársins 1997 þegar John Daly tókst fyrstum að slá yfir þrjú hundruð jarda að meðaltali með driver af teig í upphafshöggum. Það var fyrsta ár Tiger Woods á mótaröðinni og vakti Woods strax athygli fyrir högglengd sína sem var tæplega 300 jardar að meðaltali. Í dag eru 110 kylfingar á PGA mótaröðinni sem eru að slá 300 jarda eða lengra að meðaltali með driver af teig og er Bryson DeChambeau högglengstur með 337,8 jarda að meðaltali. Meðaltalið á mótaröðinni er rétt undir 300 jördum og er Tiger í 204. sæti yfir högglengstu kylfingana með driver með meðaltal upp á 290 jarda.

Það sama á við um LPGA-mótaröðina, sterkustu mótaröð heims í kvennaflokki. Þegar fyrst var haldið utan um tölfræði um högglengd kylfinga á LPGA-mótaröðinni voru högglengstu kylfingarnir að slá að meðaltali um 265 jarda í upphafshöggunum með driver. Bianca Pagdanganan er högglengsti kylfingurinn á LPGA-mótaröðinni þessa dagana með tæplega 290 jarda í upphafshöggunum. Faðir Pagdanganan hefur lýst því yfir að hún verði fyrsti kylfingurinn til að komast yfir þrjú hundruð jarda meðaltalið en lengsta upphafshöggið í sögu mótaraðarinnar er 349 jarda högg Lexi Thompson árið 2018.

„Þetta er í rauninni bara áframhald af því sem gerðist fyrir aldamót þegar Tiger Woods kom fyrst inn á mótaröðina. Tiger var að slá mun lengra en allir keppinautarnir á þeim tíma og fram að því þurftu kylfingar ekkert endilega að vera högglangir. Eftir að Tiger byrjaði að slá miklu lengra en aðrir fóru mótshaldarar að lengja vellina til að gera þá meira „Tiger proof" ef svo má segja, svo að hann væri ekki að slá upp að flötinni á öllum holum."

Bianca Pagdanganan er nýliði á LPGA-mótaröðinni. Þessi 23 ára gamli kylfingur er högglengsti kylfingur mótaraðarinnar og er hún strax farin að gera sig líklega á stærstu mótunum á sterkustu mótaröð heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eftir erfiða baráttu við meiðsli hefur Tiger tekist að vinna þrjú mót á tveimur árum, þar af einn risatitil, en hann er ekki lengur í sama sérflokki þegar kemur að högglengd á mótaröðinni.

„Tiger hafði rosaleg áhrif á þessa kynslóð sem kom í kjölfarið á honum og eru bestu kylfingar heimsins í dag. Þessir kylfingar sem eru flestir á bilinu 20-30 ára eru allir í hörkuformi og með allt aðra tæknilega þjálfun en þeir sem eru eldri. Sem dæmi var á mínum unglingsárum þegar ég var að æfa og keppa aldrei minnst á högglengd. Þjálfarar töluðu lítið sem ekkert um um að slá langt heldur einblíndu á að slá beint og ná upp stöðugleika. Í dag er fyrst og fremst lögð áhersla á högglengd og hitt lærist með tímanum hjá metnaðargjörnum kylfingum," segir Úlfar, sem er sjálfur golfkennari.

„Ef þú ætlar að ná langt, hvort sem það yrði í áhuga- eða atvinnumennsku, þá verðurðu að geta slegið langt. Það eu fá dæmi um velgengni til lengri tíma hjá höggstyttri kylfingum þessa dagana. Þeir bestu eru högglangir og vellirnir eru að lengjast til að auka erfiðleikastigið," segir Úlfar og tekur einn frægasta völl heims sem dæmi.

„Það er ekki hægt að lengja gamla völlinn á St. Andrews mikið lengur. Ég held að það hafi verið Gary Player sem sagði að stærstur hluti mótaraðarinnar myndi slá inn á úr upphafshögginu á annarri hverri holu ef veðrið er í lagi. Fyrir vikið verður völlurinn ekki sama áskorunin lengur."

Vöðvafjallið Bryson DeChambeu hefur vakið athygli fyrir breytingar á líkama sínum sem hefur aukið högglengdina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það er sjaldgæft að kylfingar séu að móta eigin sveiflu þessa dagana líkt og Daly gerði á sínum tíma en þó eru dæmi um það.

„Það er sjaldgæfara en það eru enn dæmi um að kylfingar fari óhefðbundnari leiðir. Matthew Wolff er með mjög sérstaka sveiflu sem leggur áherslu á mjaðmahnykk. Hann er sérstaklega þjálfaður til að vera með mikinn kraft og er með högglengri mönnum mótaraðarinnar."

Aðspurður hvort það gæti komið til þess að mótaraðirnar setji strangara regluverk þegar kæmi að boltum sagðist Úlfar ekki viss hvaða aðgerða væri hægt að grípa til.

„Það er erfitt að segja, golfið er ein af fáum íþróttum sem er ekki með sérstaka keppnisbolta. Þetta er viðkvæmt mál því framleiðendurnir eru ekkert endilega tilbúnir til þess."

kristinnpall@frettabladid.is

Skoða möguleikann á nýju fimleikahúsi í Árbæ

FIMLEIKAR Þegar fimm ár eru í að leigusamningi Fylkis við Reykjavíkurborg um afnot af húsnæði í Norðlingaholti undir starf félagsins, eru viðræður hafnar um hvert næsta skref verður. Á fundi borgarráðs fyrir helgi kom fram að fimleikahús Fylkis væri eitt þeirra verkefna sem raðaðist hæst í forgangsröðun íþróttamannvirkja í Reykjavíkurborg. Meðal þess sem rætt var, var möguleikinn á því að húsnæðið í Norðlingaholti yrði stækkað til að auka rýmið og leigusamningurinn framlengdur en Reykjavíkurborg myndi eignast húsið við lok leigutímans. Þá verður möguleikinn skoðaður á því að reisa nýtt fimleikahús á starfssvæði Fylkis í Lautinni í takt við framtíðarsýn félagsins.

Aðspurð segir Guðrún Ósk Jakobsdóttir, formaður stjórnar fimleikadeildar Fylkis, vera komið upp ákveðið aðstöðuleysi í Norðlingaholti. „Í upphafi var okkur seld hugmyndin um að við hefðum báðar hæðirnar fyrir okkur, en það eru komnar fleiri deildir inn í húsið. Það átti meðal annars að vera auðvelt aðgengi að stúkum en í dag erum við í raun bara með æfingahúsnæði. Við erum með mjög góða æfingaaðstöðu en við getum ekki haldið mót eða jafnstórar sýningar og við hefðum óskað okkur. Það er búið að þrengja að okkur að því leyti að það er varla nein aðstaða fyrir þjálfara eða geymsla."



Úr sal Fylkis í Árbæ. MYND/AÐSEND

Fimleikadeild Fylkis taldi möguleikann um aðstöðu í Lautinni ekki standa til boða fyrr en nýlega.

„Samkvæmt umhverfismati var búið að segja að það yrði ekki raunsætt að byggja fimleikahús í Lautinni. Það væri ekki hægt að bæta umferðinni við þetta svæði, en svo var bakkað með þær fullyrðingar og þá kom Lautin aftur inn í myndina," sagði Guðrún, þegar hún var spurð út í möguleikann á flutningum nær félagsheimili Fylkis.

„Það var búið að vinna margar þarfagreiningar og þar sást að það myndi henta okkur best að komast að í Lautinni. Með því gætum við samræmt betur starf okkar við starf félagsins þó að við séum auðvitað í ákveðnu hlutverki að reyna að þjónusta Norðlingaholtið vel." – **kpt**

SVARTUR FÖSTUDAGUR

ER HAFINN

Í VEFVERSLUN ORMSSON.IS

15%-35% AFSLÁTTUR

BRAUN
hársnyrtitæki & rakvélar
20% afsláttur

PIONEER
heyrnatól
35% afsláttur

STEAM One
gufustraujárn
15% afsláttur

DE BUYER
pottar & pönnur
20% afsláttur

SAMSUNG
heimilistæki
15-20% afsláttur

AEG
öll heimilistæki
15% afsláttur

SAMSUNG
sjónvarp 55" Q80T
70.000 kr
afsláttur

AEG
ryksugur
20% afsláttur

NIVONA
kaffivélar
15% afsláttur

TEFAL
pottar og pönnur
20% afsláttur

SAMSUNG
HW-Q76T soundbar
49.910 kr
afsláttur

SAMSUNG
HW-T660 soundbar
16.000 kr
afsláttur

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10 -18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

25. NÓVEMBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sixten Elof Holmberg

málmsmiður,
til heimilis að Dalbraut 16,

lést 24. nóvember á Landspítalanum. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Heiður S. Sæmundsdóttir
Edda Svanhildur Holmberg **Jón Birgir Gunnarsson**
Heiðar Holmberg Jónsson
María Lind Jónsdóttir **Benjamín Páll Gíslason**
Jón Trausti Benjamínsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Valur Pálsson

viðskiptafræðingur og leiðsögumaður,

lést á Landspítalanum 23. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Erna Maríusdóttir
Páll Valsson **Nanna Hlíf Ingvadóttir**
Karl Steinar Valsson **Erla Dögg Guðmundsdóttir**
Hermann Valsson **Þóra Magnea Magnúsdóttir**
Sigurður Valur Valsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Örlygs Hálfdanarsonar

bókaútgefanda,
Jaðarleiti 4, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns og starfsfólki Landspítala í Fossvogi og Grensás fyrir hlýhug og góða umönnun.

Þóra Þorgeirsdóttir
Þorgeir Örlygsson **Iðunn Reykdal**
Hálfdan Örlygsson **Guðbjörg Geirsdóttir**
Arnþór Örlygsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæra og elskulega eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Bjarnadóttir

Skipalóni 7, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar aðfaranótt laugardagsins 21. nóvember á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði. Útför auglýst síðar.

Gunnlaugur Fjólar Gunnlaugsson
Bjarni Þór Gunnlaugsson **Sigríður Sigurðardóttir**
Kristín Fjóla Gunnlaugsdóttir
Silja Rún Gunnlaugsdóttir **Friðrik Guðjón Sturluson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Viktoría Karlsdóttir

Áshamri 3f,
Vestmannaeyjum,

lést 31. október.
Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum mánudaginn 30. nóvember kl. 14.
Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt frá vef Landakirkju, www.landakirkja.is

Jónas Ragnar Gíslason **Erika Ruiz**
Stella Gísladóttir
Guðmundur Gíslason **Guðný Jensdóttir**
Viktoría Gísladóttir
Fanney Gísladóttir **Oddur Magnús Oddsson**
Bryndís Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þetta er fjallið okkar og við erum heppin með hvernig það snýr og breiðir faðm sinn á móti okkur, segir Hallbera. MYND/GÍSLI GÍSLASON

Í ævintýrum á Akrafjalli

Hallbera Jóhannesdóttir kennari hvetur fullorðið fólk til að fara með börnum í göngur og fræða þau í leiðinni. Hún var að gefa út bókina Á ferð og flugi með ömmu í Akrafjalli.

Bækurnar mínar eru fyrst og fremst hugsaðar til að upplýsa börn um sitt nánasta umhverfi, í bland við dálítinn skáldskap og ævintýri," segir Hallbera Jóhannesdóttir, kennari á Akranesi, sem var að gefa út barnabók númer tvö. Báðar eru þær myndskreyttar af Bjarna Þór Bjarnasyni myndlistarmanni. Sú fyrri, Á ferð og flugi með ömmu, kom út árið 2012 og í henni fór amma með hinn sex ára Frey um Akranes og fræddi hann í leiðinni.

Nýja bókin heitir Á ferð og flugi með ömmu í Akrafjalli og núna er það Smári, átta ára, sem fer með ömmu á bæjarfjallið sjálft, sem Hallbera segir vera aðgengilegt. Svo er það líka fallegt eins og flestir vita. „Bókin skiptist í tvo meginkafla. Í þeim fyrri fara þau amma og Smári að Guðfinnuþúfu og þeim seinni á Háahnjúk og lenda í ýmsum ævintýrum, bjarga bæði slösuðum hjólreiðamanni og fótbrotnu lambi, auk þess sem Smári fræðist um örnefni og Arnes útilegumann og Jón Hreggviðsson, svo eitthvað sé nefnt," lýsir höfundurinn.

Það skiptir máli að bæði börn og fullorðnir þekki sína heimabyggð, að mati Hallberu. „Ég er sjálf alin upp í þeim anda," segir hún. „Móðir mín, Bjarnfríður Leósdóttir, var mikill náttúruunnandi og fræðari. Hún var alltaf að segja okkur krökkunum sögur sem tengdust staðháttum ef við vorum einhvers staðar utan heimilis og kenndi okkur að þekkja örnefnin."

> **Ég hef haft þann sið til margra ára að bjóða öllum í mat á sunnudögum. Svo þarf ég stundum að passa litlu krílin mín og það gefur lífinu svo sannarlega lit.**

Les, gengur og prjónar

Hallbera starfaði sem umsjónarkennari á Skaganum í þrettán ár og sem bókasafnskennari í nítján ár, en er nú komin á eftirlaun. „Ég hélt áfram tengslum við skólann minn, mætti tvo morgna í viku í sjálfboðavinnu í einn og hálfan tíma og lét krakka í 1. og 2. bekk lesa. Svo kom COVID-19 og síðan hef ég ekki farið inn í skólann, enda utanaðkomandi skiljanlega ekki æskilegir þar. Vonandi get ég tekið þráðinn upp aftur næsta haust," segir hún.

Ekki situr Hallbera þó aðgerðarlaus alla daga, heldur kveðst hafa nóg við að vera. „Ég á sjö barnabörn og fimm þeirra búa hér á Akranesi. Það eru algjör forréttindi og ég hef haft þann sið til margra ára að bjóða öllum í mat á sunnudögum. Svo þarf ég stundum að passa litlu krílin mín og það gefur lífinu svo sannarlega lit." Hún kveðst líka ganga, hjóla eða synda á hverjum degi og segir fátt betra fyrir líkama og sál. „Þá hef ég alltaf lesið mikið, aðallega skáldsögur og ljóð og svo er ég auðvitað í kór. Ekki má gleyma prjónunum, fátt er notalegra en að hlusta á útvarp eða geisladiska og prjóna."

Allir velkomnir

Ekki er allt upptalið. Hallbera er líka í hópi kvenna sem kalla sig Kellingarnar og hafa síðustu sex ár staðið fyrir sögu- eða bókmenntagöngum á Akranesi. Hún segir þátttöku að jafnaði góða. Einu sinni hafi hundrað manns mætt! Skyldi hún sjálf fara oft upp í Akrafjall? „Já, þetta er fjallið okkar og við erum heppin með hvernig það snýr og breiðir faðm sinn á móti okkur íbúunum. En það eru líka allir velkomnir á Akranes og í göngu á Akrafjallið."

Hún segir bækur sínar eiga að hvetja fólk til að fara með börnum sínum í göngu - og hjólaferðir. Þær séu á góðu máli, þessi nýja sé þó ekki fyrir smábörn. „Þetta er svona átthagafræði, enda er ég kennari. Það gefur góðum göngutúr með krökkum alltaf gildi að segja þeim eitthvað á leiðinni."

gun@frettabladid.is



†

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

Unnur Hjartardóttir

lést á Dvalarheimilinu Brákarhlíð, Borgarnesi, 9. nóvember sl.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 15.
Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir.
Útförinni verður streymt á sonik.is/unnur
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Brákarhlíðar fyrir kærleiksríka umönnun.

Dídí Jóhannsdóttir
Ólöf Jóhannsdóttir
Hjörtur Jóhannsson **Matthildur Guðnadóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Guðfinna Thorlacius

hjúkrunarkennari,
Háagerði 4, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 22.nóvember. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 10.30.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina.
Streymt verður frá athöfninni af síðu Akureyrarkirkju.

Kristjana Aðalgeirsdóttir **Jari Turunen**
Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir
Margrét Th. Aðalgeirsdóttir **Ari Gunnar Óskarsson**
Petra, Breki, Gunnar Aðalgeir og Inga Rakel
Margrét G.Thorlacius **Ólafur Þór Thorlacius**

Fólk

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 25. NÓVEMBER 2020



Bjarni Ingimarsson, varaformaður LSS, þreytist seint á að minna fólk á að reykskynjarar eru og verða alltaf mikilvægasta eldvörnin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eldvarnafræðsla aldrei verið brýnni en núna

Bjarni Ingimarsson, varaformaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), segir að árið 2020 hafi verið allt of dýrkeypt enda hafi ekki átt sér stað jafnmörg banaslys í eldsvoðum síðan árið 1979. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Að mati Bjarna mætti margt betur fara í eldvörnum heimila enda sýnir nýleg könnun sem Gallup gerði fyrir Eldvarnabandalagið einmitt það. Þar kemur fram að unga fólkið, leigjendur og borgarbúar eru með lökustu eldvarnirnar á landsvísu. Fjöldi reykskynjara er að meðaltali 2,8 á heimilum í höfuðborginni en 3,7 á heimilum utan höfuðborgarsvæðisins. Þá er mun algengara að enginn eða aðeins einn reykskynjari sé á heimilum í Reykjavík en utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig leiðir könnunin í ljós að eldvörnum er víða ábótavant hjá fólki á aldrinum 25-34 ára, leigjendum og þeim sem búa í stærri fjölbýlishúsum. Í 45 prósent íbúða í leiguhúsnæði er enginn eða aðeins einn reykskynjari og hlutfallið er svipað í fjölbýlishúsum með sex íbúðum eða fleirum.

LSS hefur staðið fyrir Eldvarnaátakinu í hátt í 30 ár og því má ætla að vel á annað hundrað þúsund Íslendingar hafi fengið þessa fræðslu í gegnum tíðina. Það man því sennilega hvert mannsbarn sem fætt er eftir 1980 eftir að hafa komið heim til mömmu og pabba og þulið allt það upp sem kom fram í eldvarnafræðslunni í skólanum. „Frá árinu 1992 höfum við farið í alla grunnskóla á landinu fyrir jólin og kynnt eldvarnir fyrir öllum átta ára börnum landsins. Enda er þekkt að útköllum fjölgar í kringum jól, aðallega af völdum kertaskreytinga. Við þurfum að finna fleiri leiðir til þess að tryggja að það fái allir næga fræðslu um eldvarnir. Öll fræðsla er af hinu góða og við þurfum að viðhalda fræðslunni yfir allt árið. Við þurfum líka greinilega að ítreka mikilvægi eldvarna við unga fólkið og þá sem eru á leigumarkaði," segir Bjarni.

Eldfimt málefni

Það er ekki að ástæðulausu að eldvarnafræðsla hefjist jafnsnemma og raun ber vitni. „Við höfum mjög góða reynslu af því að fræðsla til barna um þessi eldfimu málefni skili sér í auknum eldvörnum heima fyrir. Börnin eru móttækileg fyrir skilaboðunum og eru sýnilega spennt. Dætur mínar komu spenntar heim eitt árið eftir eldvarnafræðslu í skólanum sínum. Þótt þær vissu að hér ætti allt að vera í toppstandi, starfs míns vegna, þá vildu þær nú samt sannreyna það. Börn eru fljót að tileinka sér nýja vitneskju, koma heim eftir fræðsluna og spyrja foreldra sína út í eldvarnir á heimilinu, hvort þau séu með nægilega marga reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi og hvort flóttaleiðir séu fullnægjandi. Þá er sniðugt að nýta tækifærið og plana flóttaleiðir út úr húsinu, ákveða stað úti sem skal hittast á til þess að fullvissa sig um að allir hafi komist út."

Bjarni heyrði um stúlku sem fékk fræðslu um eldvarnir í fyrra. „Þær mæðgur höfðu kveikt á kerti heima en þurftu svo að bregða sér niður í þvottahús. Þá staldraði stelpan við, þaut aftur upp stigann og slökkti á kertinu. Maður á nefnilega ekki að fara frá logandi kerti, það hafði hún lært! Ég kann margar svona sögur sem sýna mikilvægi þess að byrja forvarnir snemma. Það er ekkert aldurstakmark á það hvenær hægt er að koma í veg fyrir eldsvoða."

Logi og Glóð: Brennuvargur

Fræðslan er að sjálfsögðu þannig að hún höfði til barnanna. „Áður fyrr mættu fulltrúar í skólana og héldu glærusýningar fyrir krakkana. Þá var hvalurinn Trausti aðalsöguhetjan og muna líklega margir eftir honum. Við brýnum að sjálfsögðu alltaf sérstaklega fyrir börnunum að læra neyðarnúmerið utan að, einn, einn, tveir. Frá árinu 2007 hafa slökkviálfarnir Logi og Glóð tekið við fræðslunni og er fræðsluefnið nú komið í teiknimynd." Fræðslan fer fram í skólastofum og í kjölfarið taka krakkarnir þátt í Eldvarnagetrauninni. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir innsendar lausnir sem afhent eru á 112-deginum, 11. febrúar 2021. Rafræn skil á lausnum verða í fyrsta sinn þetta árið á lsos.is. Helstu styrktaraðilar Eldvarnaátaksins eru 112, TM, HMS, SHS, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og margir fleiri og segir Bjarni LSS afar þakklátt fyrir stuðninginn.

Bjarni mælir með að fólk nýti dag reykskynjarans, 1. desember, til þess að skipta um rafhlöður í reykskynjurum og athuga hvort þeir virki ekki sem skyldi.

Slökkvistöðin í Mosfellsbæ er staðsett í þessu glæsilega húsi við Skarhólabraut 1. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykskynjarar eru mikilvægasta eldvörnin

Bjarni þreytist seint á að ítreka það að reykskynjarar eru og verða alltaf mikilvægasta eldvörnin. „Það vita vinir mínir allt of vel þegar ég kem í heimsókn og rýni í loftin. Reykskynjarar bjarga mannslífum. Þeir vekja okkur og láta vita ef upp kemur eldur í húsinu. Ég sé þetta frá fyrstu hendi í vinnunni. Í Gallup-könnuninni sést það svart á hvítu að eldvörnum er mjög ábótavant víða, og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það er langt í frá nóg að vera með einn reykskynjara í íbúðinni, hvað þá engan. Sjálfur er ég með níu reykskynjara í mínu húsi. Fólk gleymir því að í dag eru raftæki í hleðslu í nær hverju einasta rými íbúðar. Því símar, fartölvur, spjaldtölvur og annað þarf að hlaða eftir notkun. Hleðslutæki hitna mörg hver mjög mikið og ef það er til dæmis sæng yfir raftæki eða hleðslutæki, þá er voðinn vís. Reykskynjararnir skipta hér meginmáli og vegna þeirra bregðumst við fyrr við ef eldur kemur upp af völdum raftækja eða annars."

Bendir Bjarni á að það sé meginatriði að vera viss um að reykskynjararnir geri sitt gagn. „Góð regla er að prófa þá mánaðarlega, og alls ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Skipta þarf um rafhlöðu í reykskynjurum árlega nema annað sé gefið upp af framleiðanda. Til eru reykskynjarar sem hafa rafhlöðu sem endist í 10 ár en þá þarf samt að prófa jafn oft." Þess má geta að 1. desember er dagur reykskynjarans. Þá er tilvalið að nýta þann dag í að prófa reykskynjarana á heimilinu og skipta um rafhlöður."

Slökkvitæki og eldvarnateppi eru einnig mjög mikilvægur eldvarnabúnaður. Þessi tæki skal alltaf staðsetja rétt svo þau komi að gagni ef eldur kemur upp. Eldvarnateppi skulu ekki vera of nálægt eldavélinni svo hægt sé

> **Í 45 prósent íbúða í leiguhúsnæði er enginn eða aðeins einn reykskynjari og hlutfallið er svipað í fjölbýlishúsum með sex íbúðum eða fleiri.**

að komast í það ef eldur kemur upp í kringum eldavélina. Einnig skulu slökkvitæki vera staðsett við helstu flóttaleið út úr húsinu svo að ekki þurfi að hlaupa inn í hús til þess að sækja það. Það er heldur ekki nóg að kaupa bara slökkvitæki og gleyma því svo. Það þarf að fara með það í skoðun reglulega, að minnsta kosti á tveggja til þriggja ára fresti og láta athuga þrýsting, innsigli og ástand hylkisins. Þá er afar mikilvægt að þekkja að minnsta kosti tvær mismunandi flóttaleiðir út úr hverri íbúð.

Aldrei brýnni en nú

Það hefur líka komið á daginn að fræðsla um eldvarnir hefur sjaldan verið brýnni en einmitt núna. „Staðreyndin er sú að það hafa orðið allt of mörg banaslys í eldsvoðum í ár. Og þau hafa ekki verið jafnmörg síðan árið 1979. Bruninn við Bræðraborgarstíg var okkur mjög dýr, sem og aðrir eldsvoðar sem urðu á Akureyri, í Borgarfirði og Grafningi. Það koma alltaf upp vangaveltur um hvort eldvarnir hafi verið í lagi þegar upp koma eldsvoðar þar sem fólk lætur lífið og hvort eitthvað hefði betur mátt fara.

Við megum heldur ekki gleyma öllum þeim sem eiga um sárt að binda eftir eldsvoða á árinu og hafa orðið fyrir andlegu áfalli og heilsu- og eignatjóni. Það er því til mikils að vinna að koma í veg fyrir að eldur komi upp og tryggja það einnig að hægt sé að bregðast við hratt og örugglega ef eldur kemur upp."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. nóvember 2020

44. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Taka fram úr verðtryggðum lánum í fyrsta sinn
Ný, óverðtryggð íbúðalán bankanna voru 56 milljarðar í október og er vægi þeirra nú meira en verðtryggðra lána í fyrsta sinn.
2

Lífeyrissjóðir vilja ekki binda fé sitt á lágum vöxtum
Lífeyrissjóðir hafa ekki fjárfest í ríkisbréfum, sértryggðum bréfum og bundnum innlánum í miklum mæli vegna lítillar ávöxtunar.
4

Landsnet hækkar verð til stórnotenda raforku um 5,5 prósent
Framkvæmdastjóri SI segir hækkun á gjaldskrá Landsnets óskiljanlega. Iðnaðarráðherra segir breytinga að vænta á raforkulögum í vor.
6

Kaupir 30 prósenta hlut í Dohop
Vaxtarsjóðurinn Scottish Equity Partners hefur fjárfest í félaginu fyrir á annan milljarð. Áforma að ráða 50-60 starfsmenn á næstu tveimur árum.
8

Kýótóuppgjörið mun ódýrara
Ekki er þörf á því að kaupa ETS-einingar til að gera upp skuldbindingar vegna Kýótósamningsins. Kostnaðurinn líklegast innan við 200 milljónir.
12

Úthald ferðaþjónustu á þrotum

Fáir ferðamenn munu koma til landsins ef núverandi sóttvarnareglur verða viðhafðar við landamærin í sumar. Ferðaþjónustan, sem rær lífróður, ræður illa við að vera áfram svo gott sem tekjulaus næsta sumar.

Það er algerlega ljóst að ef núverandi sóttvarnaaðgerðir verða áfram í gildi fram á og yfir næsta sumar þá mun viðspyrna ferðaþjónustunnar verða lítil sem engin og atvinnuleysi í greininni haldast í svipuðum tölum og nú er.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Black Friday vika!

25% afsláttur af öllum umgjörðum og sólgleraugum í verslunum okkar út mánudaginn 30. nóv.

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Fáir vilja fórna hröðu neti fyrir nokkra hundraðkalla

Þarna eru menn að nálgast verkefnið á rangan hátt. Það er mikill þrýstingur á bæjaryfirvöld að fá ljósleiðara enda er hraði nettenginga eitt af þeim málum sem brenna hvað mest á landsbyggðinni," segir Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, í samtali við Markaðinn. Þar, eins og víðar á landsbyggðinni, hefur lagning ljósleiðara verið bundin við dreifbýlið á meðan þéttbýlið situr uppi með kopartengingar.

„Það að búa ekki við þessa þjónustu er ólíðandi og hamlandi. Nútímatækni skiptir jafnmiklu máli í þéttbýli á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu," bætir hann við.

Það að búa ekki við þessa þjónustu er ólíðandi og hamlandi. Nútímatækni skiptir jafnmiklu máli í þéttbýli á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Drög að markaðsgreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) eru nú til umsagnar, en í þeim tekur stofnunin þá afstöðu að enn þá sé til staðar staðganga milli kopar- og ljósleiðaraneta. Staðganga þýðir að verð þjónustunnar sé sá þáttur sem ræður mestu um val neytenda á internetþjónustuveitanda. Næst á eftir komi gæði þjónustu þjónustuveitandans og í þriðja sæti sé hraði. Þetta bendir til þess að mismunandi möguleikar á hraða í kopar- og ljósleiðaratengingum sé ekki mjög afgerandi þáttur þegar kemur að vali neytenda.

Með því að skilgreina ljósleiðara- og kopartengingar þannig að staðganga sé þeirra á milli, verður markaðsstaða Mílu, sem á og rekur helstu fjarskiptainnviði landsins, sterkari í augum PFS. Haft var eftir Jóni Ríkharði Kristjánssyni, framkvæmdastjóra Mílu, í Markaðinum í síðustu viku að PFS gæti þannig réttlætt frekari kvaðir Mílu sem bitna á lagningu ljósleiðara á landsbyggðinni.

„Afstaða stofnunarinnar vekur óhjákvæmilega upp tvær spurningar. Annars vegar hvort ljósleiðaravæðing sé óþörf þar sem kopartengingar eru fyrir. Og hins vegar hvort hægt sé að leysa internetmál þéttbýlisstaða úti á landi með lægra verði til endanotenda á tengingum yfir kopar. Að mati Mílu er þetta ekki í neinu samræmi við áherslur sveitarstjórna, stefnu stjórnvalda, markaðssetningu fjarskiptafélaga og vilja neytenda," sagði Jón Ríkharður.

Þegar skipt var um vatnslagnir í einni götu í Ólafsvík í fyrra, nýtti Míla tækifærið og lagði ljósleiðara í götuna. Kristinn bæjarstjóri bendir á að allir íbúar í götunni hafi valið ljósleiðara fram yfir kopartengingu/ljósnet.

„Hvers vegna velur fólk ljósleiðarann? Vegna þess að hraðinn skiptir mestu máli og þau tækifæri sem honum fylgja, en fáir spá í hvort þeir þurfi að borga nokkrum hundraðköllum meira til fjarskiptafyrirtækja. Þess vegna eru íbúar eins og í Snæfellsbæ að kalla eftir því að fá ljósleiðara inn til sín," segir Kristinn. **– þfh**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

Óverðtryggð lán taka fram úr í fyrsta sinn

Ný óverðtryggð íbúðalán bankanna 56 milljarðar í október og er vægi þeirra nú meira en verðtryggðra lána. Sérfræðingar telja að hlutur verðtryggingar muni minnka frekar og Seðlabankinn verði að beita vaxtatækinu af meiri nærgætni.

Eftir gríðarlegan vöxt í óverðtryggðum húsnæðislánum banka til heimila að undanförnu, sem nemur liðlega 280 milljörðum á fyrstu tíu mánuðum ársins, er nú svo komið að vægi slíkra óverðtryggðra lána er í fyrsta sinn í sögunni orðið meira en verðtryggðra lána hjá bönkunum.

Samkvæmt nýjum hagtölum Seðlabankans um bankakerfið jukust ný óverðtryggð húsnæðislán, að frádregnum uppgreiðslum, um samtals 56 milljarða í síðasta mánuði á sama tíma og heimilin greiddu hins vegar niður verðtryggð lán sín um rúmlega 10 milljarða.

Í kjölfarið er hlutdeild óverðtryggðra lána hjá íslensku bönkunum yfir 52 prósent á móti tæplega 48 prósenta hlutdeild verðtryggðra lána en húsnæðislán bankanna til heimila námu samtals um 1.206 milljörðum króna í lok október. Til samanburðar nam hlutdeild óverðtryggðra lána 38 prósentum í byrjun þessa árs og 32 prósentum í ársbyrjun 2019.

Valdimar Ármann, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, segir þetta vera „stór tíðindi fyrir íslenskan lánamarkað og mjög jákvæð" fyrir peningastefnu Seðlabankans.

„Með vaxtalækkunum núna eru ráðstöfunartekjur heimila að aukast þegar skórinn kreppir að, og þegar kemur að því að framleiðsluslakinn fer úr hagkerfinu og Seðlabankinn þarf að fara að beita vaxtahækkunum aftur munu þær bíta fastar á heimilin en áður. Að öllu öðru óbreyttu ætti bankinn að þurfa að beita vaxtatækinu af meiri nærgætni í framtíðinni þar sem áhrifin verða mun meiri," segir Valdimar.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, bendir á að bankarnir hafi undanfarin ár verið með allsterka stöðu í óverðtryggðum íbúðalánum meðan lífeyrissjóðir hafi almennt verið umsvifameiri í verðtryggðum lánum. Það sem sé hins vegar nýlunda er hraður vöxtur óverðtryggðra lána á breytilegum vöxtum hjá bönkunum en slík lán hafa aukist um 270 milljarða frá ársbyrjun á meðan lán með nokkurra ára vaxtabindingu hafa vaxið um 12 milljarða.

„Stýrivaxtalækkun Seðlabankans," útskýrir Jón Bjarki, „er lykiláhrifaþáttur í þessari þróun. Vaxtakjör lána á breytilegum vöxtum eru hagstæðari en nokkru sinni fyrr á sama tíma og aukin samkeppni og breyttur reglurammi hefur auðveldað almenningi að endurfjármagna lán sín. Að sama skapi hefur munur á verðtryggðum og óverðtryggðum vöxtum minnkað og er talsvert minni þessa dagana en sem nemur væntri verðbólgu á komandi misserum á nánast alla mælikvarða."

Hann telur aðspurður ekki ósennilegt að vægi verðtryggðra lána muni halda áfram að minnka jafnt og þétt. „Við gætum þó séð tímabundinn vöxt í þeim á nýjan leik ef aftur skapast aðstæður þar sem verðbólga er lítil á sama tíma og nafnvextir hækka á nýjan leik, ekki ósvipað og var þegar seinasta pensluskeið stóð sem hæst. Ég tel hins vegar að verðbólga eigi eftir að verða stöðugri og nafnvaxtastig í landinu lægra á komandi árum að jafnaði en verið hefur í nútíma hagsögu landsins," segir Jón Bjarki.

Aukið vægi óverðtryggðra lána, einkum á breytilegum vöxtum, hefur gert peningastefnuna mun virkari hvað varðar áhrif á heimili landsins.

Jón Bjarki Bentsson, aðlhagfræðingur Íslandsbanka

Valdimar tekur í sama streng. Aukin útgáfa íbúðalána hjá bönkunum í kjölfar mikilla vaxtalækkana Seðlabankans – þeir hafa lækkað úr 3 prósentum í 0,75 prósent á árinu – sé mjög eðlileg enda eru bankarnir langsamlega samkeppnishæfastir í veitingu lána með fljótandi nafnvöxtum.

„Að öllum líkindum mun þessi þróun einungis halda áfram," útskýrir hann, og segir það vera jákvætt fyrir íslenska hagstjórn. „En næstu skref þurfa svo að þróast í framhaldinu sem er að fastir óverðtryggðir vextir geti verið raunhæfur valmöguleiki og tryggja að möguleikar til endurfjármögnunar séu sveigjanlegir og ódýrir," að sögn Valdimars.

Aðalhagfræðingur Íslandsbanka er á sama máli og segir aukið vægi óverðtryggðra lána, einkum og sér í lagi á breytilegum vöxtum, hafa gert peningastefnuna mun virkari hvað varðar áhrif á heimili landsins. Þróunin frá áramótum sé skýrt merki um það.

„Líklegt er að íbúðamarkaður hefði gefið meira eftir og einkaneysla ekki tekið eins við sér í sumar ef þorri heimila væri enn á fastvaxta verðtryggðum lánum, svo dæmi sé tekið," að sögn Jóns Bjarka, en að því leyti sé þessi þróun býsna jákvæð þótt hún hafi vissulega á hinn bóginn gert heimilin næmari fyrir hækkun skammtímavaxta.

„Séu slík lán hins vegar orðin útbreidd í hagkerfinu dregur það á endanum úr líkunum á því að Seðlabankinn þurfi stórtækar breytingar á stýrivöxtum til að ná fram tilætluðum áhrifum á innlenda eftirspurn og sparnað," segir hann. **hordur@frettabladid.is**

Óverðtryggð íbúðalán fara fram úr verðtryggðum
í milljörðum króna



Ný íbúðalán á árinu 2020



282

milljarða hafa bankarnir lánað í ný óverðtryggð húsnæðislán á árinu.

Nú get ég fylgt þér í hverju skrefi, í átt að draumum þínum.

App store

Play store

Náðu í Auðar appið!

Nú 3, 6 og 12 mánaða sparnaður.
Engin lágmarksupphæð,
bara hæstu mögulegu innlánsvextir.

audur.is

audur
Dóttir Kviku

Vilja síður binda fé á of lágum vöxtum

Lífeyrissjóðir hafa sýnt lítinn áhuga á ríkisbréfum, óverðtryggðum bankabréfum og bundnum innlánum. Ávöxtunin ekki í samræmi við lögfest viðmið og þurfa að geta gripið tækifæri á markaði. Langtímavextir fara þangað sem lífeyrissjóðirnir vilja hafa þá.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Eignarhald lífeyrissjóða á ríkisbréfum hefur minnkað hlutfallslega frá áramótum og lækkað úr 40 prósentum í 37 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lífeyrissjóðir hafa ekki fjárfest í ríkisskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum og bundnum innlánum í miklum mæli, vegna þess að ávöxtunin er ekki viðunandi. Auk þess vilja sjóðirnir hafa svigrúm til að grípa tækifæri sem bjóðast á markaðinum. Þetta segja framkvæmdastjórar lífeyrissjóða sem Markaðurinn ræddi við.

„Sögulega hefur þörf ríkisins fyrir langtímafjármögnun verið fyrst og fremst mætt af lífeyrissjóðum. Í vor var eins og lífeyrissjóðum væri ætlað fremur lítið hlutverk í fjármögnun ríkissjóðs. Annað hefur komið á daginn og þróun útboða og ávöxtunarkröfu ríkisbréfa sýnir að langtímavextir í landinu fara þangað sem lífeyrissjóðir vilja hafa þá," segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í skuldabréfum hjá markaðsviðskiptum Arion banka.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagðist hafa áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir væru að mestu fjarverandi þegar kemur að því að fjármagna bankakerfið og eins ríkissjóð, með kaupum á ríkisskuldabréfum á markaði.

„Ég hefði viljað sjá lífeyrissjóðina, sem eiga um 200 milljarða á innlánsreikningum, binda þá fjármuni í meira mæli í bankakerfinu. Þeir eru eðlilega með mikið af innlánum en þau eru mikið til óbundin og því er ekki grundvöllur fyrir bankana til að miðla þeim áfram í útlán, til dæmis til fyrirtækja. Þetta er áhyggjuefni sérstaklega þegar fram í sækir," sagði seðlabankastjóri í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, segir að sjóðurinn hlusti þegar seðlabankastjóri eða aðrir á markaði tjá sig. Verkefni stjórnenda sjóðsins sé hins vegar að fylgja fjárfestingastefnunni og gæta hagsmuna sjóðfélaga.

„Þegar vextir eru orðnir það lágir að útlit er fyrir að ávöxtun verði lægri en verðbólga á sama tíma, er takmarkaður áhugi á að festa peninga hvort sem er í innlánum eða skuldabréfum. Þetta á sérstaklega við þegar útlit er fyrir að fjárfestingarkostum kunni að fara fjölgandi eins og nú er," segir Gunnar.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), segir að sjóðurinn sé með hluta af sínum innlánum bundinn til lengri tíma. „Kjör bankanna hafa lækkað töluvert á síðustu misserum og því hefur sjóðurinn dregið úr bundnum innlánum og fjárfest í öðrum sambærilegum afurðum," bætir hún við.

Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis lífeyrissjóðs, segir að hátt hlutfall óbundinna innlána geti meðal annars gefið til kynna að fjárfestar sjái tækifæri til fjárfestinga til skemmri tíma og kjósi þar af leiðandi ekki að binda innlán sín í miklum mæli hjá bönkunum til lengri tíma.

„Annars má almennt gera ráð fyrir að mikil óvissa og flökt á markaði sé líklegt til að draga úr áhuga fjárfesta á að binda innlán sín, þeir kjósi frekar að hafa nægt laust fé til reiðu þegar og ef tækifæri gefast við slíkar aðstæður," bætir hann við.

Horfa til annarra kosta

Eignarhald lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum sem hlutfall af heildarmagni, hefur lækkað úr 40 prósentum niður í 37 prósent frá áramótum. Eign sjóða á ríkisbréfum hefur aukist um 10 milljarða á sama tíma og útgefin bréf hafa aukist um 66 milljarða.

„Í ljósi þeirrar ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóða og þess lágvaxtaumhverfis sem við búum við í dag, hefur sjóðurinn horft meira til annarra fjárfestingarkosta," segir Harpa, en LSR er stór eigandi ríkis- og sértryggðra skuldabréfa.

Lífeyrissjóðir núvirða skuldbindingar sínar miðað við 3,5 prósenta vexti umfram verðbólgu, en sú ákvörðun tók mið af útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs á tíunda áratugnum. Síðan þá hafa vextir lækkað töluvert.

Fer í hlutafé og fyrirtækjabréf

Innlán lífeyrissjóða í bankakerfinu jukust töluvert á fyrstu mánuðum ársins. Frá áramótum og til loka apríl jukust innlán sjóðanna um 40 milljarða króna, eða úr 142 milljörðum og upp í 182 milljarða. Eftir það komst á jafnvægi. Staðan fór hæst í 192 milljarða í lok september en lækkaði svo um 10 milljarða í október.

„Þetta gefur til kynna að lífeyrissjóðirnir séu að finna fjármagni farveg í kosti sem skila hærri arðsemi en ríkisbréf, til að mynda fyrirtækjaskuldabréf og hlutabréf," segir Stefán Broddi. Það sé jákvætt að því leyti að fjármagnið fari í að styðja við atvinnufyrirtæki.

Seðlabankastjóri nefndi einnig að hann vildi fara varlega í peningaprentun með veðlánaviðskiptum, sem felst í því að fjármagna bankakerfið með því að taka við sértryggðum bréfum frá þeim, heldur væri „eðlilegra að lífeyrissjóðirnir kæmu að slíkri fjármögnun".

> **Í ljósi þeirrar ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóða og þess lágvaxtaumhverfis sem við búum við í dag, hefur sjóðurinn horft meira til annarra fjárfestingarkosta.**
>
> Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LSR

Innlán lífeyrissjóða
(milljarðar króna)



Hlutfall óbundinna innlána
(innlendir aðilar)



Lífeyrissjóðir keypt 18 prósent af sértryggðri útgáfu Landsbankans

Mikil ásókn í óverðtryggð íbúðalán hjá bönkunum hefur aukið fjármögnunarþörf þeirra fyrir óverðtryggð skuldabréf. Um þetta var fjallað í síðustu tveimur ritum Fjármálastöðugleika, sem er gefið út af Seðlabankanum.

„Erfiðlega hefur gengið fyrir bankana að auka við aðra innlenda markaðsfjármögnun en sértryggð skuldabréf. Kaupendur að sértryggðu bréfunum hafa einkum verið Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir," segir í ritinu. Með breytingu á starfsemi Íbúðalánasjóðs er aukin óvissa um mögulega kaupendur að bréfunum.

„Auk þess hefur aukin ásókn í óverðtryggð lán hjá bönkunum aukið fjármögnunarþörf þeirra með óverðtryggðum skuldabréfum. Eftirspurn lífeyrissjóða hefur þó fremur verið í verðtryggð skuldabréf og hefur það áhrif á fjármögnunarkjör bankanna."

Landsbankinn staðfestir í svari við fyrirspurn Markaðarins að eftirspurn lífeyrissjóða hafi fremur verið í verðtryggð skuldabréf bankans. „Á þessu ári hafa lífeyrissjóðir keypt um 18% af þeim sértryggðu skuldabréfum sem Landsbankinn hefur gefið út."

Eignarhald lífeyrissjóða á ríkisbréfum
(milljarðar króna)



Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, brást við ummælum seðlabankastjóra í færslu á Facebook í síðustu viku. Þar sagðist hann vera „hugsi yfir nærveru Seðlabankans og þeim grímulausu eignastýringarskilaboðum til lífeyrissjóða sem nálgast orðið brot á 2 metra reglunni".

Engar opinberar tölur varpa ljósi á eignarhald lífeyrissjóða á sértryggðum skuldabréfum bankanna, sem nema alls 520 milljörðum króna, en Ólafur gat sér þess til að sjóðirnir ættu um 55 prósent af útgefnum, sértryggðum bréfum og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, áður Íbúðalánasjóður, ætti mikið magn. „Af þessum tölum skynja ég nú ekki beint fjarveru lífeyrissjóða, frekar en of mikla nærveru þeirra á markaði. Hann er klárlega vandrataður þessi gullni meðalvegur," sagði Ólafur.

> **Þegar […] útlit er fyrir að ávöxtun verði lægri en verðbólga er takmarkaður áhugi á að festa peninga hvort sem er í innlánum eða skuldabréfum.**
>
> Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins

Þrjár leiðir í boði

Stefán Broddi segir að þrjár leiðir séu í boði, miðað við stöðuna á markaðinum í dag. Langtímavextir geta hækkað þangað til lífeyrissjóðirnir og kannski erlendir fjárfestar sjá hag sinn í að kaupa ríkisbréfin á ný.

„Önnur leið er að Seðlabankinn komi inn og fjármagni halla ríkissjóðs að mestu leyti á lægri ávöxtunarkröfu, jafnvel neikvæðri raunávöxtunarkröfu," segir hann. Þriðja leiðin er síðan að ríkissjóður gefi út skuldabréf erlendis og skipti þeim fyrir krónur í Seðlabankanum. Það eykur krónur í umferð.

Ef krónur aukast aftur í umferð skapast aftur svigrúm fyrir bankana til að fjármagna skammtímaskuldir ríkissjóðs. „Það gerðist í upphafi krísunnar, en nú eru merki um að þetta lausafé sé ekki lengur til staðar. Hægt hefur á vexti peningamagns og það dróst saman í síðasta mánuði. Nú eru ekki lengur hæg heimatökin fyrir ríkið að fjármagna sig stutt í gegnum bankakerfið."

Nordic Smart Government

VERÐMÆTASKÖPUN MEÐ STAFRÆNUM LAUSNUM

Fjarfundur 27. nóvember 2020 kl. 8:30 - 10:00

Fjárfesting í stafrænni þróun og nýsköpun er brýn á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar, faraldurs og samdráttar. Hvar liggja tækifærin?

Verkefnishópur Nordic Smart Government vinnur að því að skoða hvernig skapa má verðmæti fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með því að gera rauntíma viðskiptagögn aðgengileg svo þau nýtist til nýsköpunar og vaxtar.

Boðið er til fundar um helstu afurðir þriðja áfanga verkefnisins. Fjallað verður um vegvísinn að stafrænu vistkerfi Nordic Smart Government, notkun stafrænna viðskiptaskjala á Norðurlöndunum og stöðu Íslands í því samhengi hvað varðar lagalegt og tæknilegt umhverfi. Næstu skref í verkefninu verða kynnt en til að framtíðarsýn Nordic Smart Government verði að veruleika þarf að koma á samstarfi hagaðila bæði í opinbera og einkageiranum.

Fundarstjóri
Hólmfríður S. Jónsdóttir, verkefnastjóri á verkefnastofu um stafrænt Ísland

Dagskrá:

8:30 Setningarávarp
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Nýsköpunarlandið Ísland
Sigríður Valgeirsdóttir, sérfræðingur, staðgengill skrifstofustjóra hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

Vegvísir að stafrænu vistkerfi Nordic Smart Government
Linda Rut Benediktsdóttir, sviðsstjóri hjá Skattinum

Notkun stafrænna viðskiptaskjala
Jóhanna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Skattinum

Lagalegt umhverfi Nordic Smart Government
Björg Anna Kristinsdóttir, ráðgjafi hjá KPMG

Tæknilegt umhverfi Nordic Smart Government
Georg Birgisson, ráðgjafi hjá Midran

Næstu skref
Snorri Olsen, ríkisskattstjóri

10:00 Fundarslit

Skráning á fundinn fer fram á vefsvæði Skattsins: ***https://www.rsk.is/skraning-a-nsg/***

Skatturinn | Stjórnarráð Íslands Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið | Stjórnarráð Íslands Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Nordic Innovation | Hagstofa Íslands

Verðbólga mælist nú 3,6 prósent.

Óbundin innlán heimila aukist um 95 milljarða

Óbundin innlán heimilanna hafa aukist um 18 prósent frá áramótum, eða samtals um 95 milljarða króna. Þetta kemur fram í nýbirtum tölum Seðlabanka Íslands. Óbundin innlán námu samtals 623 milljörðum króna í lok október, samanborið við 528 milljarða króna í byrjun árs, og hafa aldrei verið meiri í krónum talið samkvæmt tölum Seðlabankans sem ná aftur til ársins 2003.

Fjallað var um mikla aukningu á óbundnum innlánum heimilanna í Markaðinum í haust. Þar sagði Valdimar Ármann, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arctica Finance, að óbundin innlán gætu leitað í áhættusamari fjárfestingar þegar fram í sækir.

623

milljarðar króna eru á óbundnum reikningum heimilanna.

„Ef það þarf ekki að ganga á sparnaðinn til að halda uppi neyslu má sjá fyrir sér að hann muni á endanum leita í áhættusamari fjárfestingar þar sem raunávöxtunarmöguleikar innlánsreikninga eru afar takmarkaðir eins og er, og gefa neikvæða raunávöxtun eftir vaxtalækkunarferli Seðlabankans," sagði Valdimar.

Verðbólga hefur aukist frá því í vor og var 3,6 prósent í október. Samkvæmt spá Seðlabankans eru horfur á að verðbólga verði um 3,7 prósent að meðaltali fram á næsta ár en taki þá að hjaðna enda slakinn í þjóðarbúinu mikill.

Miðað við mælda verðbólgu er neikvæð raunávöxtun óbundinna innlána töluverð. Samkvæmt vaxtatöflum viðskiptabankanna voru nafnvextir á veltireikningum einungis 0,05 prósent og óbundnir bankareikningar, miðað við innlán sem eru innan við milljón krónur, báru einungis 0,25 prósenta vexti. Raunávöxtun verður því neikvæð um 3,35 til 3,55 prósent ef vextir og verðbólga verða áfram á sömu slóðum.

„Einhverjir munu kannski ekki átta sig almennilega á ávöxtuninni fyrr en þeir fá áramótayfirlitið. Það er fyrst núna sem tólf mánaða ávöxtun er að fara hratt niður og eftir tólf mánuði verður hún enn lakari. Þetta tekur tíma að síast inn," sagði Valdimar Ármann í umfjöllun Markaðarins í haust. – **þfh**

Boða 5,5 prósenta hækkun á gjaldskrá stórnotenda 2021

Iðnaðarráðherra segir breytinga að vænta á raforkulögum í vor. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir hækkun á gjaldskrá Landsnets óskiljanlega. Forstjóri Landsvirkjunar segir hækkunina sýna að úrbóta sé þörf á regluverki Landsnets. Landsvirkjun geti ekki velt kostnaði yfir á viðskiptavini sína.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Landsnet hefur tilkynnt stórnotendum flutningskerfis raforku á Íslandi að frá og með janúar næstkomandi muni gjaldskrá fyrirtækisins hækka um 5,5 prósent. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðarráðherra segir að ráðgert sé að leggja fram breytingar á raforkulögum á komandi vorþingi, þar sem byggt verður á yfirstandandi greiningarvinnu sem snýr að tekjumörkum Landsnets.

Samhliða birtingu skýrslu þýska ráðgjafarfyrirtækisins Fraunhofer um samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi með tilliti til raforkukostnaðar, tilkynnti iðnaðarráðuneytið að Deloitte á Íslandi hefði verið ráðið til að greina fyrirkomulag flutnings og dreifingu raforku á Íslandi. „Til að bregðast við gagnrýni og ólíkum sjónarmiðum sem fram hafa komið, meðal annars á leyfða arðsemi, fjármagnskostnað, rekstrarkostnað og fleira, hefur ráðuneytið fengið Deloitte til að vinna óháða greiningu og rýni á lagalegu umhverfi við setningu tekjumarka sérleyfisfyrirtækja. Hluti af greiningunni er að leggja mat á hvaða atriði hafa áhrif á reiknuð tekjumörk, og með hvaða hætti, ásamt samanburði við önnur lönd," sagði í tilkynningu ráðuneytisins.

Þórdís Kolbrún segist reikna með því að úttekt Deloitte á regluverki í kringum flutningskerfi raforku hér á landi muni fela í sér tillögur til úrbóta, en niðurstöður vinnunnar eiga að liggja fyrir í byjrun næsta árs. Ráðherrann segir jafnframt að fljótlega muni línur skýrast varðandi eignarhald Landsnets, en lengi hefur verið rætt um að ríkissjóður kaupi fyrirtækið, sem nú er í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkubús Vestfjarða og Orkuveitu Reykjavíkur. „Ráðgert er að leggja fram frumvarp á vorþingi um breytingu á raforkulögum, sem byggt verður á þessari greiningarvinnu, ásamt öðru efni sem unnið er að sem stendur. Um er að ræða faglega, óháða rýni á framangreindu regluverki og beitingu þess, með áherslu á samkeppnishæfni út frá flutnings- og dreifikostnaði raforku, tækifæri til hagræðingar og aukinnar skilvirkni, og jöfnun orkukostnaðar í landinu," segir iðnaðarráðherra.

„Greining Deloitte snýr að regluverki um setningu tekjumarka Landsnets og dreifiveitna, sem stýra gjaldskrám þessara sérleyfisfyrirtækja. Lagt verður mat á hvaða atriði hafa áhrif á tekjumörkin og með hvaða hætti, ásamt samanburði við önnur lönd. Einnig verður lagt mat á hvernig eftirliti og eftirfylgni með setningu tekjumarka er háttað, meðal annars hvernig kröfu um hagræðingu er fylgt eftir," segir Þórdís Kolbrún og bætir við: „Í nýlegri skýrslu þýska fyrirtækisins Fraunhofer um samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi með tilliti til raforkukostnaðar, kemur fram að flutningskostnaður stórnotenda hér á landi sé almennt sambærilegur við Quebec í Kanada en hins vegar almennt hærri en í Noregi og Þýskalandi. Þess er vænst að skýrsla Deloitte varpi ljósi á leiðir til að styrkja samkeppnishæfni Íslands hvað þetta varðar."

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í desember um að taka upp viðræður við núverandi eigendur Landsnets um kaup á fyrirtækinu. „Beint eignarhald ríkisins á Landsneti mun gera Landsnet hæfara til að sinna sínum mikilvægu hlutverkum og skýra og skerpa hlutverk aðila á raforkumarkaði," segir Þórdís Kolbrún. Hún bætir því við að úttekt Deloitte eigi einnig að svara því hvernig eftirliti og eftirfylgni Orkustofnunar með tekjumörkum Landsnets sé háttað. Kannað verði hvort efla þurfi starf Orkustofnunar eða endurskoða verkferla og forgangsröðun verkefna.

Veginn fjármagnskostnaður Landsnets, sem er metinn einu sinni á ári af sérstakri nefnd Orkustofnunar, er af mörgum sagður of hár. Það orsaki svo það að gjaldskrá Landsnets sé með þeim hætti að hún grafi undan samkeppnishæfni íslensks orkumarkaðar, en flutningskostnaður stórnotenda er jafnan 6 dalir á megavattstund.

Greint hefur verið frá því að hinn metni, vegni fjármagnskostnaður Landsnets endurspegli ekki raunverulegan fjármagnskostnað fyrirtækisins. Það er ekki síst vegna þeirra breytna sem lagðar eru til grundvallar. Einkum hefur notkun 10 ára hlaupandi meðaltals skuldatryggingarálags íslenska ríkisins verið gagnrýnd, en skuldatryggingaálag Íslands var enn þá í hæstu hæðum á fyrri hluta undanliðins áratugar þar sem mál á borð við Icesave-deiluna höfðu ekki enn verið leidd til lykta.

Afkoma Landsvirkjunar versnar vegna hækkunar Landsnets. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sýnir að úrbóta er þörf á regluverki um Landsnet

Hörður Arnarson

„Þetta sýnir að úrbóta er þörf á regluverkinu í kringum Landsnet, á sama tíma að við reynum að standa með viðskiptavinum okkar á erfiðum tímum með auknum sveigjanleika og tímabundnum verðlækkunum, þá hækka gjaldskrár Landsnets," segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Landsvirkjun er í dag stærsti eigandi Landsnets, en Hörður hefur áður stutt það að Landsnet færist í eigu ríkissjóðs. Landsvirkjun stendur jafnframt að baki meirihluti tekna Landsnets. Í eldri raforkusamningum Landsvirkjunar gagnvart stórnotendum er flutningskostnaður innifalinn í heildarverðinu. „Við getum ekki velt þessu yfir á okkar viðskiptavini," segir Hörður, en afkoma Landsvirkjunar mun því versna sem nemur gjaldskrárhækkunum Landsnets, vegna samninga með inniföldum flutningskostnaði.

Tímasetningin með ólíkindum

Sigurður Hannesson

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir algerlega óskiljanlegt að Landsnet ætli að hækka gjaldskrá sína í janúar: „Hækkunin leggst á öll heimili og fyrirtæki landsins, langt umfram almenna hækkun verðlags á Íslandi og tímasetningin er með ólíkindum. Í fyrsta lagi vegna þess sem sýnt hefur verið fram á, að arðsemi fyrirtækisins er langt umfram það sem ætla má hjá fyrirtæki með lögbundnum tekjumörkum. Í öðru lagi vegna þess að nýútkomin skýrsla Fraunhofer um íslenska raforkumarkaðinn sýndi með óyggjandi hætti að flutningskostnaður raforku á Íslandi er allt of hár. Í þriðja lagi vegna þess að iðnaðarráðherra hefur nýlega óskað eftir úttekt á fyrirkomulagi flutnings raforku á Íslandi með tilliti til kostnaðar notenda, sem er nú þegar mjög íþyngjandi. Ástæða þess er að allir eru sammála um að vandinn sé raunverulegur en ekki er vitað hvar hann liggur nákvæmlega. Það þarf að greina til hlítar og gera viðeigandi ráðstafanir."

Beint eignarhald ríkisins á Landsneti mun gera Landsnet hæfara til að sinna sínum mikilvægu hlutverkum.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð, iðnaðarráðherra

Strangari reglur um skuldir sveitarfélaga en hjá grannríkjum

Mörg nágrannaríki, sem Ísland ber sig saman við, hafa þann hátt á að áhættuvogir fyrir skuldbindingar sveitarfélaga eru þær sömu og áhættuvogir fyrir skuldbindingar ríkisins en það skilar sér í bættum lánakjörum fyrir sveitarfélög.

Samkvæmt reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands hafa áhættuskuldbindingar sveitarfélaga, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt þeirra, áhættuvogina 20 prósent. Hærri áhættuvog þýðir að banki þarf að binda meira eigið fé vegna skuldbindingarinnar, en það hefur áhrif á vaxtakjör. Skuldbindingar ríkissjóðs hafa hins vegar áhættuvogina 0 prósent, sem skilar sér í hagstæðum vaxtakjörum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin heldur utan um lista yfir lönd í Evrópusambandinu þar sem áhættuvogir fyrir skuldbindingar sveitarfélaga eru þær sömu og áhættuvogir fyrir skuldbindingar ríkisins. Listinn sýnir að meirihluti nágrannaríkja hefur þann hátt á. Má þar nefna Svíþjóð, Danmörku, Finnland, Bretland, Holland og Þýskaland.

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga, sagði nýlega í samtali við Fréttablaðið að Fjármálaeftirlitið gæti lækkað vexti sem sveitarfélög greiða af lánum frá fjármálafyrirtækjum um allt að 50 punkta, eða 0,5 prósentustig, með einu pennastriki.

„Þarna gæti hið opinbera gert lánveitingar banka til sveitarfélaga ódýrari með einu pennastriki. Ef reglurnar yrðu færðar til samræmis við það sem gengur og gerist í Evrópusambandinu, held ég að lækkun vaxta á þessum lánum geti numið allt að 50 punktum," sagði Óttar og benti á að samkvæmt lögum væri ekki hægt að taka sveitarfélög til gjaldþrotaskipta. „Þeir sem hafa biðlund þurfa ekki að sæta neinum afskriftum á lánum til íslenskra sveitarfélaga," sagði hann.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn á Fjármálaeftirlit Seðlabankans sem sneri að því hvort íslenska eftirlitsstofnunin viðhefði strangari túlkun en almennt gildir í þessum efnum.

„Á listanum sem þú vísar til má sjá sveitarfélög í 11 af 28 ríkjum í ESB og Bretland er eitt af þessum ellefu ríkjum. Það er því í minnihluta aðildarríkjanna sem áhættuvogir fyrir skuldbindingar sveitarfélaga eru þær sömu og áhættuvogir fyrir skuldbindingar ríkisins," segir í svari eftirlitsins.

„Að mati Fjármálaeftirlitsins gera hvorki núgildandi skattheimtuheimildir íslenskra sveitarstjórna né stofnanafyrirkomulag þeirra það að verkum að hægt sé að líta á að enginn munur sé á áhættu milli áhættuskuldbindinga vegna þeirra og áhættuskuldbindinga vegna íslenska ríkisins," segir jafnframt í svari eftirlitsstofnunarinnar sem mun þó áfram fylgjast með þróun mála á þessum vettvangi og bregðast við ef tilefni er til. – **þfh**

Lönd með sömu áhættuvogir fyrir ríki og sveitarfélög

Austurríki
Belgía
Danmörk
Finnland
Þýskaland
Litháen
Lúxemborg
Holland
Spánn
Svíþjóð
Bretland

Landsvirkjun

Gerum heiminn grænan saman

Breytingum fylgja tækifæri. Nú er að verða einhver mesta bylting í orkubúskap jarðarinnar frá örófi alda, þegar öll heimsbyggðin ætlar að hætta að nota eldsneyti sem losar gróðurhúsalofttegundir og skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa.

Þessi vegferð er kunnugleg fyrir okkur Íslendinga, sem höfum þegar fetað okkur eftir slóð orkuskipta með hitaveitu og grænni raforkuvinnslu. En við erum ekki komin á leiðarenda.

Ísland er land endurnýjanlegrar orku og við höfum ýmislegt fram að færa í þeirri viðleitni að gera veröldina að hreinni og betri stað fyrir komandi kynslóðir.

Möguleikarnir eru nær ótakmarkaðir: Græn vetnisvinnsla, vistvænir iðngarðar, orkutengd matvælaframleiðsla og svo má áfram lengi telja.

Við auglýsum eftir reynslumiklu fólki til að koma með okkur í þessa spennandi vegferð og gera heiminn grænan. Um er að ræða fjögur störf á tveimur nýjum sviðum hjá okkur: Orkusölusviði og Viðskiptaþróunar- og nýsköpunarsviði.

---

vinn vinn

Sæktu um störfin hjá **VinnVinn.is**, þar sem þú finnur nánari upplýsingar um þau og helstu menntunar- og hæfniskröfur.

Viðskiptaþróunarstjóri

Viðskiptaþróunar- og nýsköpunarsvið

Helstu verkefni:

- Þróa tækifæri til að selja raforku eða aðrar vörur og þjónustu til nýrra viðskiptavina
- Útbúa viðskiptalíkön og stýra viðskiptaþróunarverkefnum
- Koma á og viðhalda góðu samstarfi við mögulega nýja viðskiptavini og stýra samningagerð
- Koma á og stýra samstarfi við önnur fyrirtæki, klasa og fleiri aðila vegna sóknar í ný viðskiptatækifæri
- Móta skilaboð, efni og viðeigandi markaðssetningu til að styðja markaðssókn

Gerð er krafa um framhaldsnám og reynslu sem nýtist í starfi.

Viðskiptastjóri

Orkusölusvið

Helstu verkefni:

- Eiga samskipti við og þjónusta viðskiptavini ásamt því að halda utan um rafmagnssamninga fyrirtækisins
- Sjá um innleiðingu og móttöku á nýjum viðskiptavinum
- Leiða eða eftir atvikum taka þátt í samningaviðræðum við núverandi viðskiptavini og taka þátt í samningagerð
- Taka þátt í að þróa þjónustu og vöruframboð Landsvirkjunar á raforkumarkaði

Gerð er krafa um framhaldsnám og reynslu sem nýtist í starfi.

Verkefnastjóri nýsköpunar

Viðskiptaþróunar- og nýsköpunarsvið

Helstu verkefni:

- Stýra orkutengdri nýsköpun í vetni, rafeldsneyti og orkuskiptum með það markmið að auka verðmætasköpun
- Vinna nýsköpunaráætlanir í samstarfi við viðskiptaþróun og aðra aðila
- Móta og stýra samstarfi við sveitarfélög, önnur fyrirtæki, klasa og fleiri aðila vegna sóknar í nýsköpun
- Stýra alþjóðlegri þekkingaröflun og samstarfi vegna rannsóknar- og nýsköpunarverkefna

Gerð er krafa um framhaldsnám og reynslu sem nýtist í starfi.

Sérfræðingur í viðskiptagreiningu

Orkusölusvið

Helstu verkefni:

- Greina markaði, t.d. innlenda og erlenda orkumarkaði og þá markaði þar sem viðskiptavinir okkar starfa
- Vinna í þverfaglegu teymi sem metur viðskiptatækifæri á innlendum og erlendum orkumarkaði og áhrif alþjóðlegra loftslagsaðgerða á þróun markaða á heimsvísu
- Veita almenna ráðgjöf innanhúss, vinna að framsetningu gagna og eiga í samskiptum við hagaðila

Gerð er krafa um framhaldsnám og reynslu sem nýtist í starfi.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

Nýtir ekki skattatap Lykils

Jakobsson Capital verðmetur TM á 40,1 krónu á hlut, en markaðsvirðið er 46,2. Vakin er athygli á því í verðmatinu að TM geti ekki fært sér í nyt yfirfæranlegt skattatap Lykils, sem sameinað var tryggingafélaginu. Greinandi Jakobsson Capital hafði reiknað með nær engri skattgreiðslu á þriðja ársfjórðungi.

Við mat greinanda á sameiningu fyrirtækjanna var meðal annars horft til umtalsverðs skattalegs taps Lykils sem „haldið var á lofti og að fjárfestum sem einn af sölupunktunum fyrir ávinningi sameiningar."

Jakobsson Capital taldi að skattalega tapið myndi nýtast allri samstæðunni. „Það er takmarkaður ávinningur af takmarkaðri nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi," segir hann. Fram kemur í skýringum ársreiknings að félögin séu ekki samsköttuð.

Jakobsson Capital hafði metið virði yfirfæranlegs skattalegs taps á um þrjá milljarða króna ef það nýttist fyrir alla samstæðuna. Í verðmatinu segir að erfitt sé að meta ávinning skattalegs taps nema í kjölfar útgáfu ársreiknings. „Gróft mat nú gefur að verðmæti yfirfæranlegs skattalegs taps sé vel rúmlega einn milljarður og lækkar um tæpa tvö milljarða króna," segir greinandi Jakobsson Capital.

Fulltrúar Kviku banka og TM ræða sameiningu fyrirtækjanna. „Mikil samlegð er með Kviku og Lykli en efnahagsreikningur Lykils hentar Kviku fullkomlega og öfugt. Vandi Kviku er ofgnótt fjármagns á breytilegum vöxtum sem félagið á í vandræðum með að koma í næga ávöxtun. Lykil skortir fjármögnun á breytilegum vöxtum en skortir ekki útlán. Ljóst er að verðmæti TM eru mun meiri fyrir Kviku en hinn almenna fjárfesti. Bæði vegna samlegðar og hugsanlega vegna yfirfæranlegs skattalegs taps," segir í verðmatinu. – **hvj**

Skoskur sjóður fjárfestir í Dohop fyrir á annan milljarð

Scottish Equity Partners eignast um 30 prósenta hlut. Hugbúnaðarfyrirtækið horfir til þess að ráða 50 til 60 starfsmenn á næstu tveimur árum. Sóttu 200 milljóna króna fjármögnun í sumar. Fyrstu drög að samningi lágu fyrir COVID-19 en heimsfaraldurinn gerði það að verkum að slá þurfti viðræðum á frest.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Vaxtarsjóðurinn Scottish Equity Partners (SEP), sem fjárfesti meðal annars í Skyscanner árið 2007, hefur fjárfest fyrir á annan milljarð króna í hugbúnaðarfyrirtækinu Dohop. Fyrir vikið eignaðist sjóðurinn um 30 prósenta hlut í íslenska fyrirtækinu.

Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop, segir að horft sé til þess að nýta fjármagnið til að styðja við áframhaldandi vöxt og ráða 50-60 starfsmenn á næstu tveimur árum. Hugbúnaðarþróun félagsins verði áfram að stórum hluta hérlendis. Starfsmenn eru nú 45.

Dohop þróar hugbúnað fyrir flugfélög. Í grunninn hjálpar hugbúnaðurinn flugfélögum að selja tengiflug á heimasíðum sínum. Hér á landi er fyrirtækið þekkt fyrir heimasíðu sína þar sem hægt er að leita að flugi víða um heim. Á undanförnum árum hefur áherslan flust af rekstri heimasíðunnar yfir í að þróa hugbúnað þar sem fólk leitar að tengiflugi á heimasíðu flugfélaga. Samningur við EasyJet árið 2017 markaði ákveðin þáttaskil hvað það varðar.

Þurftu að sýna biðlund

Davíð segir að ferlið við að afla aukins hlutafjár hafi tekið töluverðan tíma. Starfsmenn Dohop hafi hitt fulltrúa SEP í október 2019, kaupskilmálar verið undirritaðir í desember og ljúka átti við samninginn í lok mars. Þá hafi COVID-19 breiðst yfir heimsbyggðina og SEP ákvað að bíða með fjárfestinguna í ljósi óvissu í ferðaþjónustu.

„Við reyndum að halda sambandi við þá og það tókst með herkjum. Rætt var við starfsmenn SEP á þriggja til fjögurra vikna fresti. Í september var svo komið að annaðhvort yrði að ganga til samninga eða við myndum leita til annarra fjárfesta. SEP sýndi því skilning, við skrifuðum undir annan samning um helstu kaupskilmála og málinu lauk tveimur mánuðum seinna," segir hann.

Kaupverðið lækkaði

Davíð segir að kaupverðið hafi lækkað töluvert á milli samninga.

Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Það er fullkomlega eðlilegt. Horfur voru á að Dohop myndi velta 1,2 til 1,5 milljörðum króna í ár. Það er rúmlega tvöföldun á milli ára. Veltan nam um 120 milljónum króna í janúarmánuði en svo kom kórónafaraldurinn og tekjurnar fóru langleiðina í núll. Fjárfestarnir líta svo á að fólk vilji ferðast á nýjan leik þegar COVID-19 er á bak og burt. Þeir horfa til lengri tíma," segir hann.

> **Jafnvel þótt tekjurnar hafi þurrkast út er tækifærið sem við stöndum frammi fyrir stærra en áður.**
>
> Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop

Flestir starfsmenn fyrirtækisins fóru á hlutabótaleiðina í vor, enda félagið nánast tekjulaust, en komu að fullu til baka 1. september. „Við tókum slaginn: Það er nóg af tækifærum og til að vinna að þeim þurfum við á öllu okkar fólki að halda. Jafnvel þótt tekjurnar hafi þurrkast út er tækifærið sem við stöndum frammi fyrir stærra en áður. Eftirspurnin eftir hugbúnaðinum hefur aukist. Við hjálpum flugfélögum að selja tengiflug og þau vilja nýta COVID til að endurskipuleggja innviði og auka hagkvæmni þeirra. Við vorum að ljúka við fjórða samninginn við nýjan viðskiptavin frá því að COVID-19 hófst. En tekjumódelið okkar er með þeim hætti að við fáum einkum greitt þegar ferðamenn bóka flug," segir Davíð.

Fengu fjármögnun í sumar

Dohop aflaði 200 milljóna króna fjármögnunar í sumar með breytanlegu skuldabréfi. Núverandi hluthafar og nýir stóðu að fjármögnuninni. Skuldabréfinu var breytt í hlutafé samhliða því að SEP lagði hugbúnaðarfyrirtækinu til hlutafé.

Fyrir hlutafjáraukninguna var enginn einn hluthafi áberandi stór. Stærsti hluthafinn, Vivaldi Ísland, sem er í eigu Jóns S. von Tetzchner, átti 15 prósenta hlut og Frosti Sigurjónsson, fyrrverandi þingmaður, átti rúmlega níu prósenta hlut.

„Okkur vantaði einmitt öflugan kjölfestufjárfesti sem er áhugasamur um reksturinn og hefur skoðanir á því sem er gert," segir Davíð.

Nú verða þau tímamót í sögu Dohop að meirihluti stjórnarmanna verður erlendur. Við kaup SEP sest Stuart Paterson í stjórn félagsins. Í vor kom Maxwell Jon Reilly, sem starfað hefur sem ráðgjafi í flugiðnaði í 30 ár, í stjórn en árið 2018 tók Andrew Middleton, Commercial Director hjá easyJet, sæti í stjórn.

Vinna með EasyJet

Fram kom í Markaðnum sumarið 2018 að breska lággjaldaflugfélagið hefði lánað Dohop 2,25 milljónir evra. Hægt væri að breyta láninu í hlut í Dohop við lok lánstímans. Flugfélagið aðstoðar viðskiptavini við að finna tengiflug í gegnum önnur flugfélög. Tæknin er knúin af Dohop.

Breska ráðgjafarfyrirtækið Strata Partners í London aðstoðaði Dohop við að fjármagna reksturinn. „Þeir bentu okkur á lista af 70 mögulegum sjóðum og kynntu okkur meðal annars fyrir SEP. Það er afar verðmætt," segir hann.

OR fyrirhugar að greiða upp eigendalán snemma á næsta ári

Orkuveita Reykjavíkur stefnir að því að greiða upp eigendalán sem upphaflega var um 12 milljarðar, sem veitt var til fyrirtækisins í kjölfar fjármálahrunsins 2008. Á árinu voru tæpir sex milljarðar greiddir upp.

Að sögn Ingvars Stefánssonar, framkvæmdastjóra fjármála, eru eftirstöðvar eigendalánsins nú liðlega 3,6 milljarðar króna, en Ingvar segir að áætlað sé að eigendalánið verði greitt upp að fullu á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. „OR hefur nú góð tækifæri til að endurfjármagna skuldir. Vextir eru lágir og efnahagsreikningur hefur styrkst mjög á síðustu árum og er eiginfjárhlutfall ríflega 47 prósent í lok septembermánaðar."

Að sögn Ingvars skiptir meira máli hlutfall handbærs fjár frá rekstri og nettóupphæð skulda.

47%

er núverandi eiginfjárhlutfall Orkuveitu Reykjavíkur.

„Við viljum koma því niður fyrir 5. En það má segja að OR sé komin á lygnan sjó núna. Lánveitendur telja rekstur fyrirtækisins góðan, sem sést á lækkandi álagi á lánum."

Tekjur Orkuveitu Reykjavíkur af heitavatnssölu jukust um 1,2 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins. Tekjuaukninguna má að einhverju leyti rekja til gjaldskrárhækkana í samræmi við verðlagsþróun, en mikil magnaukning í sölu er megindrifkraftur tekjuaukningarinnar, að sögn Ingvars. „Viðskiptavinum hefur fjölgað, enda verið mikil uppbygging húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu. Kalt veður á þessu ári er þó meginskýringin á aukinni eftirspurn," segir Ingvar.

Rekstrartekjur OR á fyrstu níu mánuðum ársins námu um 35 milljörðum króna, sem er um 1,5 milljarða aukning frá sama tímabili í fyrra. Stærsti einstaki viðskiptavinur OR er álframleiðandinn Norðurál, en tekjur OR hafa engu að síður haldist í horfinu á árinu. „Álverð nú er á svipuðum slóðum og það var í upphafi árs áður en COVID hóf innreið sína af fullum krafti. Þó að það séu sveiflur á álverði er sala vegna álverðstengdra samninga aðeins um 12 til 13 prósent af heildartekjum okkar, enda með margar aðrar stoðir í okkar rekstri," segir Ingvar. – **thg**



Auknar tekjur af heitavatnssölu vega þungt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

EF ÉG ÆTTI EINA ÓSK,
VEISTU HVERS ÉG MUNDI ÓSKA MÉR?

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR

Sérmerkjum með þínu nafni, lit og logo, margir verðflokkar í boði,
stuttur afhendingartími, innpökkun í boði og getum komið fyrir sérstakri kveðju frá fyrirtækinu

577 5600 | info@oskaskrin.is

Óskaskrín

Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor, segir að ef yfirvöld taki innan skamms réttar ákvarðanir muni ferðaþjónusta taka hraðar við sér en margir telji. Að öðrum kosti verði ferðaþjónusta lengi

Núverandi fyrirkomulag drepur allt

Fáir ferðamenn munu koma til landsins ef núverandi sóttvarnareglur verða viðhafðar við landamærin í sumar. Ferðaþjónustan, ræður illa við að vera áfram svo gott sem tekjulaus næsta sumar. Sagt er að grípa þurfi til aðgerða strax til að bjarga sumrinu.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

„Ég get ekki hugsað það til enda, hvað verður um fyrirtæki í ferðaþjónustu, ef sömu sóttvarnaráðstafanir verða við landamærin langt inn á næsta ár.“ Þetta segir Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor.

Öllum sem koma til Íslands er skylt að fara í COVID-19 próf, dvelja í sóttkví í fimm daga og fara í annað próf. Umræddar sóttvarnaráðstafanir verða í óbreyttri mynd til að minnsta kosti 1. febrúar. Næsta ákvörðun um fyrirkomulag á landamærum verður tekin eigi síðar en 15. janúar. Frá og með 10. desember verða vottorð um að fólk hafi fengið COVID-19 og að sýking sé afstaðin tekin gild og veita undanþágu frá þeim kröfum sem annars eru gerðar.

Drepur allt

„Núverandi fyrirkomulag drepur allt. Ef ferðaþjónustan er ekki gjaldþrota nú þegar þá verður hún það innan tíðar. Ef það á að bjarga verðmætum verður að breyta þessu hratt,“ segir hann.

Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, segir að það sé ljóst að það muni engir ferðamenn koma til landsins ef þessar aðgerðir á landamærunum verði áfram við lýði.

Ásberg segir á að landamæri Evrópulanda séu almennt opin, þó ekki á Íslandi sem hafi hvað mestra hagsmuna að gæta af ferðaþjónustu.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu hefur hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu verið um átta prósent frá árinu 2016 til 2019. Fram hefur komið í fjölmiðlum að hún hafi skapað um þriðjung af gjaldeyristekjum landsins sem nú skili sér ekki til þjóðarbúsins.

Í nýlegri skýrslu frá starfshópi á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er talið að nærri 100 þúsund ferðamenn muni sækja landið heim árið 2021 ef núverandi fyrirkomulag verður á landamærum allt árið. Til samanburðar komu 459 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands árið 2010 og 2,3 milljónir árið 2018.

Fer niður á sumrin

Styrmir Þór Bragason, framkvæmdastjóri Arctic Adventures, segir að í baráttunni við COVID-19 hafi aldrei legið fyrir meiri upplýsingar en nú. Veiran hafi farið niður síðasta sumar á Vesturlöndum eftir þungan vetur, óháð sóttvörnum. Stjórnvöld hljóti að taka það til grundvallar og ákveði að opna fyrir ferðamenn í sumar. Auk þess sé ljóst að það styttist í bóluefni gegn veirunni.

Helmingur atvinnulausra tengdur

Rúmlega helmingur fólks á atvinnuleysisskrá í október kom úr atvinnugreinum tengdum ferðaþjónustu og verslun. Aðflutt vinnuafl og svæði sem reiða sig á ferðaþjónustu hafa fengið þungan skell en rúmur fimmtungur erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði og svipað hlutfall meðal íbúa á Suðurnesjum var án atvinnu í mánuðinum, segir í Peningamálum Seðlabankans. Þá hefur langtímaatvinnulausum, það er þeim sem hafa verið án vinnu í ár eða lengur, fjölgað en þegar farsóttin skall á hafði þegar dregið úr umsvifum í hagkerfinu eftir uppgang undanfarinna ára. Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði 11,3 prósent í desember. Ef starfsfólk á hlutabótaleið, sem sagt í minnkuðu starfshlutfalli, er talið með, verði atvinnuleysi 12,2 prósent. Í október var heildaratvinnuleysi 11,1 prósent. Seðlabankinn spáir því að atvinnuleysi verði liðlega tíu prósent á næsta ári, en í þeim tölum er ekki horft til þeirra sem eru á hlutabótum.

> **Núverandi fyrirkomulag drepur allt. Ef ferðaþjónustan er ekki gjaldþrota nú þegar þá verður hún það innan tíðar.**

Ásberg Jónsson, framkvæmdastjóri Nordic Visitor

Gjaldeyristekjur



ngi að jafna sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Horfa vongóð til Schengen

Sumir innan ferðaþjónustunnar eru vongóðir um framhaldið vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa samþykkt tilmæli ráðherraráðs Evrópusambandsins um breytingar á Schengen-regluverkinu. Markmið tilmælanna er að samræma aðgerðir vegna takmarkana á landamærum vegna COVID-19-faraldursins. Settir verða upp samræmdir litakóðar sem eiga að gefa til kynna stöðu faraldursins í hverju landi fyrir sig. Munu ferðatakmarkanir taka tillit til þess hver staðan er hverju sinni.

Grænn litur þýðir að nýgengi smits er undir 25 á hverja 100.000 íbúa og hlutfall jákvæðra sýna er undir 4 prósentum. Má líta svo á að íbúar þeirra landa geti ferðast frjálst á milli landa.

Appelsínugulur litur þýðir að nýgengi er undir 50 en hlutfall jákvæðra sýna er 4 prósent eða meira eða nýgengi er 25-150 og hlutfall jákvæðra sýna er undir 4 prósentum.

Rauður litur á við í öðrum tilvikum þar sem nýgengi er yfir 50.

Sigfús B. Sigfússon, forstjóri Hertz á Íslandi, segist treysta því að landamærin muni opnast snemma á næsta ári fyrir ferðamenn frá „grænum“ löndum og svo koll af kolli og eftir því sem bólusetningu miðar. „Það er hins vegar mjög erfitt að gera áætlanir fyrir næsta sumar en margt mun skýrast á næstu vikum,“ segir hann.

Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, segir að það sé klárlega mikill uppsafnaður ferðavilji. „Við heyrum það frá mörgum samstarfsaðilum okkar erlendis að áfangastaðir eins og Ísland verða fljótir í gang þar sem fólk mun frekar sækjast í áfangastaði þar sem er lítil mannþröng. Það verður samt sem áður mikil samkeppni á milli landa enda munu allir keppast við að fá sem flesta ferðamenn til sín,“ segir hann.

Neysla innlendra og erlendra ferðamanna
í milljörðum króna



Fjöldi ferðamanna með flugi



Fjöldi launþega í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu



Hann segir að ef annað sumar muni tapast í ferðaþjónustu verði það afar þungt fyrir fyrirtæki í atvinnugreininni. Ferðamenn bóki ferðir til Íslands í janúar, febrúar og mars. Ef ekki verði komið til sögunnar aðgerðaplan fyrir ferðaþjónustu innan skamms sé „nánast búið að eyðileggja sumarið“.

Fram kemur í fyrrnefndri skýrslu að ef tvöfaldri skimun verður hliðrað á þá vegu að fyrri skimunin eigi sér stað í heimalandi ferðamannsins en seinni skimunin við komu til Íslands sé gert ráð fyrir að ferðamenn verði um 800 þúsund á næsta ári.

Þá er möguleiki

Ásberg segist vonast til að slíku fyrirkomulagi verði komið á fljótlega. „Þá er möguleiki á að fá ferðamenn í febrúar og mars í norðurljósaferðir.“

Aðspurður um horfur hjá Nordic Visitor ef áframhaldandi takmarkanir verða við lýði segir hann að starfsmönnum muni fækka enn frekar.

Kristófer Oliversson, framkvæmdastjóri CenterHotels, segir: „Stóra málið fyrir okkur er fyrirsjáanleikinn í væntanlegum aðgerðum. Ef við fáum skýr skilaboð um aðgerðir við landamærin þá getum við strax byrjað að selja miðað við þær aðgerðir.“

Hann segir að ef það fáist skýr skilaboð um að landið verði opnað, til dæmis 1. mars, þá sé hægt að byrja að selja af krafti frá þeim degi. „Því seinna sem við byrjum því erfiðara verður að ná sumarvertíðinni og verðin verða enn lægri en þau eru orðin nú.“

Festa ekki ferðir í óvissu

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að ferðaskrifstofur og flugfélög séu ekki reiðubúin að festa ferðir hingað til lands á meðan óvissa ríkir um framhald núverandi aðgerða og óvissa sé um almennar forsendur mögulegra breytinga á sóttvarnaaðgerðum.

900

þúsund ferðamenn er fjöldinn sem fjármálaráðuneytið miðar við í sínum áætlunum.

„Það er því gríðarmikilvægt að stjórnvöld tilkynni sem allra fyrst um það hvernig sóttvarnaaðgerðum verði háttað frá áramótum, það er veiti fyrirsjáanleika um það hvaða forsendur muni liggja til grundvallar ákvörðunum um þær og við hverju megi búast í útfærslum miðað við hverjar forsendur fyrir sig. Á meðan þetta er ekki tilkynnt tapar samfélagið miklum verðmætum í hverri viku, það er verðmætum sem annars væru nú að verða til með bókunum ferðaskrifstofa á Íslandsferðum næsta sumar og haust,“ segir hann.

Jóhannes Þór segir að ferðamenn mæti ekki í lok maí eins og skrúfað væri frá krana. „Ferðirnar þarf að selja og bóka með fyrirvara. Því þurfum við að fá úr því skorið núna sem fyrst hvernig þessu verður háttað inn í næsta ár.“

Þurfa fyrirvara

Styrmir Þór nefnir auk þess að það taki tíma að koma starfseminni í gang. Til að mynda sé ekki farið með ferðamenn upp á jökla án leiðsagnar vel þjálfaðs starfsfólks. Það taki tíma að endurmennta starfsliðið.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds/Bílaleigu Akureyrar, segir að það myndi muna miklu fyrir rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu ef ferðamenn yrðu 800 þúsund. „Með sjö til átta hundruð þúsund ferðamenn ættum við allavega að ná upp undir núllið í rekstrinum sem væri frábært næsta skref.“ Hann segir að tapið í ár verði umtalsvert.

Hörð samkeppni

Kristófer segir að ljóst sé að samkeppnin næsta sumar verði „mjög hörð alþjóðlega“ og verðin verði umtalsvert lægri ef fram fer sem horfir.

Ásberg segir að það verði engu að síður erfitt fyrir rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu að fá um 800 til milljón ferðamenn til landsins. Misjafnt sé eftir tegund fyrirtækja hve erfitt sé að draga saman seglin. Hótel hérlendis hafi verið reist til að taka á móti 2,5 milljónum ferðamanna, erfitt sé fyrir þann rekstur að fækka herbergjum. Rútufyrirtækin eigi örðugt með að selja rútur en bílaleigur geti selt úr bílaflotanum. Aðrir viðmælendur nefna sömuleiðis að hvalaskoðunarfyrirtæki eigi erfitt með að fækka bátum.

Sigfús B. Sigfússon, forstjóri Hertz á Íslandi, segir að bílaleigan hafi notið góðs af því að bílasala hafi aukist og því getað selt hraðar úr flotanum en gert var ráð fyrir. „Ég myndi treysta mér til að reka fyrirtækið á núlli miðað við 40-50 prósent af starfsemi síðasta árs með færra starfsfólki og færri bílum.“ Hann nefnir að 40-50 prósenta samdráttur á milli ára á næsta ári sé bjartsýnasta rekstraráætlun Hertz.

100 til 200 milljarðar

Jóhannes Þór segir að það sé ljóst að ef núverandi sóttvarnaaðgerðir á landamærum verði í gildi fram á næsta vor eða yfir næsta sumar þá muni tap á útflutningstekjum geta hlaupið á bilinu 100 til 200 milljarðar.

Það myndi þýða að neikvæð efnahagsleg og samfélagsleg áhrif kreppuástandsins myndu framlengjast og aukast mjög.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

„Það er algerlega ljóst að ef núverandi sóttvarnaaðgerðir verða áfram í gildi fram á og yfir næsta sumar þá mun viðspyrna ferðaþjónustunnar verða lítil sem engin og atvinnuleysi í greininni haldast í svipuðum tölum og nú er. Það myndi þýða að neikvæð efnahagsleg og samfélagsleg áhrif kreppuástandsins myndu framlengjast og aukast mjög,“ segir hann.

Ásberg bendir á að öll fyrirtæki í ferðaþjónustu séu rekin með tapi um þessar mundir. Hann spyr hvers vegna hluthafar ættu að borga með rekstrinum þegar það sé ómögulegt að vita hvað þurfi að gera það lengi.

Ferðaþjónusta endurræsi hagkerfið

Styrmir Þór segir að ef endurræsa eigi hagkerfið þurfi ferðaþjónusta að fara aftur í gang. Hún byggi á miklum fjölda starfsfólks.

Margir sérfræðingar eru sammála því. Hópur fagfólks telur mikilvægt að nýsköpun og tækni verði ein af undirstöðum hagkerfisins en það mun taka mörg ár að byggja upp nokkurn fjölda af nýjum sprotafyrirtækjum. Aftur á móti geti ferðamönnum fjölgað til þess að gera hratt, einkum ef COVID-bóluefni kemst í almenna dreifingu og smit fari minnkandi. Það væri mikil lyftistöng fyrir hagkerfið á erfiðum tímum.

Ásberg segir að ef yfirvöld taki innan skamms réttar ákvarðanir muni ferðaþjónusta taka hraðar við sér en margir telji. Haldi yfirvöld fast við sinn keip verði atvinnuleysi langvarandi og það muni taka ferðaþjónustu langan tíma að jafna sig. „Boltinn er hjá stjórnvöldum,“ segir hann.

Styrmir Þór segir að landið verði í reynd lokað fyrir ferðamönnum í sumar verði Ísland sem ferðaþjónustuland ekki endurreist með auðveldum hætti.

Hann vekur athygli á að fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfi hafa tiltekinn lágmarksfjölda starfsmanna til að viðhalda lágmarksþekkingu á starfseminni innan fyrirtækisins. Sjái starfsmenn ekki fram á að hafa neitt við að vera á daginn leiti þeir annað. „Einungis besta starfsfólkið okkar er eftir [eftir uppsagnir, innsk. blm.]. Það getur fengið vinnu annars staðar,“ segir Styrmir Þór.

Fram hefur komið að ef COVID-19 skimunin verði breytt á þann veg að ferðamenn mega fara í skimun í heimalandinu, til dæmis, fjórum dögum fyrir brottför og svo aftur við komuna, sé gert ráð fyrir 800 þúsund ferðamönnum á næsta ári. Annars megi reikna með um 100 þúsund ferðamönnum.

Ríkið reiknar með ferðamennsku

Jóhannes Þór bendir á að fjármálaráðuneytið hafi sett sem viðmið um tekjuöflun ríkisins að eiga megi von á um 900 þúsund ferðamönnum til landsins á árinu 2021.

Rétt er að nefna að Seðlabankinn gerir ráð fyrir að liðlega 750 þúsund erlendir ferðamenn komi til landsins á næsta ári og á þeim gögnum reiknar bankinn með því að hagvöxtur verði 2,3 prósent árið 2021.

Kyoto-uppgjör ódýrara en talið var

Ekki er þörf á því að kaupa ETS-einingar til að gera upp skuldbindingar Íslands vegna Kyoto-samningsins. Formaður loftslagsráðs stjórnarráðsins segir að hægt sé að kaupa svokallaðar CER-einingar, sem myndi aðeins þýða um 200 milljóna króna kostnað.

Kostnaður Íslands vegna uppgjörs á Kyoto-samningnum verður líklegast innan við 200 milljónir króna, ef marka má framvirka markaði með svokallaðar CER-einingar (e. certified reduction unit). Slíkar einingar má nýta til að standa skil á skuldbindingum Kyoto-sáttmálans. Ekki þarf að kaupa svokallaðar ETS-einingar til að standa skil á skuldbindingunum, að sögn Halldórs Þorgeirssonar, formanns loftslagsráðs umhverfisráðuneytisins. ETS-kerfið er evrópskt viðskiptakerfi með losunarheimildir, en samkvæmt vefsíðu Umhverfisstofnunar er ETS-kerfið „meginstjórntæki ESB á sviði loftslagsmála og er ætlað að mynda hagrænan hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sambandinu," að því er segir á vef Umhverfisstofnunar. ETS-einingar kosta um 25 evrur fyrir jafngildi eins tonns af koltvísýringi á markaði, en CER-einingar kosta um 0,29 evrur um þessar mundir, samkvæmt markaðsgögnum frá Intercontinental Exchange-kauphöllinni (ICE).

Upphafleg einingaúthlutun Kyoto-sáttmálans var í formi svokallaðra AAU-einninga (e. assigned amount unit), en þær miðuðust við leyfðan útblástur á árunum 2008 til 2012. Viðskipti með slíkar einingar eru fátíð og eiga sér yfirleitt stað í tvíhliða samningum frekar en á opnum markaði. CER-einingar eru hins vegar jafngildar AAU-einingum, þegar kemur að því að uppfylla skilyrði Kyoto-sáttmálans. Halldór nefnir að hafa þurfi hraðar hendur ef kaupa eigi þær CER-einingar sem til þarf, þar sem gera megi ráð fyrir því að verð á slíkum einingum hækki eftir að útgáfu þeirra verður hætt, þegar skuldbindingartímabili Kyoto-sáttmálans lýkur við árslok og Parísarsamkomulagið tekur við.

> **Þetta hefur líka þýtt að ríki sem þurfa að kaupa losunarheimildir gera það á grundvelli fjárfestinga í umhverfisvænum verkefnum.**
>
> Halldór Þorgeirsson, formaður loftslagsráðs

CER-kerfinu var upphaflega komið á fót til að ýta undir loftslagsvænar fjárfestingar í þróunarlöndum, en Kyoto-samkomulagið náði aðeins til OECD-ríkja. Að sögn Halldórs hefur fjöldi iðnríkja kosið að kaupa einingar af löndum sem þau eru þegar í þróunarsamstarfi við, en CER-einingar eru gefnar út eftir að árangur af fjárfestingum í loftslagsvænum verkefnum hefur verið mældur og vottaður. „Þetta kerfi hefur gefist mjög vel. Þetta hefur líka þýtt að ríki sem þurfa að kaupa losunarheimildir gera það á grundvelli fjárfestinga í umhverfisvænum verkefnum," segir Halldór.

Ef keyptar yrðu CER-einingar vegna umframmengunar Kyoto myndi það kosta 187 milljónir króna. MYND//VILHELM

CER-einingar ganga reglulega kaupum og sölum á opnum markaði. ICE-kauphöllin er með framvirka samninga skráða fyrir slíkar einingar. Síðasta viðskiptaverð slíkra einninga var 0,29 evrur í þessari viku. Miðað við að Ísland þarf að kaupa einingar fyrir sem nemur fjórum milljónum tonna af koltvísýringi, yrði kaupverðið um 1,16 milljónir evra, eða sem nemur tæplega 187 milljónum króna. Áður hefur verið haft eftir umhverfisráðherranum Guðmundi Inga Guðbrandssyni að ríkissjóður gæti staðið frammi fyrir milljarðaútgjöldum vegna umframútblásturs á árunum 2008 til 2012. Ef marka má núverandi markaðsverð CER-einninganna er það þó líklega töluvert ofmat, þó að ráðherrann hafi sagt í viðtali við Ríkisútvarpið 10. nóvember síðastliðinn „nokkrar leiðir færar til þess að bregðast við þessu".

Litlu munaði að Kyoto-samkomulagið hefði ekki öðlast gildi að fullu á dögunum. Eitt skilyrða fullgildingar sáttmálans var að 144 af 192 ríkjum heims myndu formlega samþykkja hann fyrir 2. október síðastliðinn. Aðeins nokkrum klukkutímum áður en fresturinn rann út skilaði Nígería inn samþykki sínu á sáttmálanum. Deginum áður hafði karabíska eyríkið Jamaíka einnig veitt samþykki sitt, en af því tilefni tísti loftslagsdeild umhverfisráðuneytis Jamaíka að samþykki hafi verið veitt á hraða Usain Bolt.

thg@frettabladid.is

Gjafakort í jólapakka starfsmanna

Gjafakort Arion banka er góður kostur sem jólagjöf frá þínu fyrirtæki til starfsfólksins. Þú velur upphæðina – viðtakandinn velur gjöfina. Allir fá það sem þá langar í. Gjafakortið er hægt að nota til greiðslu í verslunum um allan heim og einnig á netinu.*

Þú getur pantað **gjafakort** fyrir þitt fyrirtæki á **arionbanki.is**. Hægt er að nota gjafakortið í **Apple Pay**.

* Þar sem PIN eða auðkenningar er ekki krafist.

arionbanki.is

People Experience

Við aðstoðum fyrirtæki að finna og ráða hæfileikafólk innan STEAM (Science, Tech, Engineering, Arts & Mathematics)...

...og að skapa eftirsóknarvert vinnuumhverfi og menningu

Með því að sameina mannauðsstefnu, ferla og tæknilausnir aðstoðum við fyrirtæki við að skapa líflegri og umfram allt heilbrigðari vinnustaði.

Geko aðstoðar þitt fyrirtæki við að kveikja áhuga hæfileikafólks, ráða það til starfa, tryggja að starfsfólk sé virkt og valdeflt og að allir hafi tækifæri til að þróast í starfi.

Austurstræti 12a pex@geko.is **geko.is**

geko

FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

JÓLA AFTERNOON TEA
ALLA DAGA 14.30–17.00

Bláberjaskonsur
Þeytt íslenskt smjör og tvær tegundir af sultu
Confit önd á vestfirskri hveitköku
Andaconfit rillet, karamelluseruð epli, Maltsósa, appelsínusósa
Bleikja & lummur
Kjúklingabaunalummur, léttgrafin bleikja, piparrótarsósa, hrogn, stökkar linsubaunir, yuzu-ylliblómadressing
Nauta carpaccio á stökku brauði
Trufflu og sveppa duxelle, parmesanflögur
Jólasamloka
Hamborgarahryggur, gulróta- og grænbaunamæjó

SÆTT
Eton Mess skyr ostakaka
Hvítsúkkulaði-skyrmús, marengs, hindber, hindberjasósa
Þrista-súkkulaðiterta
Súkkulaði, Þristur, vanilluís, þeyttur rjómi
Bollakökur
Red Velvet
Súkkulaðifudge
Sörur
Makkarónur

Afternoon Tea	3.990 kr. á mann
Með glasi af Prosecco freyðivíni	4.890 kr. á mann
Með glasi af Möet kampavíni	5.890 kr. á mann

FJALLKONAN FAGNAR ÞÉR!

Hafnarstræti 1–3 > **fjallkona.is**

Þórunni finnst skemmtilegt að prufa nýjungar í eldhúsinu, svo fremi að annar kaupi inn og gangi frá. MYND/AÐSEND

Efnilegur kylfingur og liðtækur kokkur

Svipmynd
ÞÓRUNN ÓLAFSDÓTTIR

Nám:
Meistarapróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2015. Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Störf:
Yfirlögfræðingur verðbréfafyrirtækisins Fossa markaða hf. Ég tók við því starfi í desember 2019 eftir að hafa starfað sem lögmaður með áherslu á skatta- og félagarétt.

Fjölskylduhagir:
Í sambúð með Ómari Erni Bjarnþórssyni. Saman eigum við von á dóttur nú á allra næstu dögum.

Þórunn Ólafsdóttir hefur gegnt starfi yfirlögfræðings Fossa markaða síðan í desember á síðasta ári. Hún hefur komið sterk inn á golfvöllinn á undanförnum misserum. Fram undan er fæðingarorlof, en Þórunn og sambýlismaður hennar Ómar Örn eiga vona á sínu fyrsta barni á næstunni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Eins og svo mörgum þá finnst mér fátt skemmtilegra en að ferðast um og skoða heiminn en af hversdagslegri hlutum finnst mér yndislegt að fara í sund, einkum á köldum vetrarkvöldum. Auk þess þykir mér mjög gaman að vesenast eitthvað í eldhúsinu og prófa eitthvað nýtt fyrir mér þar með misgóðum árangri, sérstaklega ef einhver annar kaupir inn og gengur frá. Undanfarið hef ég svo verið að koma sterk inn í golfinu og stefni á að ná enn betri tökum á því sporti.

> Það verður að viðurkennast að vinnan hefur tekið stóran part af mínum hversdagsleika hingað til en það er nú fyrst og fremst vegna þess að ég hef gaman af því sem ég er að gera.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Ég vildi að ég gæti sagt að rútínan væri jóga og grænn drykkur en staðreyndin er sú að ég opna yfirleitt fjölmiðla og tölvupóstinn upp í rúmi yfir fyrsta kaffibollanum áður en ég kem mér í sturtu. Fyrir COVID var líkamsrækt partur af þessari rútínu allavega þrjá morgna í viku. Stefni á að koma því aftur inn sem fyrst.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Það verður að viðurkennast að vinnan hefur tekið stóran part af mínum hversdagsleika hingað til en það er nú fyrst og fremst vegna þess að ég hef gaman af því sem ég er að gera. Það verður sannarlega áskorun að aðlagast breyttum veruleika með tilkomu frumburðarins og finna þetta jafnvægi.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Áskoranirnar hjá lögfræðingi hjá fjármálafyrirtæki eru fjölmargar og snúast að miklu leyti um að halda yfirsýn yfir það mikla og síbreytilega regluverk sem fylgir rekstri slíkra fyrirtækja, halda starfsfólki upplýstu og ferlum í samræmi við lög og reglur. Skemmtilegri verkefni snúa svo að því að finna lausnir á lagalegum álitaefnum í tengslum við breytingar og nýjungar innan fyrirtækisins. Það er ótrúlega skemmtilegt og um leið krefjandi að starfa með færu fólki í því að láta nýjar hugmyndir verða að veruleika.

Hver er helstu verkefnin fram undan?

Fram undan hjá mér er fæðingarorlof sem ég ætla að reyna að njóta til hins ýtrasta. Planið var að nýta þann tíma meðal annars í ferðalög ef aðstæður leyfa. Að orlofinu loknu hlakka ég til að hverfa aftur til starfa og takast á við þau fjölmörgu og fjölbreyttu verkefni sem munu bíða mín hjá Fossum mörkuðum.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég er mjög ánægð í þessu fagi og á erfitt með að sjá mig fyrir mér á öðrum vettvangi, en ef eitthvað þá hugsanlega í einhverjum rekstri.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Þessari spurningu á ég mjög erfitt með að svara. Hingað til hef ég svolítið látið hlutina ráðast og mín plön ná yfirleitt ekki lengra en nokkra daga eða vikur fram í tímann. Ég vona þó að ég eigi eftir að eiga góða vinkonu í tíu ára dóttur minni þá og verði ánægð í leik og starfi.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Þessi er aftur á móti mjög auðveld! Settur dagur nálgast og biðin er afar löng svona á síðustu metrunum og tilhlökkunin er gríðarleg. Jólaspenningurinn kemst ekki einu sinni að.

Framlag okkar

Framlag PwC felst í því að finna lausnir við aðsteðjandi áskorunum og byggja upp traust í samfélaginu.

Þetta er okkar leiðarljós í samskiptum og viðskiptum.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

Nútímavæðing sjávarútvegs í Rússlandi

Olga Fedorova
viðskiptalögfræðingur frá Alþjóðastofnun rússneska utanríkisráðuneytisins

Áhugavert er að fylgjast með þeim miklu breytingum sem eru að verða við nyrsta haf Rússlands. Mikil nútímavæðing á sér stað í rússneskum sjávarútvegi með kröfum um betri fiskvinnslutækni og afkastagetu fiskiskipa og fjárfestingarátaki til framþróunar sjávarútvegs og fiskeldis. Íslensk tæknifyrirtæki á heimsmælikvarða sem bjóða vinnslutækni sjávarútvegs ættu að róa á þann hafsjó tækifæra.

Loftslagsbreytingar við nyrsta haf

Rússneska landsvæðið nær yfir um helming norðurskautssvæðis heimsins. Alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga á norðurslóðum eru æ sýnilegri: Veðurröfgar, ný hitamet slegin, sífreri og hafís hopar.

Rússar hafa markað stefnu um nauðsynlegar aðgerðir til að hægja á þessum breytingum. Stjórnvöld hafa undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar á borð Parísarsamkomulagið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Miklar breytingar á norðurslóðum þýða einnig tækifæri fyrir Rússa. Fyrir voru þessi svæði einangruð af ís og harðneskjulegu veðurfari en nú hopar ísinn æ meir til norðurs. Ný landsvæði rík af auðlindum opnast, sem og Norðaustursiglingaleiðin sem lengst af hefur verið ísilögð og ófær. Skip geta nú siglt þessa leið um helming ársins.

Norðurslóðastefna Rússa

Norðurslóðastefna Rússa sem tók gildi árið 2008 lýtur að fjórum þjóðarhagsmunum þeirra: Í fyrsta lagi er nýting auðlinda og tækifæra sem koma til vegna breytinga á norðurslóðum. Í öðru lagi er árangursrík efnahags- og félagsþróun sem tekur tillit til einstakrar náttúru heimskautasvæðisins. Í þriðja lagi að tryggja frið og samvinnu. Í fjórða lagi að nýta til fulls þau tækifæri sem opnast með Norðaustursiglingaleiðinni.

Framtíð Rússa liggur að miklu leyti á norðurslóðum. Þar er um fimmtungur rússnesks landsvæðis. Þaðan kemur um fjórðungur útflutnings Rússa og þar er um fimmtungur allrar iðnaðarframleiðslu landsins.

Vegna þessa hafa Rússar ráðist í margvíslegar aðgerðir til að endurbyggja innviði við nyrstu höf sem margir voru yfirgefnir fyrir 20-25 árum. Á sama tíma vilja Rússar styrkja yfirráð sín á norðurslóðum, meðal annars til að tryggja heildaröryggi Norðaustursiglingaleiðarinnar.

Nútímavæðing sjávarútvegs

Sjávarútvegstækni í Rússlandi hefur löngum þótt standa samkeppnisþjóðum að baki. Stór hluti fiskiskipa var smíðaður á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Meðalaldur þeirra er um og yfir 30 ár og því komin yfir áætlaðan nýtingartíma. Að sama skapi er fiskvinnslutækni að miklu leyti úr sér gengin. Þrýstingur er því mikill á að smíða nýrri og betri fiskiskip og stóraukna fjárfestingu í vinnslutækni á sjó og í landvinnslu, sem og innviðum þeim tengdum.

Rússnesk stjórnvöld kynntu árið 2009 aðgerðir til endurbóta í sjávarútvegi þar sem horft var til ársins 2020. Meginmarkmið var sjálfbærni og endurheimt fiskistofna ásamt umtalsverðri uppbyggingu fiskeldis. Undir merkjum aukinnar samkeppnishæfni yrðu Rússa leiðandi í fiskveiðum.

> **Íslensk tæknifyrirtæki sem þjónusta sjávarútveg ættu að sækja hlutdeild í þeirri miklu nútímavæðingu sem á sér stað í rússneskum sjávarútvegi.**

Hærra tæknistig vinnslu og flota

Það kallaði á þróun frá hráefnisútflutningi til meiri verðmætasköpunar sem knúin yrði áfram með nýsköpun á virðiskeðjum og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Hækka skyldi tæknistig fiskvinnslu og fiskiskipaflotans í innlendum skipasmíðastöðvum. Byggja átti upp innviði fyrir fiskvinnslu sem og fyrir þjónustu við fiskiskipaflotann. Styrkja skyldi fiskifræði og sjávarútvegstækni og þjálfa hæft starfsfólk. Auka átti skilvirkni fiskveiðistjórnunar ríkisins, styrkja reglu- og stofnanaumhverfi, ýta undir hvata til atvinnustarfsemi og fjárfestinga í sjávarútvegi. Hvatt var til alþjóðlegt samstarfs.

Þessi stefna var metin og endurskoðuð árið 2015. Í ljós kom að einungis fjórðungur fiskiskipaflotans hafði verið endurnýjaður. Ný endurskoðuð metnaðarfull stefna miðar við árið 2030. Meiri áhersla er á atvinnusköpun, lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa, fæðuöryggi og lýðheilsusjónarmið. Auka þyrfti framleiðni vinnuafls og hagnað sjávarútvegsfyrirtækja. Heildarframlag sjávarútvegs til landsframleiðslu á að auka um fimm prósent á ári.

Krafa um betri fiskvinnslutækni

Megináhersla er á nútímavæðingu sjávarútvegs, innviði, fiskvinnslu sem og fiskiskip. Þetta kallar á aukna framleiðslu sjávarafurða, betri fiskvinnslutækni og afkastagetu fiskiskipa, fjárfestingarátak til framþróunar sjávarútvegs og fiskeldis.

Ýmsir hvatar styðja við þessa stefnu. Útgerðum býðst viðbótarkvóti gegn smíði nýrra fiskiskipa. Niðurstaðan er að fá ef nokkur lönd uppfæra flota sinn hraðar en Rússar. Það er þrátt fyrir tímabundnar efnahagsþrengingar Rússa. Dagblaðið Financial Times greinir til að mynda frá því í nóvember að rússneska rúblan hafi á árinu fallið um 23 prósent miðað við bandaríkjadollar.

Stöðufundur með Pútín

Nýverið var greint frá vinnufundi Vladimirs Pútín, forseta Rússlands, og Ilya Shestakov, yfirmanns sjávarútvegsmála Rússneska sambandsríkisins. Stjórnvöld birta á netinu orðrétt samtal þeirra.

Shestakov sagði sjávarútveg landsins vera efnahagslega sterkan og hann skipi nú þriðja sæti yfir stærstu atvinnugreinarnar á eftir fjármálastarfsemi og námuvinnslu. Hann spáði því að ársafli landsins færi yfir fimm milljónir tonna. Að auki væri vöxtur fiskeldis mikill. Í ár sé gert ráð fyrir 17 prósenta aukningu fiskeldis, framleiðsla á laxi tvöfaldist og verði 100 þúsund tonn.

Hann greindi frá fjárfestingaráætlun stjórnvalda: Þegar hefði verið tilkynnt um smíði 107 skipa. Alls eru það 56 skip, sem smíðuð verða innan ramma uppboðs á krabbaveiðum, auk smíði 35 annarra skipa. Afgangurinn er áætluð smíði sem er hluti af stuðningsaðgerð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Af þessum 107 skipum hafa fjögur þegar verið afhent viðskiptavinum og ellefu verið sjósett.

Shestakov sagði að auk þeirra ellefu fiskvinnsluverksmiðja á landi sem byggðar hafa verið, geri áætlanir ráð fyrir uppbyggingu 25 til viðbótar.

Hafsjór tækifæra

Það liggja mörg tækifæri fyrir þá sem vilja taka þátt í að nútímavæða rússneskan sjávarútveg. Íslensk tæknifyrirtæki sem þjónusta sjávarútveg á borð við Völku, Marel, Frost, Héðin, Vöku, Hampiðjuna, Naust Marine, Rafeyri, Samey, Slippinn, Skagann3X og fleiri, hafa sýnt að þau eru á heimsmælikvarða þegar kemur að vinnslutækni í sjávarútvegi. Þau ættu að sækja hlutdeild í þeirri miklu nútímavæðingu sem á sér stað í rússneskum sjávarútvegi. Slíkt kallar á þor, þolinmæði og þekkingu. Þeir fiska sem róa.

Er íslenska þjóðarbúið hlunnfarið um skatttekjur vegna starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi?

Kristinn Jónasson
lögmaður hjá KPMG Law

Virðisaukaskattur er ein stærsta tekjulind íslenska þjóðarbúsins, það er staðreynd. Í ljósi þess virðist þó sem þróun regluverksins í kringum skattheimtuna hafa setið á hakanum og ekki fengið þá athygli sem ætla mætti miðað við samfélagsþróun og þróun skattalöggjafar í þeim löndum sem við Íslendingar berum okkur saman við. Breytingar í þá átt að regluverkið í kringum skattheimtu virðisaukaskatts aðlagist viðskiptalífi nútímans virðast koma seint, ef þær koma á annað borð. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi skattheimtunnar og eftirlits með skilum skatttekna í því ástandi sem nú ríkir, þegar ríkissjóður verður af gríðarlegum skatttekjum á hverjum degi.

Í lögum um virðisaukaskatt er kveðið á um víðtæka skattskyldu allra þeirra sem stunda viðskipti á Íslandi, falli viðskiptin á annað borð undir gildissvið laganna. Það þýðir að erlendu fyrirtæki ber, líkt og íslensku fyrirtæki, að upplýsa skattyfirvöld um viðskipti sem það stundar hér á landi, innheimta virðisaukaskatt af tekjum vegna starfseminnar og skila honum til ríkissjóðs. Rétt er að benda á að skilaskyldan á virðisaukaskattinum getur verið á hinn veginn og fallið á íslenskan kaupanda þjónustu. Íslenskur kaupandi verður þannig gerður ábyrgur fyrir greiðslu virðisaukaskattsins ef erlent fyrirtæki sem íslenskur kaupandi stundar viðskipti við, fer ekki eftir fyrirmælum laganna.

Vegna hnattvæðingarinnar streymir hingað til lands, bókstaflega, þjónusta erlendra fyrirtækja sem aldrei fyrr. Má þar nefna þjónustu fyrirtækja sem bjóða upp á bókunarþjónustu og erlendar streymisveitur afþreyingarefnis á borð við Netflix og Amazon sem eru skráðar á VSK-skrá og í fyrirtækjaskrá Skattsins.

Erlendum fyrirtækjum sem selja rafræna eða stafræna þjónustu yfir landamæri til neytenda á Íslandi er nú gert kleift að tilkynna starfsemi sína hér á landi og skila virðisaukaskatti sem þau innheimta á Íslandi á rafrænni vefgátt Skattsins með nokkuð skilvirkum og einföldum hætti. Um nokkurt skeið hafa sambærilegar reglur verið í gildi innan Evrópusambandsins (ESB) fyrir atvinnufyrirtæki með heimilisfesti fyrir utan sambandið sem selja slíka þjónustu til neytenda í ESB. Úrræði þetta hefur verið kallað „einföld skráning“ og kom inn í regluverk virðisaukaskatts á Íslandi fyrir tilstuðlan Efnahags- og framfarastofnunninnar (OECD). Það verður að segjast að þetta úrræði sé gleðitíðindi fyrir ríkissjóð, sem hefur verið og er vafalaust hlunnfarinn skatttekjum vegna óupplýstrar starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi á hverjum degi.

Erlendum fyrirtækjum sem sækja tímabundið hingað til lands í þeim tilgangi að afhenda hér lausafé og/eða veita hér áþreifanlega þjónustu til dæmis í tengslum við bygginga- og mannvirkjaframkvæmdir, stendur ekki sambærilegt úrræði til boða. Hér er átt við fyrirtæki sem eru með takmarkaða tekjuskattsskyldu hér á landi vegna tímabundinnar viðveru. Þessi erlendu fyrirtæki hafa þó skyldum að gegna við að innheimta virðisaukaskatt við sölu lausafjár eða sölu á áþreifanlegri skattskyldri þjónustu vegna hinnar víðtæku skattskyldu virðisaukaskatts. Þeim standa þó til boða önnur úrræði, til dæmis að verða sér út um svokallaðan „VSK-umboðsmann“, skrá útibú erlenda félagsins í fyrirtækjaskrá eða þá hreinlega að stofna dótturfélag vegna tekjuöflunar á Íslandi. Það mætti þó velta vöngum um vilja erlendra fyrirtækja með takmarkaða skattskyldu til að nýta sér þessi úrræði og þá hvort það hindri að erlent fyrirtæki framfylgi íslenskum rétti með þeim afleiðingum að ríkissjóður beri skaða af.

VSK-umboðsmaður er lögaðili eða einstaklingur sem gegnir stöðu umboðsmanns erlenda fyrirtækisins. Í lögum um virðisaukaskatt er skortur á efnislegri umfjöllun um réttarstöðu og hlutverk VSK-umboðsmanns. Þetta úrræði, byggir í raun á ákvæði í reglugerð sem tók gildi árið 1990. Framkvæmd skattyfirvalda í tengslum við þetta úrræði byggir á stuttri umfjöllun í handbók um virðisaukaskatt sem gefin var út árið 1998. Almennt gilda sömu reglur um innheimtu og skil á virðisaukaskatti og hjá íslenskum aðilum. VSK-umboðsmaður ber þó sameiginlega, með erlenda atvinnufyrirtækinu, ábyrgð á skilum virðisaukaskatts fyrir hönd erlends fyrirtækis vegna viðskipta sem það stundar hér á landi og framkvæmir skil erlenda fyrirtækisins í eigin nafni. Þetta þýðir að íslenski umboðsmaðurinn og einstaklingur í hans fyrirsvari (ef um lögaðila er að ræða) getur borið ábyrgð á virðisaukaskattsskilum erlenda félagsins í sex ár. Þetta gæti átt við ef erlendi lögaðilinn hefur ekki upplýst umboðsmann sinn um öll þau viðskipti sem hann stundar á Íslandi. Til að tryggja sig gegn því að það misfarist hjá erlenda atvinnufyrirtækinu að standa við skattalegar skuldbindingar hér á landi, hafa íslenskir umboðsmenn til dæmis brugðið á þann leik að kalla eftir tryggingu fyrir áföllum sem þeir kunna að verða fyrir í tengslum við hlutverk sitt fyrir erlendan aðila.

> **Vegna hnattvæðingarinnar streymir hingað til lands, bókstaflega, þjónusta erlendra fyrirtækja sem aldrei fyrr.**

Hvað ef erlendu fyrirtæki tekst ekki að verða sér úti um íslenskan umboðsmann? Skráir það útibú hér á landi eða stofnar það dótturfélag í þeim eina tilgangi að skila virðisaukaskatti vegna þjónustu sem það veitir hér á landi yfir stutt og afmarkað tímabil? Eða sleppir það hreinlega bara að upplýsa skattyfirvöld um viðveru sína á Íslandi?

Reynslan af einfaldara úrræði fyrir erlend fyrirtæki sem selja hingað þjónustu yfir landamæri með rafrænum hætti hefur sýnt aukinn áhuga þeirra á að standa í skilum á virðisaukaskatti og jafnvel að þau geri upp gamlar syndir af eigin frumkvæði og greiði vangoldinn virðisaukaskatt í ríkissjóð nokkur ár aftur í tímann.

Í Noregi hefur verið farin sú leið að heimila erlendum fyrirtækjum, sem eru með heimilisfesti í landi sem er aðildarríki að EES-samningum, að skrá sig beint á norsku virðisaukaskattsskrána, án aðkomu þarlends umboðsmanns. Í Danmörku er ekki gerð krafa um VSK-umboðsmann og geta erlend félög sem stunda viðskipti innan danskrar lögsögu almennt skráð sig með rafrænum hætti á heimasíðu danskra skattyfirvalda.

Það má því spyrja sig hvers vegna sambærilegt úrræði standi ekki erlendum fyrirtækjum með takmarkaða skattskyldu sem veita áþreifanlega þjónustu hér á landi til boða til að stuðla að auknum skatttekjum og skilvirkni regluverksins.

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Hjólafesting á bíl

frá 4.995

Viðgerðar-kollur

7.495

Jeppatjakkur 2.25T 52cm

19.995

49.999

Vélagálgi 2T

Viðgerðarbretti

4.895

Hjólatjakkur 2T m/tösku

4.795

1.999

Álskóflur

9.985

Vélastandur 500kg

AirBrush loftdæla

19.995

6T Búkkar 605mm Par

9.999

frá 1.495

Startkaplar

4.995

Hleðslutæki 12V 6A

39.995

Verkfæraskápur á hjólum

99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum

Steðjar í miklu úrvali

7.995

1/2 Toppasett

3.995

1/4 Toppasett

Vice Multi angle

6.985

14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk

5.995

Verkfærasett 108 stk

4.995

Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla

15.995

Ranamyndavél

Mikið úrval af LED kösturum og ljósum

Verðmæta-skápar

frá 5.995

Sandkassa-grafa

4.995

Lyklabox í miklu úrvali

4.995

Verkfærasett

1.995

Burstasett í borvél

Lím-byssur

frá 995

Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

13.995

Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995

9.999

Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm

Fjölsög Höfftech

5.999

Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali

Útskurðarsett

19.995

Súluborvél 350W

16.995

Metabo KS216 bútsög

14.995

SDS Lofthöggvél GMC

SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Skotsilfur

Nóg fyrir stafni

Seðlabankinn ásælist mjög stjórnarmenn ríkisbankanna þessa dagana. Flóki Halldórsson hætti í stjórn Íslandsbanka fyrr í þessum mánuði eftir að hafa tekið við nýju embætti forstöðumanns skrifstofu skilavalds í Seðlabankanum og þá sagði **Hersir Sigurgeirsson** sig úr bankaráði Landsbankans í liðinni viku til þess að sinna ráðgjafarstörfum fyrir Seðlabankann. Hersir, sem er dósent í fjármálum við viðskiptadeild Háskóla Íslands, mun í störfum sínum fyrir bankann koma að lánamálum ríkissjóðs, boðaðri magnbundinni íhlutun á ríkisskuldabréfamarkaði og stýringu gjaldeyrisforðans. Það mæðir mikið á Seðlabankanum um þessar mundir og Hersir ætti því að hafa nóg fyrir stafni á næstu mánuðum en seðlabankastjóri hefur boðað að næsta ár verði ár peningaprentunar.

Slegið á þráðinn

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri hefur staðfest það sem marga grunaði. Seðlabankinn taldi ekki æskilegt að hefja magnbundna íhlutun fyrr en sjóðastýringarfyrirtækið Bluebay Asset Management hefði gengið frá allri sölu sinni á íslenskum ríkisskuldabréfum. Það kláraðist endanlega þegar Bluebay seldi ríkisbréf fyrir 11 milljarða króna á einu bretti í lok október. Kannski hafa nokkur orð frá seðlabankastjóra þrýst á sjóðsstjóra Bluebay að ganga frá sínum málum. Á Peningamálafundi sem Viðskiptaráð Íslands stóð fyrir í síðustu viku nefndi Ásgeir að mikið rót hefði komið á gengi krónunnar í haust sem mátti rekja til sölu erlends sjóðs á ríkisbréfum. „Við höfðum ekki val um annað en að taka þennan erlenda aðila út og enduðum á því að tala við hann beint," sagði seðlabankastjóri og bætti við að hann hefði trú á því að erlendir sjóðir kæmu brátt aftur inn á markaðinn.

Lágmarkskrafa

„Landsbankinn greinir frá því að kaupmáttur hafi aukist um 30 prósent," sagði Sigríður Hagalín, fréttamaður RÚV, við **Drífu Snædal**, forseta ASÍ, í Kastljósi mánudagsins, um launaþróun á Íslandi síðastliðin ár. Drífa hélt því þá fram að ekki væri tekið tillit til verðbólgu á evrusvæðinu og verðbólgu á Íslandi og þessi kaupmáttaraukning færi því eftir því hvernig á málið væri litið. Svaraði Sigríður þá til „já" og fór í næstu spurningu. Það verður að gera þá kröfu bæði til fréttamanna Ríkissjónvarpsins og verkalýðsleiðtoga að þeir viti að kaupmáttarmælingar taka tillit til verðbólgu.

Kveiktu í þinghúsi Gvatemala

Mótmælendur lögðu eld að þinghúsi Gvatemala í mótmælaskyni um helgina. Byggingin var tóm þegar hundruð mótmælenda gáfu sig tilfinningum á vald. Að mati mótmælenda forgangsraðaði ríkisstjórnin stórum innviðaverkefnum til vel tengdra fyrirtækja á kostnað félagslegra og efnahagslegra afleiðinga COVID-19. Mótmælendur eru sömuleiðis æfir yfir því sem þeir kalla verulegan niðurskurð til mennta- og heilbrigðismála. Að sama skapi ríkir óánægja með að fjármálaáætlunin hafi verið samþykkt á meðan samfélagið var önnum kafið við að takast á við afleiðingar ofsaveðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Af þolfimi og baðvenjum Seðlabanka Íslands

Erna Björg Sverrisdóttir
aðalhagfræðingur Arion banka

Lítið hagkerfi og agnarsmátt myntsvæði gerir sjálfstæða peningastefnu eins og þolfimi í litlu herbergi, það er svo mikil hætta á að reka sig í veggina í kring. Með þessum skilaboðum opnaði seðlabankastjóri erindi sitt á Peningamálafundi Viðskiptaráðs sem fram fór í síðustu viku. Þolfimin hefur gengið vel, sérstaklega framan af ári, en ekki árekstralaust. Peningastefna er í eðli sínu væntingastjórnun. Seðlabankinn stýrir væntingum með því að gefa til kynna hvernig hann muni bregðast við þróun hagstærða. Árangurinn byggir á trúverðugleika og trúverðugleikinn byggir á vopnabúri Seðlabankans og vilja hans til að beita þeim vopnum.

Þann 25. mars síðastliðinn boðaði peningastefnunefnd til fundar í þeim tilgangi að veita upplýsingar um fyrirhuguð kaup bankans á ríkisskuldabréfum fyrir allt að 150 milljarða króna. Yfirlýst markmið var að hafa áhrif á langtímavexti í landinu og tryggja þannig framgang peningastefnunnar eftir vaxtaferlinum. Reynt yrði að beita heimildinni á meðan krísan gengi yfir, þetta yrðu nýir peningar og ekki ætti að nota gjaldeyrisforðann í þessa aðgerð. Varla mátti skilja yfirlýsinguna öðruvísi en svo að Seðlabankinn ætlaði sér að stuðla að lækkun langtímavaxta á markaði og vinda ofan af þeirri hækkun vaxta sem fyrirsjáanleg lánsfjárþörf ríkissjóðs hafði leitt af sér.

Yfirlýsingin hafði tilætluð áhrif. Eins og segir í fundargerð peningastefnunefndar frá 20. maí að „tilkynning um kaupin hefði skilað árangri og undið ofan af tímabundinni hækkun ávöxtunarkröfu". Smám saman fóru þó að renna tvær grímur á markaðsaðila. Kaup bankans á ríkisbréfum voru í snefilmagni og aðeins í stuttum vöxtum. Fljótlega var því farið að kalla eftir skýrari svörum frá Seðlabankanum enda vaxandi efasemdir um að bankinn hefði í raun vilja til að bregðast við. Svar bankans var ávallt á þá leið að framboðið af auknum ríkisbréfum hafði ekki komið fram. Síðan tók framboð ríkisbréfa að aukast og lítið bólaði á Seðlabankanum. Trúverðugleikinn beið hnekki.

Langtímavextir hafa hækkað jafnt og þétt síðustu mánuði. Samtímis lendir ríkið í erfiðleikum með að fjármagna sig og lengri tíma fjármagnskostnaður ríkis, fyrirtækja og almennings hækkar. Þess vegna hafa ég og fleiri gagnrýnt Seðlabankann fyrir aðgerðaleysi – í ljósi fyrri yfirlýsinga.

Í síðustu viku var komið annað hljóð í strokkinn hjá Seðlabankanum og svörin breyttust. Að láta sér detta í hug að Seðlabankinn myndi prenta peninga og kaupa ríkisskuldabréf á meðan gjaldeyrismarkaðurinn væri undir pressu, þvílík fásinna! Það er vel skiljanlegt að Seðlabankinn hafi ekki viljað með inngripum hjálpa erlendum aðila að losna út úr stöðu, fyrst á skuldabréfamarkaði og síðan á gjaldeyrismarkaði. Í stað þess beindi bankinn sjónum sínum eingöngu að gjaldeyrismarkaði og beitti sér af hörku. Gengisþrýstingurinn var ekki nýr af nálinni, hann hafði staðið yfir frá ágústmánuði. Af hverju nýtti þá peningastefnunefnd ekki tækifærið, annaðhvort þegar regluleg gjaldeyrissala var kynnt til leiks í september eða á vaxtaákvörðunarfundi í október, til að útskýra aðgerðaleysi sitt á skuldabréfamarkaði? Slík útskýring hefði komið í veg fyrir óþarfa óvissu með tilheyrandi hártogunum og áhrifum á markaði.

> **Í ljósi þess að Seðlabankinn hefur nú ryksugað upp 100 milljarða króna í gegnum gjaldeyrisinngrip er heldur farið að minnka í baðkarinu.**

Á fyrrnefndum Peningamálafundi líkti seðlabankastjóri íslenska peningakerfinu við baðkar, vatn færi inn, vatn færi út og Seðlabankinn þyrfti að viðhalda réttu vatnsmagni. Í ljósi þess að Seðlabankinn hefur nú ryksugað upp 100 milljarða króna í gegnum gjaldeyrisinngrip er heldur farið að minnka í baðkarinu, jafnvel óþægilega mikið miðað við hitastigið í raunhagkerfinu, og því ekki að undra að fyrirsagnir á borð við „Næsta ár verður ár peningaprentunar" prýði fréttamiðla. Á sama tíma og ég fagna aukinni viðleitni peningastefnunefndar og seðlabankastjóra til að vísa veginn fram á við get ég ekki annað en sett fyrirvara við stórhuga yfirlýsingar. Brennt barn forðast jú eldinn og hingað til virðist Seðlabankinn hafa hagað seglum eftir vindi þegar kemur að magnbundinni íhlutun, jafnvel hlaupið á sig í vor með sterkri yfirlýsingu.

Þá er alls kostar óljóst hvaða form peningaprentunin tekur. Ef marka má síðustu útboð eru lífeyrissjóðir ekki „náttúrulegir kaupendur" að ríkisskuldabréfum eins og Seðlabankinn vonaðist eftir í vor. Svo virðist sem innlendur sparnaður sé einfaldlega ekki búinn að meðtaka að fullu nýjan vaxtaveruleika, en það er efni í annan pistil. Þessi þróun gerir það að verkum að sífellt líklegra verður að peningaprentunin fari fram í gegnum erlenda lántöku og þar af leiðandi gjaldeyrismarkaðinn og forðann, andstætt fyrri yfirlýsingum Seðlabankans.

Það heimtar enginn magnbundna íhlutun að gamni sínu, líklega eru flestir vel meðvitaðir um hætturnar sem henni fylgja. Gagnrýnin snýr fyrst og fremst að andvaraleysi Seðlabankans í ljósi fyrri yfirlýsinga. Fjármögnunarþörf ríkissjóðs er að hafa, og hefur haft, öll þau áhrif sem Seðlabankinn ætlaði sér að standa í vegi fyrir.

EQC.
Njóttu rafmagnsins.

EQC er 100% rafmagnaður sportjeppi frá Mercedes-Benz. Með drægi allt að 417 km, háþróuðum tæknibúnaði og 4MATIC fjórhjóladrifinu eru þér allir vegir færir.

Verð frá 9.590.000 kr.

Komdu og reynsluaktu EQC.



ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. nóvember 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Prentvélar á yfirsnúningi

Hagkerfið og loftslagið eru ekki svo ólík kerfi, bæði óhemjuflókin og háð samspili ótalmargra breyta. Flækjustigið gerir sérfræðingum á hvoru sviði erfitt fyrir að spá nákvæmlega um hver útkoman verður. Þeir reyna eftir fremsta megni að leggja mat á næmni hvers þáttar gagnvart öðrum en matið nær aldrei að fanga samspilið í heild sinni sem er einnig háð aðstæðum hverju sinni.

Grundvallarlögmálin eru þó talin liggja fyrir. Að öðru óbreyttu mun aukning peningamagns í umferð hækka verðlag og eins hækkar hitastigið ef kolefnislosun eykst. Hagfræðingar og loftslagsvísindamenn hafa í sjálfu sér ekki áhyggjur af aukningunni heldur því að allt fari úr böndunum ef aukningin er of hröð. Jákvætt endurkast, það er þegar tvær breytur magna hvor aðra upp, er þekkt fyrirbæri í báðum greinum.

Þegar íslenska hagkerfið gengur í gegnum samdrátt sem á sér enga hliðstæðu í hagsögu samtímans er nauðsynlegt að bæði ríkisstjórnin og Seðlabankinn stígi inn af fullum þunga. Um það deila fáir. Yfirvöld sem fara með hagstjórn eru hins vegar undir miklum þrýstingi og þá er tilhneigingin oft sú að gefa of lausan tauminn. Ríkisstjórnin keppist við að friða sem flesta með fjárútlátum fyrir kosningar og fjármálamarkaðurinn kallar eftir því að Seðlabankinn beiti magnbundinni íhlutun, það er uppkaupum á ríkisskuldabréfum, af fullum krafti til þess að fjármagna halla ríkissjóðs og halda niðri vöxtum á markaði.

Ekki er úr vegi að rifja upp ummæli seðlabankastjóra vorið 2013, þá dósents við Háskóla Íslands, á málstofu sem Seðlabankinn stóð fyrir: „Allar óðaverðbólgur stafa af miklum fjárlagahalla sem er fjármagnaður með seðlaprentun.“ Þessari upprifjun er ekki ætlað að gefa í skyn að óðaverðbólga sé á næsta leiti. Áður en prentvélarnar fara á yfirsnúning er þó kannski rétt að staldra aðeins við.

Magnbundin íhlutun er nýtt hagstjórnartæki hér á landi og verður notuð í hagkerfi sem er enn að laga sig að nýjum veruleika lágra vaxta. Eins og stjórnendur Seðlabankans hafa ítrekað að undanförnu þá gilda ekki alltaf sömu lögmál í peningamálum á Íslandi annars vegar og á nálægum myntsvæðum hins vegar.

Af þessum ástæðum var hughreystandi að heyra varúðarsjónarmið Gunnars Jakobssonar, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, á Peningamálafundi sem Viðskiptaráð Íslands stóð fyrir í síðustu viku. Gunnar sagði að Seðlabanki Íslands yrði að hafa það í huga að erfitt gæti reynst að vinda ofan af magnbundinni íhlutun þegar að því kemur. Á ótroðnum slóðum getur fyrirhyggja reynst dýrmæt.

Atvinnuleysi getur minnkað hratt

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar

Atvinnuleysi þokast líkast til upp á við meðan ferðamenn eru sendir í sóttkví við komuna til landsins, en það minnkar hratt eftir að landið verður opnað að nýju. Þetta kemur fram í spá sem Hagfræðistofnun hefur birt.

Hagfræðistofnun telur þrennt stuðla að því að atvinnuleysi geti minnkað hratt. Í fyrsta lagi sé ekki ástæða til að ætla annað en að ferðalög hefjist af krafti þegar ferðahömlur eru úr sögunni. Í öðru lagi séu sumir þeirra sem áður unnu við ferðaþjónustu að sinna öðru eða farnir úr landi. Og í þriðja lagi ýti lækkun krónunnar undir eftirspurn eftir innlendri framleiðslu.

Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að fallið verði í einu vetfangi frá kröfu um sóttkví í júlí 2021. Árið 2020 hefur rúmum fimm prósentum vinnuafls skort vinnu að jafnaði, en í spánni er gert ráð fyrir að hlutfallið verði að jafnaði um sjö prósent á fyrri hluta árs 2021 og að það fari hæst í níu prósent í maímánuði. – **þfh**

19.11.2020

Er hugsi yfir nærveru Seðlabankans og þeim grímulausu eignastýringarskilaboðum til lífeyrissjóða sem nálgast brot á 2 metra reglunni.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu

TILBOÐI LÝKUR Í LOK NÓVEMBER

25% - 35% afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum*

~~214.900 KR.~~
139.685 KR.

~~287.900 KR~~
215.925 KR.

~~415.900 KR.~~
311.925 KR.

~~353.900 KR.~~
265.425 KR.

~~451.900 KR.~~
338.925 KR.

~~343.900 KR.~~
257.925 KR.

~~367.900~~
275.925 KR.

~~355.900 KR.~~
266.925 KR.

~~369.900 KR~~
277.425 KR

~~430.900 KR.~~
323.175 KR.

~~455.900 KR.~~
341.925 KR.

25% afsláttur á viðhaldi legsteina

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.

Tilboð miðast við að keyptur sé legsteinn
Smá aksturgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Granítöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BLACK FRIDAY
Nýr Svartur Mitsubishi Outlander á Black Friday tilboði ! Vetrardekk og mottu sett fylgir. 5 ára ábyrgð. Flottasta typa. Verðtilboð kr. 5.690.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Heilsa

Heilsuvörur

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

zopure
Serum dropar
Íslenskt undur sjávarensíma

Tilkynningar

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

KELDUGATA 2 OG 4, TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI VESTURHLUTA URRIÐAHOLTS.
Garðabær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhluta Urriðaholts í samræmi við 1. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. sömu laga. Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðirnar Keldugata 2 og Keldugata 4 sameinist í eina lóð, Keldugötu 2. Byggingarreitur lóðarinnar Keldugata 4 fellur niður og nýr byggingarreitur verður á austurhluta nýrrar lóðar. Heildarfjöldi íbúða verður sá sami eða 9 íbúðir en nú í einu húsi. Í samræmi við breytinguna breytast númer á öðrum lóðum ofan götu (slétt númer). Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 11.01.2021 annað hvort á netfangið skipulag@gardaber.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

GARÐABÆR
gardabaer.is

Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is

VESTFROST SOLUTIONS

Vínkælar

169.000.- +vsk

WFG 185 - St. (hxbxd)
1850x595 x596 mm (+2 - +10°C)

158.000.- +vsk

WFG 155 - St. (hxbxd)
1550 x 595 x610 (+5 - +22°C)

98.900.- +vsk

WFG 45 - Stærð (hxbxd) 820 x595 x573
(+5 - +10 /+10 - +18°C)

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
Straumur
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Taktik 5692#

Cheerios
síðan
2006
Bríet, tónlistarkona

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-2 °C | 2 ↖	-1 °C | 4 ↑	-2 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 3 ↑	-4 °C | 1 ↙	-7 °C | 5 ↗

Vaxandi suðaustanátt í dag og þykknar upp, fyrst um landið vestanvert, 15-23 m/s og slydda eða snjókoma þar undir kvöld en rigning á láglendi um miðnætti. Dálítil slydda eða rigning SA-lands, en þurrt að kalla NA-til. Frost 1 til 8 stig.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 13 ↗	2 °C | 12 ↑	3 °C | 11 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 8 ↑	3 °C | 6 ↗	-3 °C | 11 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 8 ↑	3 °C | 5 ↑	3 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 5 ↑	2 °C | 6 ↗	-4 °C | 12 ↑

LÉTT

3	1		5					
	9				4	8	6	
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4					8	7
				7	1		5	
1								

MIÐLUNGS

	6				9	5		
7			4					3
	9				1	4		7
		9				7		
3			7		5		2	1
					2			
	1	4	8				5	9
		5	2		4			6
	8				6		3	4

ÞUNG

	2		3				9	
				6				7
			9	2	4			6
					5	3		
9			4	1	8			
7				9			8	2
		4				7		1
	7					8		
3	1							

Krossgáta

LÁRÉTT
1 raust
5 erta
6 í röð
8 orðfimi
10 íþróttafélag
11 málmur
12 góður
13 vanefndir
15 geymir
17 tómhent

LÓÐRÉTT
1 víðtækari
2 óhæfur
3 blaður
4 skoran
7 tabú
9 auka
12 starfa
14 umstang
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 rómur, 5 yfa, 6 áb, 8 mæliska, 10 kr, 11 tin, 12 vænn, 13 svik, 15 tankur, 17 snauð
LÓÐRÉTT: 1 rýmkast, 2 öfær, 3 mal, 4 ráðin, 7 bannorð, 9 stæðka, 12 vinn, 14 vas, 16 uu

Skák

Gunnar Björnsson

Alireza Firouzja (2.703) átti leik gegn David Anton (2.667) á Skilling Open netmótinu á Chess24.

32...Ba2+! 33. Ka1 Bxc3+ 33. Rxc3 Dxc3+ 0-1. Anish Giri var efstur þegar tíu umferðum af 15 var lokið í undankeppninni. Magnús Carlsen var í 2.-4. sæti. Átta efstu keppendurnir komast í úrslitakeppni. Magnaðir miðvikudagar halda áfram í dag.

www.skak.is: Magnaður miðvikudagur.

Svartur á leik

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9

3	6	8	4	7	9	5	1	2
9	7	1	5	3	2	6	4	8
2	4	5	6	8	1	7	9	3
1	9	2	7	6	3	4	8	5
4	3	6	8	1	5	9	2	7
8	5	7	2	9	4	1	3	6
5	2	3	9	4	7	8	6	1
6	1	4	3	5	8	2	7	9
7	8	9	1	2	6	3	5	4

4	9	6	1	2	7	5	3	8
1	3	5	6	4	8	9	2	7
7	8	2	3	9	5	1	4	6
5	4	8	7	1	9	2	6	3
9	6	7	2	8	3	4	5	1
3	2	1	4	5	6	7	8	9
2	7	3	5	6	1	8	9	4
6	5	9	8	7	4	3	1	2
8	1	4	9	3	2	6	7	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

HITUM UPP
SVARTUR FÖSTUDAGUR
Í REKKJUNNI

20-50%
AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

KING KOIL

CADENCE FM QUEEN SIZE

-30%

VERÐ 170.940 KR.

VERÐ ÁÐUR 244.200 KR.

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM AUKAHLUTUM.
KODDUM | SÆNGUM | LÖKUM
HLÍFÐARLÖKUM | O.S.FRV.

SÆNGURFÖT 30-50% AFSLÁTTUR

STAKAR DÝNUR 30-50% AFSLÁTTUR

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

JÓLAILMKERTIN
KOMIN AFTUR

1.098 kr./stk.

Jólailmkerti
5 tegundir

12x6 cm

179 kr./stk.

Kubbakerti
12x6 cm, rautt

12x7 cm

198 kr./stk.

Kubbakerti
12x7 cm, rautt

NÝTT Í BÓNUS

1.498 kr./stk.

Tigi Bed Head
Recharge Sjampó 750 ml

NÝTT Í BÓNUS

1.298 kr./stk.

Tigi Bed Head
Hard Head Hársprey 400 ml

AFTER PARTY

NÝTT Í BÓNUS

1.298 kr./stk.

Tigi Bed Head
After Party 100 ml

d:fi HÁRGEL
FÆST LOKSINS Í BÓNUS

NÝTT Í BÓNUS

1.698 kr./150 g

d:fi Hárgel
150 g

ÍSLENSKT gjörið svo vel

698 kr./kg

Stjörnugrís Grísabógur
léttreyktur

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.198 kr./kg

Stjörnugrís Nýreykt Grísalæri
úrbeinað

MEÐ BEINI

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.198 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
nýreyktur - með beini

ÚRBEINAÐUR

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.398 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
nýreyktur - úrbeinaður

Verð gildir til og með **29. nóvember** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Vinsælustu bækurnar

í verslunum BÓNUS*



TOPP 10

1. **Snerting**
   Ólafur Jóhann Ólafsson
2. **Þagnarmúr**
   Arnaldur Indriðason
3. **Orri óstöðvandi - Magga Messi**
   Bjarni Fritzson
4. **Bráðin**
   Yrsa Sigurðardóttir
5. **Vetrarmein**
   Ragnar Jónsson
6. **Una - Prjónabók**
   Salka Sól og Sjöfn Kristjánsdóttir
7. **Útkall - á ögurstundu**
   Óttar Sveinsson
8. **Silfurvængir**
   Camilla Lackberg
9. **Krakkalögin okkar**
10. **Lára fer í leikhús**
    Birgitta Haukdal

* Tekið saman 24. nóvember

BÓNUS VILLISVEPPASÚPA

898 kr./1 kg

Bónus Villisveppasúpa
1 kg

BÓNUS GRJÓNAGRAUTUR

679 kr./1 kg

Bónus Grjónagrautur
1 kg - laktósalaus

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ég hugsa að næstu árin muni ég senda frá mér tvær bækur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Til í að hafa drauga úti um allt

Nýjasta spennusaga Yrsu Sigurðardóttur er Bráðin en þar gerast dularfullir atburðir. Hún sendir einnig frá sér barnabók.

Bráðin er nýjasta spennusaga Yrsu Sigurðardóttur. Uppi á öræfum er leitað að hópi fólks sem er saknað. Um leið gerast undarlegir atburðir á ratsjárstöðinni á Stokksnesi.

„Kveikjan að sögunni er mál sem gerðist um 1960 í Úralfjöllum og er ein af þessum frægu óleystu ráðgátum. Jarðfræðinemar fóru með kennara sínum í göngu yfir fjöllin um vetur og skiluðu sér ekki til baka. Leit hófst og tjald sem þau höfðu verið í fannst skorið að innan. Fólkið hafði ruðst út um miðja nótt og fannst látið hér og þar. Sum dóu úr ofkælingu, önnur voru mjög lemstruð. Það hefur aldrei fundist nein skýring á þessu.

Það hefur mallað lengi í mér að nýta þetta í sögu og þá sérstaklega það hvað gæti orðið til þess að fólk ryki út í opinn dauðann úr því litla skjóli sem það þó hafði," segir Yrsa.

Draugagangur kemur nokkuð við sögu í bókinni, en ein vinsælasta og besta bók Yrsu Ég man þig byggðist að stórum hluta á draugagangi. „Fyrir höfund er mjög gaman að nota draugakonseptið því það býður upp á að glæpur eða misgjörðir úr fortíð fái úrlausn. Langbest er að láta svona aðstæður ekki gerast í borgarumhverfi með útilýsingu, gsm-síma og neti. Það gerir upplifunina allavega ekki eins sterka."

Yrsa segist vera mjög jarðbundin manneskja en bætir við: „Ég væri alveg til í að hafa drauga úti um allt. Þeir mættu sannarlega koma inn í mitt hús."

Dómharðir kettir

Bráðin er ekki eina bók Yrsu þetta árið. Eftir sautján ára hlé sendir hún frá sér gamansama barnabók, Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin. Síðasta barnabók hennar Biobörn hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2003. „Ég hef lengi ætlað að skrifa barnabók og svo fékk ég svo góða hugmynd að ég ákvað að drífa í því. Ég hugsa að næstu árin muni ég senda frá mér tvær bækur, glæpasögu og barnabók."

Dóttir Yrsu, Kristín Sól Ólafsdóttir, er höfundur mynda í bókinni. „Þetta var mjög skemmtilegt því ég gat unnið þetta með dóttur minni. Fyrir nokkru fékk ég senda fréttamynd sem var tekin þegar ég vann barnabókaverðlaunin árið 2003 og á þeirri mynd er dóttir mín með mér. Ekki hafði ég hugmynd þá um að næsta barnabók sem ég myndi skrifa væri með aðstoð hennar."

Aðalpersónan í Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin er köttur, sem segir söguna. „Þannig get ég lýst heimilislífinu, börnunum og því sem á gengur með augum einhvers sem sér hlutina allt öðruvísi og ekki eins raunsætt og ef um manneskju væri að ræða."

Köttur kemur einnig nokkuð við sögu í Bráðinni og því liggur beinast við að spyrja Yrsu hvort hún sé kattakona. „Ég átti kött sem dó fyrir ári síðan. Kannski hefur hann að hluta verið kveikjan að þessum köttum í sögunum tveimur. Kettir eru skemmtilegir og maður hefur á tilfinningunni að þeir séu fremur dómharðir."

Ný sería næst

Yrsa segist vera farin að leggja drög að næstu spennubók. „Það verður fyrsta bókin í splunkunýrri seríu. Ég hef greinilega ekki þolinmæði í meira en sex bækur í sömu seríu og verð að hætta áður en ég fæ leið á persónunum. Það er líka alltaf gaman að byrja á einhverju nýju. Það kemur í veg fyrir að maður endurtaki sig."

Fullmótaður Armand

BÆKUR

Bróðir

★★★★☆

Halldór Armand

Útgefandi: MM
Fjöldi síðna: 292

Það gladdi mig mjög að sjá að ný bók eftir rithöfundinn Halldór Armand væri væntanleg í ár, þremur árum eftir að hann gaf út síðustu skáldsögu sína Aftur og aftur. Fyrri verk hans höfðu mér þótt lofa góðu; hér var á ferð spennandi ungur höfundur sem átti auðvelt með að gera samfélaginu skil á frumlegan og skáldlegan hátt. Eitthvað smávegis þótti mér þó alltaf vanta upp á hjá honum en eftir lestur á nýjustu skáldsögu hans Bróður er sú tilfinning horfin. Hér stígur fram fullmótaður höfundur með vandað og vel ígrundað skáldverk.

Bróðir fjallar um samband systkinanna Skarphéðins Skorra og Hrafntinnu Helenu, sem er litað af sameiginlegu og hræðilegu leyndarmáli þeirra beggja. Sagan fléttist um samband systkinanna og gerir höfundur vel með að fletta ofan af því, einu lagi í einu, þar til lesandinn stendur eftir frami fyrir kjarna þess; harmþrungnu leyndarmáli þeirra systkina og gífurlega flóknum tilfinningum.

Bygging sögunnar er vel heppnuð og tekst höfundi vel að halda spennustiginu nokkuð háu út alla frásögnina þó hér sé alls engin spennusaga á ferð. Sagan minnir helst á grískan harmleik (enda nokkuð af vísunum í slíka í verkinu) í nútímabúningi þar sem persónur eru dæmdar til að gangast við örlögum sínum, sama hvað þær reyna að flýja þau.

Og í anda grískra harmleikja hefur höfundurinn komið fyrir ýmsum ljóðum víða í verkinu og leggur þau aðallega í munn Skarphéðins Skorra. Skáldskapurinn og skáldleg tjáning verða einmitt eitt meginviðfangsefni verksins og með þessum hætti er það tekið skemmtilega til umfjöllunar. Ljóðin eru oftast stakhendur en stundum rímaðar tvíhendur og minna þannig á íslenskar þýðingar Helga Hálfdanarsonar á Shakespeare og grísku harmleikjunum. Ljóðin eru skemmtileg formtilraun í skáldsögunni en stundum eru þau ekki alveg nógu góð hjá Halldóri og verða á tímum örlítið klaufalegur partur af frásögninni.

Halldór er næmur á mannlegar tilfinningar og gerir hér vel í að lýsa flóknum fjölskylduaðstæðum, rifrildum og hugðarefnum persónanna á sannfærandi hátt. Hann er þó einna næmastur á samfélagið og félagslega þætti þess og varpar oft nýju og skemmtilegu ljósi á ýmsa hluti:

„Að vera skotinn í manneskju er að leggja á hana kross. Það er ofbeldi að klyfja einhvern svo óumbeðið með aðdáun manns. Þess vegna er tærasta ofbeldi sem þú beitir aðra manneskju að elska hana [...] Skyndilega er hún von heimsins og ber ábyrgð á velferð þinni og hamingju, óháð því hvort hún kærir sig um það." (23)

Þessum félagslegu greiningum hefur Halldór verið einna færastur í en í Bróður er ekki skortur á þeim frekar en í fyrri verkum hans. Það atriði eitt og sér er þó ekki nóg til að halda uppi skáldverkum; það þarf öfluga persónusköpun, lifandi og áhugaverðan söguþráð og kannski vott af spennu. Í Bróður tekst honum að tvinna saman alla þessa þætti á prýðisgóðan hátt í best heppnaða skáldverki sínu til þessa. **Óttar Kolbeinsson Proppé**

NIÐURSTAÐA: Fullmótaður skáldsagnahöfundur stígur fram í besta verki sínu til þessa. Bróðir er vel heppnuð og vönduð frásögn af harmþrungnu en fallegu systkinasambandi.

Verum bjartsýn og sýnileg í skammdeginu.

Þessa dagana eru Slysavarnafélagið Landsbjörg, Samgöngustofa og Sjóvá að gefa um 70.000 endurskinsmerki um allt land. Verum ljóslifandi í umferðinni.

Nánari upplýsingar á landsbjorg.is

SJÓVÁ

Samgöngustofa

Áhugaverð þroskasaga þráðar og lita

Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur skrifar um veflist sem hann segir ekki hafa fengið þann meðbyr innan íslenskra sjónlista sem hún verðskuldar. Hann fjallar einnig um sýningu Listasafns Íslands á listvefnaði.

Til þessa hefur veflist ekki fengið þann meðbyr innan íslenskra sjónlista sem hún sannarlega verðskuldar. Ef til vill líður hún enn fyrir það fálæti sem henni var sýnt við uppgang nútímalegrar málara- og höggmyndalistar á fyrstu áratugum aldarinnar. Þá var hún nánast afskrifuð sem eftirhreyta forneskjulegrar handverkshefðar sem ekki samræmdist listsýn nýfrjálsrar og framsækinnar þjóðar. Hins vegar sáu þjóðræknar hannyrðakonur á borð við Halldóru Bjarnadóttur til þess að veflistin liði ekki undir lok – og raunar gott betur. Ýmislegt það sem íslenskir listvefarar aðhöfðust síðar meir má rekja þráðbeint til rannsókna þessara merku forvera þeirra á eiginleikum íslensku ullarinnar.

Myndlistarvæðing hannyrðahefðarinnar á Íslandi hefst varla fyrr en upp úr síðari heimsstyrjöld, þegar þær Vigdís Kristjánsdóttir og Ásgerður Búadóttir ganga til liðs við listvefnaðinn. Tvennt er það aðallega sem skýrir þá ákvörðun. Á árunum milli stríða voru listfengar konur á Norðurlöndum í auknum mæli farnar að vefa stór verk, frásagnarleg eða táknræn, til brúks í opinberum byggingum. Þetta var veflist sem krafðist jafnréttis á við myndlistina, sem sé listvefnaður. Tíðindi af honum bárust Íslendingum síðan með tímaritum og heimkomnum námsmönnum. Hitt er það einnig að framsæknasti myndlistarskóli á Vesturlöndum, Bauhaus, hafði þá lagt grunn að módernískum listvefnaði, og þegar hann var lagður niður af nasistum árið 1933, dreifðist ný kynslóð framsækinna listvefara víða um lönd. Ásgerður, sem gift var Birni Th. Björnssyni listfræðingi, gat trauðla farið á mis við þessa arfleifð Bauhaus-skólans.

Sem fullþroska listvefarar einsettu þær Vigdís og Ásgerður sér að sýna verk sín með myndlistarmönnum á jafningjagrundvelli. Ásgerður var öllu einarðari í þeirri afstöðu sinni en Vigdís, tregðaðist til dæmis við að taka þátt í samsýningum á allrahanda nytjavefnaði og sérstökum „kvennasýningum“ sem algengar voru á áttunda og níunda áratugnum. Þó dróst hún stundum á að taka þátt í slíkum sýningum fyrir vináttutengsl. Vigdís var öllu hægferðugri og hefðbundnari í listvefnaði sínum, en tengir þó með ýmsum hætti við myndlist samtímamanna sinna, til dæmis frjálsu abstraktlistina.

Skarðatungl eftir Ásgerði Búadóttur frá árinu 1976. MYND/AÐSEND

Samþætting vefjar og listar

En Ásgerður á ótvírætt mestan þátt í myndlistarvæðingu veflistar á Íslandi. Svipmikil verk hennar, með sínum sterku láréttu og lóðréttu áherslum og ríkulegri áferð kallast á við málverkin og skúlptúra strangflatarlistamannanna á sjötta og sjöunda áratugnum. Og gefa þeim í raun ekkert eftir. Í framhaldinu seilist Ásgerður enn víðar í verkum sínum og þá aðallega til nýrrar, og gjarnan táknsækinnar, sýnar á íslenska náttúru. Meðal listrænna „afkomenda“ hennar eru tvær kynslóðir listvefara sem ýmist héldu áfram að virkja stóra og einfalda fleti, eða kappkostuðu að stunda tilraunir með áferð og þræði, nema hvort tveggja væri. Þar á ég annars vegar við listamenn á borð við Auði Vésteinsdóttur og Ólöfu Einarsdóttur.

Á síðustu árum hefur orðið margs konar og árangursrík samþætting listvefnaðar og annarra myndlistarmiðla, samanber verk Önnu Líndal, Hildar Bjarnadóttur, Örnu Óttarsdóttur, Guðrúnar Gunnarsdóttur, Hrafnhildar Arnardóttur og Loja Höskuldssonar. Öll er sú samskiptasaga, bæði aðdragandi hennar og framvinda, áhugaverð – og óskrifuð að mestu.

Því vakti það nokkra tilhlökkun í maí síðastliðnum, þegar spurðist að stór sýning á íslenskum listvefnaði stæði fyrir dyrum í Listasafni Íslands. Hins vegar runnu á menn tvær grímur þegar í ljós kom að umrædd sýning ætti ekki að rekja sögu listvefnaðar á Íslandi, heldur hverfast um verk og arfleifð Ásgerðar Búadóttur og listvefnað í eigu safnsins. Þá stóð einmitt yfir í Listasafni Reykjavíkur stærsta sýning sem haldin hefur verið á verkum Ásgerðar, raunar afmælissýning, með tilheyrandi málþingi um lífsstarf hennar og þýðingu fyrir bæði samtímamenn og eftirkomendur.

Samlegðaráhrifa gætir ekki í litlum myndlistarheimi okkar. Hér hefði Listasafninu verið í lófa lagið að staldra við og endurskoða upplegg fyrirhugaðrar sýningar sinnar. Þar sem safnið á í rauninni ekki ýkja mikið af listvefnaði, hefði það hvort sem er þurft að fá fjölda verka að láni, bæði frá söfnum og einkaaðilum. Því ekki að nota tækifærið og sýna verk Ásgerðar Búadóttur í hinu stóra samhengi íslensks listvefnaðar og myndlistar honum tengdrar? Til að rýma til fyrir sýningu af þeirri stærðargráðu hefði safnið einungis þurft að taka niður stóra innsetningu Katrínar Sigurðardóttur og franska sýndarveruleikasýningu, sem báðar eru komnar fram yfir síðasta söludag. Slík yfirlitssýning hefði verið afskaplega þarft verk og þakklátt, ekki síst ef henni hefði fylgt vegleg skrá með myndum og faglegri úttekt.

Tásluóperan, verk eftir Örnu Óttarsdóttur frá árinu 2018. MYND/AÐSEND

> **OG ÞEGAR MAÐUR HORFIR Á STÓRFALLEG OG ÁFERÐARRÍK VERKIN SEM ÞAR HANGA UPPI, SAKNAR MAÐUR ÞESS SÁRLEGA AÐ GETA EKKI HAFT ÞAU MEÐ SÉR HEIM Í VANDAÐRI BÓK OG LESIÐ SÉR TIL UM HÖFUNDA ÞEIRRA.**

Sérkennilegur gerningur

Því miður kaus Listasafnið að halda sig við upprunaleg áform. Það verður að segjast eins og er, að sýning þess, „Listþræðir“ sem hleypt var af stokkunum 12. september síðastliðinn, er hvorki veigamikil árétting á þýðingu Ásgerðar fyrir textílsamfélagið, til þess eru sýnd verk hennar of fá (5) og einsleit, né marktækt yfirlit listvefnaðar á landinu. Þar sem ekki er hróflað við sýningarsölum sem fyrir eru, eru veruleg þrengsli sýningunni einnig til vansa. Út af fyrir sig hefði mátt bjarga yfirlitinu með því að taka með þá listamenn, sem ásamt Ásgerði og Vigdísi leika stærstu hlutverk í þróunarsögu þessarar listgreinar, nefnilega þær Júlíönu Sveinsdóttur og Barböru Árnason.

Satt best að segja trúði ég því vart fyrr en ég tók á því, að verið væri að hengja upp samsýningu á íslenskum listvefnaði, án þess að gera ráð fyrir þessum tveimur listamönnum. Ástæða þessa gernings virðist vera sérkennileg tímalína sem sýningarstjórar gefa sér. Útgangspunktur hennar er dvöl Ásgerðar í Dönsku listaakademíunni 1946-49; og eingöngu vegna þess að hún var líka á akademíunni um þetta leyti, fær Vigdís Kristjánsdóttir, mun eldri listakona, að fljóta með. Og þar sem Júlíana og Barbara tilheyra eldri kynslóð en Ásgerður, er þeim sleppt. En Danska akademían er hér algert aukaatriði. Hvorug þeirra, Ásgerður og Vigdís, urðu að listvefurum á þeirri stofnun. Glíma Vigdísar við listvef hófst nokkru áður en hún innritaðist á akademíuna, bæði hér á landi og í Noregi, og Ásgerður hóf ekki að vefa fyrr en eftir námið við akademíuna.

Það sem skiptir hér mestu máli og einfaldar aðkomu að þessari þróunarsögu sem hér er til umræðu, er að þessir fjórir frumkvöðlar, Júlíana, Vigdís, Barbara og Ásgerður, eru allar upp á sitt besta sem listvefarar á árunum 1950-70 – og Ásgerður auðvitað nokkru lengur. Því er óþarfi að búa til skil sem ekki eru fyrir hendi.

Upplegg og tilhögun þessarar sýningar í Listasafninu eru því hvort tveggja meingölluð um margt. Og þegar maður horfir á stórfalleg og áferðarrík verkin sem þar hanga uppi, saknar maður þess sárlega að geta ekki haft þau með sér heim í vandaðri bók og lesið sér til um höfunda þeirra. Full ástæða er til að hvetja alla sem ekki hafa séð þessa sýningu til að bregða sér út fyrir dyr að berja hana augum niðri við Tjörn.

Á harðaspretti

BÆKUR

Hestar

★★★☆☆

Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring

Fuglabók Hjörleifs Hjartarsonar og Ránar Flygenring sem kom út árið 2017 er mörgum í fersku minni en þar voru fuglar landsins skoðaðir frá öðru sjónarhorni en í öðrum fuglabókum með geysiskemmtilegum árangri.

Í Hestabókinni er róið á svipuð mið en þó alls ekki, þar sem hestar eru jú gerólíkir fuglum, bæði að nýtingu og burðum, sögnum og tengingum við menn.

Hestabókin inniheldur alls konar fjölbreyttan fróðleik um þarfasta þjóninn, allt frá kynningu á formóður flestra hesta fyrir 55 milljónum ára og að hestinum Skugga-Sveini frá Hafnarfirði sem kann að telja en gaf stærðfræðiferilinn upp á bátinn fyrir málaralistina.

Fjallað er um hesta frá upphafi samlífis þeirra og manna enda virðast hestar hafa fylgt flestum samfélögum manna um árþúsunda skeið og eiga því sinn stað í flestum þjóðarsálum. Sagt er frá goðsagnakenndum hestum þar sem afar mörg trúarbrögð eiga sér hesta, bæði vængjaða eins og Pegasus og okkar áttfætta Sleipni og alla hina hestana sem koma við sögu í Snorra-Eddu, hestum í Íslendingasögunum eru gerð góð skil sem og hestunum í þjóðsögunum eins og honum Faxa frá Myrká og reynt að setja sig inn í hugarheim hans þar sem hann stendur og horfir á Garúnu hringja kirkjuklukkunum. Sagt er frá hestum sem höfðu mannsvit, hestum sem voru sendir í bardaga og þannig mætti lengja telja. Sögurnar eru ekki allar jafn huggulegar og jafnvel má finna uppskrift að folaldagúllasi þannig að það má með sanni segja að í þessari bók sé ekkert dregið undan. Gamli sorrí Gráni eftir Megas á sér opnu ásamt fleiri hestum í ljóðum og söngvum og svo er auðvitað farið í hestaliti, gangtegundir, reiðtygi og búnað, orðtök og málshætti þar sem hestar koma við sögu og svo mætti lengi telja.

Texti Hjörleifs Hjartarsonar er hnyttinn og læsilegur og býr yfir þeim dásamlega eiginleika að vera jafnskemmtilegur fyrir lesendur á öllum aldri. Textinn er þó ekki nema hálf sagan því myndir Ránar Flygenring eru einstaklega skemmtilegar, lýsandi, fyndnar og bæta miklu við bæði sögur og fróðleik. Á sumum síðum er textinn hreint aukaatriði og jafnvel bara ekki til staðar heldur fá myndirnar að njóta sín og segja sínar sögur.

Í takt við mikilvægi myndanna er mikið lagt upp úr útliti bókarinnar, pappírinn er þykkur, brotið ekki alveg af hefðbundinni stærð og bókin meira í ætt við listaverkabók en textaverk.

Fyrst og fremst er þetta þó bók um hesta fyrir alla sem einhvern snefil af áhuga hafa á þessum þarfasta þjóni Íslendinga gegnum aldirnar.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Hestabókin er afar falleg og skemmtileg bók sem allir unnendur hesta, sagna og myndskreytinga munu njóta, sama á hvaða aldri þeir eru.

Yrsa tilnefnd í Bretlandi

Aflausn eftir Yrsu Sigurðardóttur er tilnefnd til Petronaverðlaunanna sem besta norræna glæpasagan í Bretlandi árið 2020. Yrsa hlaut þessi sömu verðlaun árið 2015 fyrir Brakið. Aflausn kom fyrst út á íslensku árið 2016 og er þriðja bókin í röðinni um Freyju sálfræðing og Huldar lögreglumann. Fyrsta bókin í flokknum, DNA, var valin besta glæpasaga ársins 2016 í Danmörku, auk þess að hljóta Blóðdropann, íslensku glæpasagnaverðlaunin.

Yrsa hefur sent frá sér fimmtán glæpasögur frá árinu 2005 sem hafa selst í á sjöttu milljón eintaka, nú síðast Bráðina sem kom út á dögunum. Verk hennar hafa verið gefin út á yfir þrjátíu tungumálum í öllum byggðum heimsálfum jarðar. Þá hefur Yrsa sent frá sér sex barnabækur, þar á meðal Herra Bóbó, Amelíu og ættbrókina sem kom út á dögunum.

Auk Yrsu eru tilnefnd til Petronaverðlaunanna í ár Norðmennirnir Jörn Lier Horst, Thomas Enger og Kjell Ola Dahl, Antti Tuomainen frá Finnlandi og Stina Jackson frá Svíþjóð. Victoria Cribb þýddi Aflausn á ensku.



Aflausn hefst á því að ráðist er á unglingsstúlku á salerni í kvikmyndahúsi. Á óhugnanlegum myndskeiðum sem send eru vinum hennar á Snapchat sést þessi vinsæla stelpa ítrekað biðjast fyrirgefningar – en á hverju og af hverju? Lögreglan er ráðalaus í leit sinni að ofbeldismanninum og stúlkunni, sem er horfin. Og þá tekur málið óskyggilega stefnu.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga fram að jólum | www.forlagid.is

25% afsláttur

CYBER MONDAY

Við bjóðum 25% afslátt af öllum námskeiðum og gjafakortum.

Gildi aðeins mánudaginn 30. nóvember til miðnættis.

Dale Carnegie gjafakort er ávísun á upplifun og árangur.

Íslensk umhverfisvæn gjöf sem endist ævilangt.

Dale Carnegie®

Skoðaðu tilboðið á dale.is

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Fjallaskálar Íslands Heillandi heimildarþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag Þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2006 - 2007
10.00 Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016
10.40 Grænir fingur 1989-1990
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Kona er nefnd Sigríður Einarsdóttir
12.15 Ljósmyndari ársins
12.45 Hringfarinn Reykjavík - Dubai
13.30 Á tali hjá Hemma Gunn 1994-1995
14.25 Úr Gullkistu RÚV. Rætur Siðir, saumó og sirkus
14.55 Á götunni Karl Johan
15.30 Gettu betur 2020 Versló - MÍ
16.30 Viktoría
17.20 Poppkorn 1987
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hrúturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kiljan
20.45 Óperuminning
20.50 Cherrie - Út úr myrkrinu Cherrie - ut ur mörkret
21.10 Haltu mér, slepptu mér Cold Feet
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Mestu lygar sögunnar - 1985, Rainbow Warrior-málið History's Greatest Lies. 1985, The Rainbow Warrior
23.15 Einmana á miðjum aldri Ensom midt i livet
23.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Pelican Women's Championship.
12.00 LPGA Tour 2020
15.00 LPGA Tour 2020
18.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá Pelican Women's Championship.
21.00 European Tour 2020 - Highlights
21.25 LET Tour 2020 Útsending frá Omega Dubai Moonlight Classic.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Single Parents
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Will and Grace
19.30 American Housewife
20.00 The Block
21.00 Nurses
21.50 Gold Digger Vönduð bresk þáttaröð með Juliu Ormond í aðalhlutverki.
22.45 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Emergence
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Tommy
02.30 How to Get Away with Murder
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Beethoven. Byltingarmaður tónlistarinnar Beethoven verður ástfanginn
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Tónlistarhátíð Rásar 1
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
19.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (29 af 32)
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (30 af 32)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 United Skates
12.55 Monster in Paris
14.25 Mamma Mia. Here We Go Again
16.15 Monster in Paris
17.40 United Skates
19.05 Mamma Mia. Here We Go Again
21.00 The Favourite
22.55 The Goldfinch
01.20 Girls' Night Out
02.50 The Favourite

STÖÐ 2

08.00 The Middle
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.10 Brother vs. Brother
11.50 Curb Your Enthusiasm
12.35 Nágrannar
12.55 Love in the Wild
13.40 Á uppleið
14.05 Grand Designs. Australia
14.55 Gulli byggir
15.25 Hvar er best að búa?
16.10 Asíski draumurinn
16.45 Katy Keene
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Ísbíltúr með mömmu
19.40 Flirty Dancing
20.30 Grey's Anatomy 17
21.15 The Undoing
22.10 Sex and the City
22.40 Barry
23.15 LA's Finest
00.05 NCIS. New Orleans
00.45 The Sinner
01.35 The Sinner
02.20 The Sinner
03.00 The Sinner
03.45 The Bold Type
04.25 The Bold Type

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Goldbergs 7
21.05 Whiskey Cavalier
21.50 Deep Water
22.35 Ríkið
23.00 High Maintenance
23.30 Friends
23.50 Friends
00.15 The Goldbergs 7

STÖÐ 2 SPORT

07.10 KR - ÍBV 1999
07.35 Breiðablik - ÍA 2001
07.55 Fylkir - Þróttur 2003
08.25 ÍBV - ÍA 2001
08.45 FH - Fram 2003
09.10 FH - ÍA 2004
09.35 Fylkir - ÍBV 2000
09.55 Breiðablik - Grindavík 2008
10.25 KR - Valur 1999
10.45 HK - Fjölnir 2008
11.05 Fylkir - ÍA 2006
11.30 FH - Keflavík 2008
12.00 KR - Fram 1997
12.25 Breiðablik - FH 2009
12.55 Valur - KR 2009
13.15 ÍA - Keflavík 2007
13.45 KR - Fylkir 2009
14.15 ÍA - KR 2003
14.40 Breiðablik - Keflavík 2001
15.05 Keflavík - KR 2008
15.30 Víkingur - Valur 2007
16.00 FH - KR 2007
16.25 Guðmundur Benediktsson
17.00 Stúkan - Uppgjörsþáttur
19.05 KF Nörd
19.50 Bayern München - Salzburg Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.55 Uppgjörsþáttur Fréttaþáttur Þjóðardeildar UEFA, Nations League.
22.45 Spænsku mörkin
23.35 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís deildar karla.
00.35 Inter - Real Madrid Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

BLACK FRIDAY

TILBOÐ GILDA MIÐVIKUDAG TIL SUNNUDAGS

SPARIÐ ALLT AÐ 50%

MINNUM Á LENGRI OPNUNARTÍMA Í ÖLLUM VERSLUNUM.
NÚ OPIÐ TIL KL. 19:00 ALLA DAGA (NEMA Á AKUREYRI).
OPIÐ TIL KL. 22:00 FÖSTUDAGINN 27.11.

SKOÐAÐU BLACK FRIDAY TILBOÐIN Í RAFRÆNA BÆKLINGNUM OKKAR!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Söngkonan Doja Cat hlaut tvenn verðlaun, önnur þeirra fyrir að vera nýliði ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Jennifer Lopez var glæsileg á sviðinu þegar hún tók lagið með kólumbíska tónlistarmanninum Maluma.

Justin Bieber tók lögin Lonely, Holy og Monster. Það síðastnefnda er nýtt lag með Justin og Shawn Mendes.


Hin eina sanna Paris Hilton lét sig að sjálfsögðu ekki vanta.

Anthony Anderson sló í gegn með þessari skemmtilegu grímu.

Glamúr og gleði í Los Angeles

Það var mikið um dýrðir á Bandarísku tónlistarverðlaununum, eða American Music Awards, sem haldin voru á mánudaginn. Engir gestir voru í salnum en margar stærstu stjörnur heims tóku lagið á sviðinu. Taylor Swift, the Weeknd, Dan + Shay og Justin Bieber voru sigurvegarar kvöldsins og hlutu þrenn verðlaun hvert.

Amerísku tónlistarverðlaunin, eða American Music Awards, voru haldin með pompi og prakt á mánudaginn í Microsoft-höllinni í Los Angeles. Leikkonan Taraji P. Hensson var kynnir verðlaunanna í ár. Það voru þau Taylor Swift, the Weeknd, dúóið Dan + Shay og Justin Bieber sem voru sigurvegarar kvöldsins og hlutu þrenn verðlaun hvert. Roddy Ricch og The Weeknd hlutu flestar tilnefningar, eða átta hvor.

Leikarinn Anthony Anderson vakti lukku með alveg einstaklega skemmtilega grímu. Engir gestir voru í salnum og spaugaði YouTube-stjarnarn David Dubrovnik með pappaspjöld af þekktustu stjörnum heims sem var komið fyrir í nokkrum sætum.

steingerdur@frettabladid.is

The Weeknd heldur áfram með þemað sem er rauði þráðurinn í myndböndunum hans síðasta árið, rauði jakkinn og sárabindið.


Megan Thee Stallion tók nýja smellinn sinn Body, en myndbandið við lagið hefur vakið usla síðustu daga.

Hin nýbakaða móðir Katy Perry kom og tók eitt lag.


Ciara kynnti The Weeknd á sviðið, í sama litrófi og söngvarinn.

Billie Eilish tók lagið Therefore I am með bróður sínum.

BLACK FRIDAY

TILBOÐ

HEITIRPOTTAR.IS

HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000

EKKI MISSA AF ÞESSU TILBOÐI

FISKRÉTTUR DAGSINS

1.890 kr/kg

2 FYRIR 1

AF FISKIBOLLUM

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1

Sími 555 2800

Black Friday

20% afsláttur af öllum vörum*

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af Simba vörum.

GILDIR Í VIKU OG VIÐ SENDUM FRÍTT

DORMA

Láttu drauminn rætast

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar um afgreiðslutíma verslana og vefverslun á

www.dorma.is



SÍMALAUS SUNNUDAGUR

15. nóvember

SIMALAUS.IS

Barnaheill

Jelena er ákaflega þakklát öllu því frábæra fólki sem kom að gerð plötunnar. „Mér finnst ég hafa dottið í lukkupottinn hérna á Íslandi og hef hitt alls konar fólk sem er rosalega skemmtilegt að vinna með.“ MYND/JULIETTE ROWLAND

Tveggja heima sýn á spákonur og ástina

Jelena Ciric kom víða við á heimskortinu áður en ástin leiddi hana til Íslands þar sem hún fann andrúm til að semja plötuna Shelters one sem markar nýtt upphaf í allavegana tvennum skilningi.

Tónlistin mín er undir áhrifum frá söngvaskáldum Kanada þar sem ég ólst upp,“ segir tónlistar- og blaðakonan Jelena Ciric og nefnir í því sambandi sérstaklega þau Joni Mitchell og Leonard Cohen.

„En einnig frá þjóðlagatónlist Serbíu. Ég ólst upp á milli tveggja heima og tónlist var alltaf mín leið til að kanna hver ég væri í raun og veru eða hvaða stað ég tilheyrði,“ segir Jelena sem syngur og spilar á píanó.

Jelena fæddist í Serbíu en ólst upp í Toronto í Kanada þangað sem fjölskylda hennar flutti þegar hún var fjögurra og hálfs árs þannig að hún segir að í gegnum tónlistina hafi hún jafnvel reynt að skapa sjálfri sér eitthvað sem hún gæti kallað „heimili“.

Djassprófessor í Mexíkó

„Ég lærði klassískan söng í háskóla og fór svo í mastersnám í Berklee College of Music, sem var nýbúinn að opna útibú í Valencia á Spáni og hitti manninn minn sem er Íslendingur en við fluttum ekki strax til Íslands,“ segir Jelena sem fékk prófessorsstöðu við háskólann Universidad Veracruzana í Mexíkó þar sem hún var deildarstjóri djasssöngdeildar í tvö ár.

„Við fluttum til Íslands árið 2016 og höfum búið hér í fjögur ár. Mér finnst það bara mjög fínt og held að ég hafi verið spenntari fyrir því að flytja hingað heldur en maðurinn minn þegar við tókum þessa ákvörðun,“ heldur Jelena áfram á ómfagurri íslensku.

> Í ÞESSARI SÖGU ER SÖGUHETJA SEM VILL TRÚA, EINS OG VIÐ FLEST, AÐ ÞAÐ SÉ AUÐVELT AÐ BREYTA LÍFINU.

Skapandi pláss

„Ég tala fimm tungumál; serbnesku, ensku, frönsku, spænsku og íslensku, og það má kannski segja að tungumál séu hin ástríðan mín á eftir tónlistinni,“ segir Jelena brosandi og ef til vill ekki furða að hún hafi í það minnsta tveggja heima sýn á tilveruna.

„Þetta var líka allt svo nýtt fyrir mér og bara æðislegt hvað það er mikið af skapandi fólki hérna. Til dæmis í tónlist og mér finnst líka æðislegt að búa á aðeins minni stað en áður,“ segir Jelena sem samhliða tónlistarsköpuninni starfar sem blaðamaður hjá Iceland Review. „Fyrir mig sem nýjan Íslending get ég varla hugsað mér betri leið en blaðamennsku til að læra um og komast inn í samfélagið. Það er skemmtilegt að vera blaðamaður vegna þess að maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.“

Tvírætt skjól

„Við bjuggum í aðeins stærri borg í Mexíkó áður en við komum hingað. Það var gaman og fullt af lífi og svona en mér fannst líka rosalega næs að koma hingað og hafa meiri ró í lífinu. Það er bara meira pláss á Íslandi og ég held að það sé svo hollt fyrir listamenn að hafa pláss,“ segir Jelena sem telur víst að skapandi hugsun eflist í slíku andrúmi.

„Ég var búin að gefa eitthvað út fyrir nokkrum árum en tónlistin þá var svolítið öðruvísi. Kannski aðeins meira serbnesk þannig að ég lít á þetta alveg sem nýja byrjun,“ segir Jelena um breiðskífuna Shelters one sem kemur út á föstudaginn.

„Titill plötunnar hefur tvær merkingar. Hvert og eitt lag er athvarf, skjól þar sem ég og hlustandinn líka, getum gengið inn og spurt spurninga eða upplifað tilfinningu í friði. Síðan lýkur laginu en lífið heldur áfram og maður er vonandi í betri stöðu til að takast á við það,“ segir Jelena og bætir við að hin merkingin felist í því að lesa úr titlinum eitthvað sem veitir einhverjum einum skjól.

Spáð í ástina og lífið

„Lögin eru mjög persónuleg og hvert og eitt snýst um tilfinningu eða upplifun sem maður fer í gegnum einn.“

Fyrsta smáskífulagið af plötunni, Lines, kom út í síðustu viku og Jelena fylgdi því strax eftir með tónlistarmyndbandi á YouTube. „Lines er eins og mörg lög úr þjóðlagahefðinni að því leyti að það segir sögu. Í þessari sögu er söguhetja sem vill trúa, eins og við flest, að það sé auðvelt að breyta lífinu. Til dæmis með því að hitta spákonu eða verða ástfangin... og þá allt í einu meiki lífið sens. Hvort ég trúi því eða ekki? Það segir sig sjálft þegar þú hlustar á lagið,“ segir Jelena mátulega dularfull. **toti@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Betra BAK

BLACK FRIDAY

ALLA VIKUNA

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

KRINGLUNNI
Reykjavík
820 6015

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
SENDUM FRÍTT

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð og ekki af vörum frá Hästens.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur

Hún hélt jól

Ég hóf prestsþjónustu mína 27 ára gömul. Ein af mínum fyrstu ljúfu skyldum var að heimsækja eldra fólk á dvalarheimili. Þar kynntist ég meðal annars aldraðri konu sem alið hafði tíu börn. Einhverju sinni er við sátum saman á aðventu og ég var að spyrja hana um jólahaldið á hennar heimili þá sagði hún mér frá því að á aðfangadegi fyrir tugum ára hefði eiginmaður hennar farið út klukkan fjögur til að moka snjó af húströppunum. Þá gerðist það að hann fékk fyrir hjartað og féll niður örendur. Ég horfði miður mín á konuna og varð að orði: Og hvað gerðir þú? Þá leit hún beint í augu mín og mælti af festu: Jóna Hrönn, ég hélt jól fyrir börnin mín.

Vitandi að eftir fáeina daga myndi hún fylgja manni sínum til grafar valdi hún að halda börnum sínum jól á heimilinu. Við eigum líf okkar og menningu að þakka svona fólki. Fólki sem hélt í vonina og lífsþrána þrátt fyrir áföll og erfiðleika.

Nú förum við inn í aðventu og jólaundirbúning þar sem margt er í óvissu. Við munum þurfa að fylgja ýmsum tilmælum og sýna ábyrgð í þágu almannahags. Kannski fáum við núna tækifæri til þess að lifa einfaldari jól þar sem við iðkum hófsemd í þágu heildarinnar. Og hver veit nema niðurstaðan verði sú að mörg börn lifi gleðilegri jól þar sem þau fá meiri athygli og tíma. Jól þar sem bókin er lesin og spilið spilað og skarkalinn minnkar. Jól þar sem setið verður kringum borðið og fjölskyldusögur eru sagðar svo að vitundin um að tilheyra og eiga samhengi verður lifandi staðreynd í barnssálinni. Einmitt þannig verður til fólk sem síðar megnar að horfa út fyrir sjálft sig í þágu heildarinnar – því þau lærðu ung að þekkja samhengi sitt og virða það.

Beint í bílinn úr lúgunni

Kvikk ON THE GO | ORKAN

VAXTALAUS AFBORGUN

Vaxtalaus afborgun af
ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

michelsen.is